

Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2015–2016



Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8,

104 Reykjavík

Sími: 551 6974

Netfang: info@leiklist.is

Veffang: leiklist.is

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ólöf Þórðardóttir

Þráinn Sigvaldason

Bernharð Arnarson

Gísli Björn Heimisson

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkarlestur:

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ólöf Þórðardóttir

Þráinn Sigvaldason

Bernharð Arnarson

Gísli Björn Heimisson

Aðstoð og ráðgjöf:

Hörður Sigurðarson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Mosfellssveitar, Mæður Íslands.

Efnisyfirlit

Leiklist, list augnabliksins	5
Aðildarfélag Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2015–2016	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga	8
Skýrslur nefnda frá aðalfundi	11
Leiklistarskólinn	11
Leiklistarvefurinn	13
Allt fyrir andann	15
Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2015	16
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna	19
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2015-16	62
Leiklistarhátíðin NoBa	64
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	66
Menningarstefna	71
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	72
Stuttverkahátíð á Seyðisfirði 6. maí 2016	85
Ársreikningur 2015	87
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	96

Leiklist, list augnabliksins

Leiklist er list augnabliksins, en um leið er leiklist allt það sem leiðir að téðu augnabliki. Bestu augnablikin eiga sér langan aðdraganda undirbúnings og samvinnu, gleðistunda sem allir þeir sem tekið hafa þátt í leiklist þekkja vel. Hvert handtak er mikilvægt og mikinn lærdóm má draga af því að taka þátt í leikhústarfi.

Mikilvægi menntunar í skapandi greinum skyldi aldrei vanmeta og hafa aðildarfélögin í sívaxandi mæli unnið að því að bjóða félögum upp á fjölbreytt leiklistarnámskeið í sinni heimasveit, auk þess sem mörg félög hafa tekið að sér leiklistarkennslu og námskeiðshald fyrir börn og ungmenni í sínu sveitarfélagi. Þannig ná félögin að kynna leiklist fyrir yngri kynslóðinni sem verður til þess að efla áhuga á leiklistarstarfi og ala þannig upp áhorfendur sem og iðkendur. Einnig hafa félög, svo dæmi sé tekið, unnið að uppbyggingu innra starfs með því að vinna markvisst að kennslu leikritunar sem hefur skilað sér í frumflutningi nýrra íslenskra verka eftir félagsmenn.



*Guðfinna Gunnarsdóttir
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga*

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í tuttugasta sinn að Húnavöllum í júnímánuði. Af þessu tilefni var fyrrverandi og núverandi skólanefndarfulltrúum boðið að heimsækja skólann og taka þátt í hátíðarkvöldverði. Skólanefndarfolk og skólastjórnendur hafa frá upphafi unnið frábært starf þar sem metnaður og vönduð vinnubrögð hafa verið í fyrirrúmi. Sérstaklega ber að nefna þær Gunnhildi Sigurðardóttur, Sigríði Karlsdóttur, Dýrleifu Jónsdóttur og Hrefnu Friðriksdóttur sem hafa sem skólastýrur gefið tíma sinn, elju og gleði í skólastarfið af mikilli óeigingirni og metnaði. Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á að ráða til starfa við skólann vel menntaða kennara, námsframboð hefur verið gríðarlega fjölbreytt og nemendur hafa fengið tækifæri til að byggja ofan á sína menntun í þrepaskiptu námi. Skólinn hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og virði. Það geta þeir vitnað um sem skólann hafa sótt, kraftinn og færnina sem í náminu og skólastarfinu felst taka nemendur með sér tilbaka inn í sitt heimafélag. Þar er mikill virðisauki sem ekki verður metinn til fjár.

Það er algjörlega nauðsynlegt og sjálfsagt að staldra við á stórafmælum sem þessum og fagna því sem gert hefur verið og jafnframt horfa fram á við. Aðalfundur Bandalagsins samþykkti í vor að halda afmælishátíð á vordögum 2017, en skólinn var fyrst formlega settur 31. maí 1997. Skólanefnd og stjórn munu leggja undir feld og skoða hvernig við höldum upp á þessi tímamót. Ég hvet ykkur til að fylgjast með og taka þátt þegar dagskrá liggur fyrir.

Til hamingju með gjöfult og skemmtlegt leikár. Leikurinn lifi! Búum til augnablik.

*Kveðja,
Guðfinna Gunnarsdóttir*

Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2015–2016

<i>Borgarbörn, Reykjavík</i>	<i>Leikfélag Seyðisfjarðar</i>
<i>Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði</i>	<i>Leikfélag Sólheima, Grímsnesi</i>
<i>Halaleikhópurinn, Reykjavík</i>	<i>Leikfélag Vestmannaeyja</i>
<i>Hugleikur, Reykjavík</i>	<i>Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn</i>
<i>Leikdeild Umf. Gnúpverja</i>	<i>Leikfélagið Baldur, Bíldudal</i>
<i>Leikfélag Austur-Eyfellinga</i>	<i>Leikfélagið Borg, Grímsnesi</i>
<i>Leikfélag Blönduóss</i>	<i>Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi</i>
<i>Leikfélag Bolungarvíkur</i>	<i>Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri</i>
<i>Leikfélag Dalvíkur</i>	<i>Leikfélagið Óríon, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Fjallabyggðar</i>	<i>Leikfélagið Peðið, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Flateyrar</i>	<i>Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi</i>
<i>Leikfélag Fjóttsdalshéraðs, Egilsstöðum</i>	<i>Leikfélagið Skrugga, Reykhólum</i>
<i>Leikfélag Hafnarfjarðar</i>	<i>Leikfélagið Sýnir, á landsvísu</i>
<i>Leikfélag Hofsóss</i>	<i>Leikflokkurinn Hvammstanga</i>
<i>Leikfélag Hornafjarðar</i>	<i>Leikhópurinn Lopi, Árborg</i>
<i>Leikfélag Hólmavíkur</i>	<i>Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði</i>
<i>Leikfélag Húsavíkur</i>	<i>Leikklúbburinn Krafla, Hrísey</i>
<i>Leikfélag Hveragerðis</i>	<i>Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði</i>
<i>Leikfélag Hörgdæla</i>	<i>Litli leikklúbburinn, Ísafirði</i>
<i>Leikfélag Keflavíkur</i>	<i>Snúður og Snælda, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Kópavogs</i>	<i>Studentaleikhúsið, Reykjavík</i>
<i>Leikfélag Mosfellssveitar</i>	<i>Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógab.</i>
<i>Leikfélag Norðfjarðar</i>	<i>Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal</i>
<i>Leikfélag Rangæinga, Hvolsvelli</i>	<i>Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal</i>
<i>Leikfélag Reyðarfjarðar</i>	<i>Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri</i>
<i>Leikfélag Sauðárkróks</i>	<i>Umf. Reykdæla, Reykholti</i>
<i>Leikfélag Selfoss</i>	<i>Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi</i>

Stjórn, starfsfólk og nefndir



*Meðstjórnandi
Bernharð Arnarson
Hörgárdal*



*Varaformaður
Ólöf Þórðardóttir
Mosfellsbæ*



*Formaður
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfossi*



*Ritari
Þráinn Sigvaldason
Hörgárdal*



*Meðstjórnandi
Gísli Björn Heimisson
Reykjavík*



*Varastjórn
Ágúst T. Magnússon
Seyðisfirði*



*Varastjórn
Salbjörg Engilbertsdóttir
Hólmavík*



*Varastjórn
Þórvör Embla Guðmundsdóttir
Borgarfirði*



*Varastjórn
Þrúður Sigurðar
Þorlákshöfn*



*Varastjórn
Ylfa Míst Helgadóttir
Bolungarvík*



*Lénsherra
Hörður Sigurðarson
Reykjavík*



*Frankvæmdastjóri
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Kópavogi*



*Afleysingar á skrifstofu
Ármann Guðmundsson
Reykjavík*



*Skólanefnd
Hrunn Ólafsdóttir
Reykjavík*



*Skólustýra
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík*



*Skólustýra
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík*



*Skólanefnd
Herdís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd
Gísli Björn Heimisson
Reykjavík*



Skýrsla stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga

Lögð fram á aðalfundi sem haldinn var í Herðubreið á Seyðisfirði 7. maí 2016

I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:
 Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður
 Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður
 Práinn Sigvaldason, Borgarfirði eystri/
 Hörgárdal, ritari
 Bernharð Arnarsson, Hörgárdal, meðstjórn-
 andi
 Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, meðstjórn-
 andi

Í varastjórn sátu:

Prúður Sigurðardóttir, Ylfa Mist Helgadóttir,
 Salbjörg Engilbertsdóttir, Ágúst T. Magnús-
 son og Embla Guðmundsdóttir.

Framkvæmdastjóri og altnuligmanneskja í
 Þjónustumiðstöð er og var sem endranær
 Vilborg Valgarðsdóttir.

Stjórn hélt fimm starfsfundi á árinu. Einn

að afloknum aðalfundi í Hörgárdal, þrjá
 í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og
 þann fimmta og síðasta hér á Seyðisfirði.
 Fjarfundarbúnaður var notaður endrum og
 sinnum með góðum árangri þegar ritari vor
 Práinn átti ekki heimangengt. Einnig hafa
 símtæki, fésbókarhópur og tölvupóstur verið
 nýtt til góðra samskipta stjórnarmanna árið
 um kring.

Ármann Guðmundsson var svo vænn að
 leysa Vilborgu af í Þjónustumiðstöð vegna
 veikinda og leyfa.

Er starfsfólki og stjórn þökkuð góð samvinna
 og vinnusemi á árinu.

II. Starfsemi félaganna

36 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn
 styrkumsóknir fyrir alls 109 leiksýningar og
 leikþætti, 17 námskeið og 38 skólanemend-
 ur fyrir leikárið 2014-2015. Fullur styrkur

reyndist vera 258.274 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú 57 talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar:

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi

Rekstur þjónustumiðstöðvar hélt áfram að vera í járnum, en Vilborg framkvæmdastjóri hefur með sinni styrku stjórn og ofurútsjónarsemi haldið vel utan um reksturinn eins og sjá má í reikningum Bandalagsins sem kynntir verða hér á eftir. Um skólann og vefinn munu fulltrúar viðkomandi nefnda fjalla í sínum skýrslum.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna

Framlag ríkisins til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 16,2 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar var framlagið 5 milj. kr. á ári samkvæmt samningi sem gildi til loka ársins 2015 og hefur enn ekki verið endurnýjaður.

Framkvæmdastjóri og formaður fóru á fund nýs fulltrúa mennta- og menningar- málaráðuneytis í okkar málaflokk í september til að kynna starfsemi Bandalagsins og fá fréttir af samningamálum. Þar var lítið að fréttu og má segja að ykkar fulltrúar hafi fengið „hland fyrir hjartað“ í heimsókninni þar sem engin staðfesting fékkst á að samningur yrði yfirhöfðuð gerður. Brá Vilborg á það ráð að knýja fram fund með ráðherra – sem hefur hingað til ekki getað hitt okkur á sínu

kjörtímabili og var hún staðfestan uppmáluð við ritaraborð ráðherra. Fundurinn fékkst og fóru framkvæmdastjóri og varaformaður á fund ráðherra í október þar sem ráðherra lofaði samningi um rekstur þjónustumiðstöðvar. Sá samningur hefur enn ekki verið gerður.

Eftir talverða óvissu í upphafi þessa árs fékkst þó það fram að þjónustumiðstöðin fengi 6 milljónir króna til rekstursins á árinu, en við biðum spennt eftir samningi til að allri óvissu verði eytt. Á sama fundi var áréttuð sú krafa að hækkun fengist á framlagið til aðildarfélaganna á næstu fjárlögum. Engin vilyrði fengust þar. Við biðum þess vegna spennt eftir fjárlagagerð haustsins.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu

Ákveðið var að vinna það með Seyðfirðingum að halda stuttverkahátíð samhliða aðalfundi og afraksturinn sáuð þið öll í gærkvöldi. Það var ekkert sérstaklega leiðinlegt.

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórn skipaði þær Guðfinnu Gunnarsdóttur, Prúði Sigurðardóttur og Ólöfu Þórðardóttur í afmælisnefnd og tóku þær saman þær hugmyndir sem fram komu á aðalfundi í Hörgárdal. Ákveðið var að efna til samkeppni um ritun afmælisstuttverka sem svo yrðu leikin um land allt á vikutímabili í nóvember. Valin voru þrjú verk sem voru sýnd og leiklesin hjá nokkrum félögum. Vissulega hefði þátttaka mátt vera betri almennt séð, en nú eru til ný verk tengd afmæli Bandalagsins og það hlýtur að vera gott.

3. Stjórn beiti sér fyrir endurskoðun á taxa höfundar- og þýðendalauna (með það fyrir augum að ná fram lækkun á gjaldi fyrir styttri verk)

Búið er að fá þessu breytt.

IV – Önnur mál

Uppfærsla Leikfélags Mosfellssveitar á Ronju Ræningjadóttur eftir Astrid Lindgren var valin Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins af valnefnd Þjóðleikhússins og var hún sýnd þrisvar fyrir fullu húsi á stóra sviði Þjóðleikhússins fyrstu helgina í júní við góðan orðstír. Í ár eru sýningarnar sautján sem valið verður á milli og mun Þjóðleikhússtjóri tilkynna um það undir borðum í Herðu–breið í kvöld.

Af erlendum vettvangi má geta þess að sýning Hugleiks, Hin einkar hörmulega ópera um grimman dauða Píramusar og Píspu, var valin til sýningar á IATA/AITA alþjóðlegu leiklistarhátíðinni í Belgíu liðið sumar. Þátttakendur í sýningunni sátu ársfund NEATA og aðalfund IATA/AITA fyrir hönd Bandalagsins.

Leikfélag Selfoss fór sumarið 2015 með sýninguna Kjánar og kynlegir kvistir til Thisted í Danmörku á leiklistarhátíðina NoBa.

Leikfélagi Hafnarfjarðar hefur verið boðið að sýna Ubba kóng á leiklistarhátíð í Austurríki í júní nk. og framundan er svo stuttverkahátíð NEATA sem haldin verður í Færeyjum í október samhliða fundi. Þar verða tvö leikfélög fulltrúar Íslands, Hugleikur og Leikfélag Hafnarfjarðar, með þrjú stuttverk.

Þakka ber okkar ötula nefndarfólki í skólanefnd og Lénsherra fyrir frábært starf nú sem endranær. Skólinn blómstrar og dafnar og aðsókn er framfar vonum. Árangurinn af skólastarfinu skilar sér margfalt til baka inn í félögin, þá vítamínsprautu og menntun skyldi enginn vanmeta. Við hlökkum til að halda upp á 20 ára afmæli skólans á næsta ári, það er alltaf gott að líta til baka til að geta svo horft til framtíðar.

Lénsherra vor er óþreytandi í að horfa fram á veginn með okkur og þó sérstaklega fyrir okkur. Nýtt rafrænt umsóknarkerfi mun örugglega gera alla umsýslu greiðari og auðveldari fyrir bæði félögin og skrifstofuna.

Stjórn þakkar ennfremur Vilborgu framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Útsjónarsemi og multitaskhæfileikum hennar eru engin takmörk sett.

Vonandi mun á þessu ári verða kominn stöðugleiki og framtíðarsýn varðandi fjárframlög ríkisins til þjónustumiðstöðvar Bandalagsins, en losaragangur og vond vinnubrögð í ráðuneyti menningarmála virðast því miður hafa haft áhrif á okkar stöðu þó svo að úr hafi ræst á síðustu stundu. Það er óþolandi að ekki sé búið að gera samning við Bandalagið um framlög til rekstursins næstu árin og gerir ekkert nema skapa óvissu og óþol, því vissulega hefur verið sagt við okkur að slíkt verði gert, það hefur bara ekki verið gert. Það má hafa ýmsar skoðanir á fjárlögum hverju sinni, en þar er gott að vera og þar vorum við áður með þjónustumiðstöðina ... og sem betur fer situr styrkurinn til aðildarfélaganna þar sem fastast þó hann mætti vissulega vera hærrí.

En hvað sem á gengur er engan bilbug á okkur að finna, því leiklistin hefur sem betur fer þann mátt að hefja sig yfir argaþras um péniga. Það má sjá á þeim krafti sem leikfélög um allt land leika meira og meira, æfa sig, skemmta hvert öðru, ala upp áhorfendur jafnt sem iðkendur, gleðja og græta og eru jafnframt frábær félagskapur.

Við leikum alltaf – aftur og aftur.

Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður.

Skýrslur nefnda frá aðalfundi



Leiklistarskólinn

Skýrsla skólanefndar.

Lögð fram á aðalfundi BÍL á Seyðisfirði 7.-8. maí 2016.

Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf Leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfólki mínu fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 19. sinn þann 6. júní 2015 að Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Það var nokkur spenna í undirbúningi skólans þar sem skipt var um rekstraraðila á staðnum á milli ára. Við bárum þá gæfu að ná góðum samningi við Gyðu Einarsdóttur, hóteltýru Hótels Húna og það er óhætt að segja að samstarfið við

hana hefði ekki getað gengið betur. Hún tók á móti okkur opnum örmum og fagnaði öllum okkar ólátum og yfirgangi.

Skólann árið 2015 sóttu alls 39 nemendur. Námskeiðin voru:

1. Leiklist II – kennari Ágústa Skúladóttir
2. Leikstjórn I – kennari Rúnar Guðbrandsson
3. Sérnámskeið fyrir leikara, Haraldurinn langspuni – kennarar Bjarni Snæbjörnsson og Dóra Jóhannsdóttir

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til mikillar ánægju með skólastarfið.

Árið 2016 verður Leiklistarskólinn settur að Húnavöllum þann 4. júní. Hann er óvenju-snemma á ferðinni þetta árið en þarna erum við fyrst og fremst að koma til móts við eindregnar óskir hótelsstjóra. Gerum við ráð fyrir að árið 2017 verði skólinn settur upb viku síðar. Í sumar er boðið upp á þrjú námskeið:

– Ágústa Skúladóttir mun kenna Leiklist I
– þar eru skráðir 13 nemendur og hægt að taka 3 í viðbót

– Rúnar Guðbrandsson mun kenna Leikstjórn II – þar eru skráðir 13 nemendur og hægt að bæta einum við

– Stephen Harper kemur frá Bretlandi og býður upp á sérnámskeið fyrir leikara með áherslu á líkamlegt leikhús, trúðaleik, grímur og fleira – þar eru skráðir 16 nemendur, námskeiðið er fullt og einhverjir á biðlista.

Þá bjóðum við höfundum að koma í heim-sókn til að vinna að skrifum og eigum von á alls 5 af þeirri sort.

Námskeiðsgjald hækkar aðeins milli ára – var kr. 89.000.- en er nú á bilinu kr. 96 – 99.000.- Þetta má auðvitað rekja til almennra verðhækkana í samfélaginu en þess verður líka að geta að nýr staðarhaldari hefur bætt aðbúnað talsvert, t.d. skipt um öll rúm o.fl. þannig að það fer mun betur um okkur.

Eins og glöggir hafa tekið eftir þá verður Leiklistarskólinn settur í 20 sinn í sumar! 20

ár!! Það á nú skilið lófatak. Af þessu tilefni verður fyrrverandi skólastýru og fyrrverandi skólanefndarfólki boðið í heimsókn í skólann í sumar. Við höfum ekki pláss til að taka á móti fyrrverandi nemendum eða öðrum velunnurum og þá viljum við satt best að segja ekki raska hefðbundnu skólastarfi um of.

Skólanefnd og stjórn Bandalagsins hafa á hinn bóginn ákveðið að leggja til að halda sérstaka 20 ára afmælishátíð og stefnan sett á mars 2017. Við hvetjum ykkur til að ræða þetta seinna í dag og fögnum öllum tillögum um fyrirkomulag og fagnaðarlæti.

Og – þetta er ekki bara í 20 sinn sem skólinn verður settur – þetta verður líka í 10 sinn sem okkur Dillu hlotnast sá heiður að stýra honum! Við hefðum auðvitað átt að nýta árið til að ákveða að hætta, hætta við að hætta og hætta við að hætta við að hætta. En vegna fjölda áskoranna – aðallega frá hvor annarri – þá erum við bara alls ekki hætta – og hvenær það verður veit nú enginn. Orð fá því ekki lýst hve glaðar við erum og þakk-látar fyrir embættið. Við ætlum að vera fastar fyrir, hlusta á fólkið, standa utan allra fylk-inga og leiða öll erfið mál til lykta! Við lofum nú samt að verða ekki ellidauðar í embættinu.

Hér lýkur þá skýrslu skólanefndar sem hlakkar til skólaársins. Takk fyrir.

Hrefna Friðriksdóttir skólastýra



Húnavallaskóli í Húnavatnshreppi



Leiklistarvefurinn

Skýrsla vefnefndar 2016.

Lögð fram á aðalfundi BÍL á Seyðisfirði 7.-8. maí 2016.

Eftirfarandi er skýrsla vefnefndar Leiklistarvefsins. Í vefnefnd sitja undirritaður og framkvæmdastjóri Bandalagsins.

Eftir að hafa hangið saman í mörg ár með sjóreknum snærisspotta, límbandi, gorminum af ónýtu handriti af Pilti og stúlku og bjargfastrí trú á hið góða í mannum, var síðastliðið vor loks ráðist í löngu tímabærar uppfærslur á Leiklistarvefnum. Nýr vefur var formlega opnaður á aðalfundi fyrir réttu ári síðan þannig að nú er komin árs reynsla á breytingarnar og við hæfi að líta aðeins um öxl. Hér verður stiklað á helstu breytingum og farið yfir hvernig til hefur tekist með einstaka liði en heilt yfir má segja að uppfærslan og breytingarnar hafi tekist vonum framar. Miðað við umfang breytinganna, þar sem m.a. var skipt um umsjónarkerfi, verður að segjast að breytingarnar hafi verið óvenju sársaukalitlar. Auðvitað voru einhverjir hnökrar en flestir voru minniháttar og yfirleitt auðleystir. Þó honum sé tíðrætt um tækniföt-

lun sína er það einnig ánægjuleg staðreynd að framkvæmdastjóri tók breytingunum eins og fiskur vatni og hefur verið eldfliótur að tileinka sér nýtt kerfi og nýjar vinnuáðferðir.

Eins og áður sagði skiptum við úr hinu aldna Joomla-kerfi sem var farið að há okkur illilega í viðhaldi auk þess að vera sístækkandi öryggishola. Við skiptum yfir í WordPress sem er að öllu leyti nútímalegra, öruggara og einfaldara í notkun enda er langhraðasti vöxturinn í því af vefumsjónarkerfum í dag. Í gegnum WordPress höfum við t.d. aðgang að gríðarlega stórum markaði viðbóta sem leysa ýmis sértæk mál á einfaldan, ódýran og það sem mestu máli skiptir, öruggan hátt. Ekki þarf lengur að bíða milli vonar og ótta þó einhverju sé bætt við vefinn eða hann uppfærður, heldur er hægt að treysta því að jafnvel þó breytingar og uppfærslur virki ekki fullkomlega muni þær a.m.k. ekki taka allt kerfið niður með sér eins og var stöðug áhætta á gamla vefnum.

Það var sem sé algerlega nýtt kerfi sem tekið var formlega í notkun á aðalfundi í Hörgárdal í fyrra. Ekki aðeins voru innviðir og undirstöður splunkunýjar heldur var einnig ráðist í nýtt útlit og notendaviðmót. Aðalheiðurinn af því á sérlegur vinur Bandalagsins, Einar Þór hjá fyrirtækinu HugsaSér. HugsaSér hefur jafnframt séð um hýsingu á vefnum um margra ára skeið en sú breyting varð þó á síðasta ári að þeir hættu sem milliliðir hýsingarþjónustu sem er eftir sem áður hjá hýsingarfyrirtækinu 1984.is.

Ein af stærri breytingum síðastliðið vor var opnun Leikhúsbúðarinnar á vefnum. Við tókum sem sé í notkun svokallaða WooCommerce viðbót sem er verslunarkerfi fyrir vefi. Nú eru nánast allar vörur búðarinnar komnar á vefinn með öllum nauðsynlegum upplýsingum og var það helsta markmiðið. Nú er hægt að fá meiri og betri upplýsingar um vörurnar án þess að þurfi að hafa samband við Þjónustumiðstöð og fylgir því eflaust einhver tímasparnaður. Þó ekki hafi það verið aðaltilgangurinn, býður WooCommerce einnig upp á pantanir á vef, sem hægt er að sækja eða láta senda í póstkröfu. Á því ári sem liðið er síðan vefverslunin var opnuð hefur u.þ.b. 7-8% heildarsölu Leikhúsbúðarinnar farið fram í gegnum pantanir á vefnum. Framkvæmdastjóri upplýsir væntanlega betur um sína reynslu af vefversluninni.

Kostirnir við uppfærsluna eru fleiri en svo að hægt sé að telja alla upp. Sem dæmi um má þó benda á Vikupóstinn frá Þjónustumiðstöðinni. Þjónustumiðstöðin hefur í mörg ár sent út póst með fréttum af vefnum frá liðinni viku. Var það fastur liður í vinnu starfsmanns að setja saman fréttabréfið á föstudögum og senda út. Gera má ráð fyrir að 15-25 mínútur hafi farið í að taka saman fréttirnar og senda út og fastur liður var að útsendingin stoppaði vegna þess að pósthjónar töldu að um ruslpóst væri að ræða og iðullega þurfti Lénsherra að koma til skjalanna að leysa úr málinu. Nýi vefurinn ásamt annarri tækni gerir það hinsvegar að

verkem að Vikupósturinn er nú sendur út sjálfvirkt kl. 16.00 á hverjum föstudegi með fréttum liðinnar viku án þess að mannshöndin komi þar neitt við sögu. Mínúturnar sem þannig sparast safnast fjótt upp.

Í síðustu skýrslu vefnefndar voru viðraðar vonir um að hægt yrði að koma umsóknum vegna ríkisstyrksins á stafrænt form á vefnum, ef og þegar aurar fyndust til þess. Á þeim tíma leit út fyrir að kaupa þyrfti utanaðkomandi vinnu til verkefnisins og kostnaður það mikill að ekki leit út fyrir að neitt yrði úr verkinu næstu misserin a.m.k. Lénsherra lagðist í rannsóknir síðastliðið sumar og er leið að hausti kom í ljós að hægt yrði, með umtalsverðri vinnu þó, að framkvæma verkið innanhúss. Haustið fór í að setja upp prótótýpu sem var tilbúin til prófana eftir áramót. Þrír prófarar voru fengnir til aðstoðar Lénsherra og framkvæmdastjóra við leita uppi villur. Vefnefnd kann þeim Gísla Birni, Ella og Magnþóru bestu þakkir fyrir þeirra framlag við að sníða helstu vankanta af kerfinu og einnig formanni Bandalagsins sem kom með þarfar ábendingar.

Kerfið nýtist þó ekki eingöngu við styrkumsóknirnar heldur hefur það einnig verið nýtt við umsóknir vegna Athyglisverðustu áhuga-leiksýningar ársins og einnig fyrir umsóknir vegna Stuttverkahátíðar NEATA á komandi hausti. Þau félög sem ekki hafa enn fengið aðgang eru hvött til að sækja um sem fyrst og einnig eru félögin öll hvött til að senda inn umsóknir eins fljótt og auðið er en ekki bíða fram á síðustu stundu.

Stjórn ákvað að umsóknakerfið yrði fjármagnað með 10 þús. króna eingreiðslu félaganna. Var ákveðið að greiðslan yrði valkvæð á yfirstandandi leikári en frá og með því næsta verður ekki lengur boðið upp á að skila umsóknum á pappírformi. Umsóknakerfið er nú þegar komið í fulla notkun og þegar þetta er ritað hafa 23 félög fengið aðgang að kerfinu. Eitthvað hefur borið á erfiðleikum hjá sumum við innskráningu og er þar í langflestum tilvikum

um að kenna að upplýsingapóstur vegna kerfisins hefur ekki verið lesinn nógu vandlega af notendum. Í ljósi þess hvernig gengið hefur fram til þessa eru Lénsherra og framkvæmdastjóri undir það búin að einhver vandamál komi upp þegar nær dregur skiladegi vegna styrkumsókna enda er það umsóknaform margfalt stærra í sniðum og flóknara en hin.

Ýmislegt fleira jákvætt væri hægt að telja upp um uppfærsluna á Leiklistarvefnum en læt ég nægja að endurtaka það að heilt yfir hefur uppfærslan gengið ótrúlega vel. Vefurinn hefur verið að þróast undanfarið ár og mun gera það áfram. Allar góðar ábendingar og hugmyndir varðandi hann eru vel þegnar. Ekki er þó hægt að flytja

svona skýrslu án þess að vera með mýsing yfir einhverju. Lénsherra ber ásamt framkvæmdastjóra vissulega ábyrgð á að Leiklistarvefurinn virki sem skyldi en það hefur ekki verið eins áberandi að tölvukostur Þjónustumiðstöðvar hefur einnig verið í hans umsjá. Vert að benda á að tölvubúnaður Þjónustumiðstöðvar er að allnokkrum hluta kominn vel yfir eðlilegan afskriftatíma og þó tölvukerfið standi sína plikt með virktum og ekki hafi þurft að sinna miklu viðhaldi eru má búast við að bregðast þurfi við því á næstu misserum.

Lýkur svo skýrslu Vefnefndar.

F.h. vefnefndar, Hörður Sigurðarson, Lénsherra

Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En látteins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin í maganum,
hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inní mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inní mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2015

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 19. sinn þann 6. júní 2015 að Húnavöllum í Húnavatns-hreppi og honum slitið sunnudaginn 14. júní. Skólann árið 2015 sóttu alls 39 nemendur.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist II – kennari Ágústa Skúladóttir.
2. Leikstjórn I – kennari Rúnar Guðbrandsson.
3. Sérnámskeið fyrir leikara – Haraldurinn langspuni – kennarar Bjarni Snæbjörnsson og Dóra Jóhannsdóttur

Auk kennara og nemenda voru þær skólastýrur Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir á staðnum allan tíman og héldu utan um starfsemina eins og þeim einum er lagið.

Textinn hér á eftir er úr kynningarbæklingi skólans.



Hrefna Friðriksdóttir



Dýrleif Jónsdóttir

Leiklist II, grunnnámskeið – Kennari Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikara ætlað þeim sem hafa sótt Leiklist I. Þeir ganga fyrir sem ekki hafa áður sótt Leiklist II.

Námskeiðið byggir á þeim grundvallarpáttum sem voru uppistaðan á Leiklist I; útgeislun og léttleika leikarans, samspieli við meðleikara og áhorfendur og samvinnu í hópi, en að þessu sinni verður gengið lengra í að rannsaka þá umbreytingu sem á sér stað þegar unnið er með sama leiktextann í mismunandi leikstílum.

Pátttakendur munu fá sendar fyrirfram tveggja manna senur úr klassískum leikritum (Shakespeare/Chekov, nánar tilkynnt síðar), sem þeir þurfa að kunna utanbókar en HLUTLAUST áður en skóli hefst. Síðan munum við kanna hvaða áhrif mismunandi stíll hefur á merkingu og innihald hvernar senu. Hvað gerist þegar sena er leikin dramatískt? Eða tragíkómískt? Melódramatískt? Hvernig fara tveir búffonar með senuna? Eða tveir trúðar? Einnig verður litið á hvernig kórinn, þ.e. allir hinir, geta mynd- og hljóðskreytt leiksenuna, hvernig virkar hún best? Með einum söngvara, þremur eða stórum hópi?

Eins og fyrr byggist þetta námskeið á mikilli virkni allra þátttakanda sem þora að taka áhættu, prófa og mistakast, prófa og takast og vera stöðugt á tánum!




Rúnar Guðbrandsson



Ágústa Skúladóttir



Dóra Jóhannsdóttir



Bjarni Snæbjörnsson

Leikstjórn I, grunnnámskeið – Kennari Rúnar Guðbrandsson

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikstjóra. Þeir ganga fyrir sem ekki hafa áður sótt Leikstjórn I.

Á námskeiðinu verður fjallað nokkuð almennt um starf leikstjórans, – hvert er hlutverk hans og hvernig leysir hann það?

Hugað verður að undirbúningi leikstjórans, greiningarvinnu og skipulagningu áður en æfingar hefjast, en líka því verki sem fram fer á æfingatímanum með leikurum og öðrum aðstandendum.

Námskeiðið verður því hvoru tveggja fræðilegt og verklegt.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send verk til skoðunar og þau síðan lögð til grundvallar vinnunnar á Húnavöllum. Kennari mun einnig senda þátttakendum verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist. Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, o.s.frv.

Leiklist, sérnámskeið – Kennarar Dóra Jóhannsdóttir og Bjarni Snæbjörnsson

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leiklist I og II eða sambærileg námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Á námskeiðinu verður farið í undirstöðuatriði Long-Form Improv eða langspuna. Sérstök áhersla verður á þekktasta form aðferðarinnar sem kallast „The Harold“ eða Haraldurinn.

Nemendur læra aðferðir og strúktúra til að geta búið til hálf tíma gamansýningu á staðnum út frá einu orði. Þeir læra hvernig á að búa til myndar senur og karaktera án þess að reyna að vera myndin. Í leiðinni þjálfast nemendur í ýmsum tækniatriðum sem nýtast í allri skapandi vinnu og samvinnu.

Allt snýst um að hlusta, taka áhættu, vera í núinu, styðja aðra, gefa, bregðast við, byggja saman hugmyndir og vera jákvæður.

Sannleikurinn er myndastur ...

Nemendur Ágústu

Almar Blær Sigurjónsson
 Askur Kristjánsson
 Bára Einarsdóttir
 Fjölur Gíslason
 Hafþór Agnar Unnarsson
 María Björt Ármannsdóttir
 Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
 Óskar Þór Hauksson
 Rakel Ýr Stefánsdóttir
 Sigurveig Mjöll Tómasdóttir
 Stefanía E. Hallbjörnsdóttir

Nemendur Rúnars

Aðalsteinn Jóhannsson
 Árný Leifsdóttir
 Bernharð Arnarson
 Björgúlfur Egill Pálsson
 Elva Dögg Gunnarsdóttir
 Guðný Hildur Magnúsdóttir
 Helga Björk Pálsdóttir
 Helga Ósk Snædal
 Jónheiður Ísleifsdóttir
 Magnþóra Kristjánsdóttir
 Ólafur Þórðarson
 Pétur Már Guðjónsson
 Sigrún Tryggvadóttir
 Stefán H. Jóhannesson
 Úlfhildur Örnólfsdóttir
 Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Nemendur Dóru og Bjarna

Ármann Guðmundsson
 Árni Pétur Guðjónsson
 F. Elli Hafliðason
 Fanney Valsdóttir
 Gísli Björn Heimisson
 Guðfinna Gunnarsdóttir
 Guðlaug Björk Eiríksdóttir
 Halldór Magnússon
 Sigríður Bára Steinþórsdóttir
 Sigríður Hafsteinsdóttir
 Ylfa Mist Helgadóttir
 Þórunn Guðmundsdóttir



Allur hópurinn sparíklæddur fyrir lokakvöldverðinn

Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna



Borgarbörn

Ferðin til Jólalandsins

Höfundur: Erla Ruth Harðardóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Karen Ýr Jóelsdóttir
 Leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir
 Þátttakendur: 18
 Sýningarfjöldi: 17
 Áhorfendur: 1394

Skýrsla stjórnar 2015-2016:

Stjórn skipa: Erla Ruth Harðardóttir formaður, Ragnheiður Hall gjaldkeri, Steinunn Hall ritari, Elfar Elí Schweitz Jakobsson meðstjórnandi og Marólína G. Erlendsdóttir meðstjórnandi.

Borgarbörn, barna- og unglíngaleikhús setti upp sitt árlega jólaleikrit. Þetta var tíunda árið sem jólaleikrit er sett upp á vegum leikhússins. Árlega setur leikhúsið upp eitt til tvö verk, síðastliðin ár þó aðeins eitt.

Söngleikurinn „Ferðin til Jólaandans“ eftir Erlu Ruth Harðardóttur, Karen Ýr Jóelsdóttur og Elísu Sif Hermannsdóttur var frumsýndur 29. nóvember 2015 í Iðnó. Hingað til hefur handrit verið skrifað af Erlu Ruth en þetta árið voru þær Karen

Ýr og Elísa Sif með í hugmyndavinnu og skrifum. Mjög skemmtilegt ferli fyrir alla aðila. Erla Ruth sá einnig um leikstjórn og átti hugmynd að búningum og leikmynd með aðstoð Karenar og Elísu. Átján leikarar tóku þátt og við höldum okkur við verklag síðasta árs, þ.e. að vera með einfalt „kast“. Sýningar urðu 17 og voru mjög vel sóttar ásamt því að hljóta góðar móttökur áhorfenda. Elísa Sif Hermannsdóttir og Karen Ýr Jóelsdóttir báru hitann og þungan af hljóð- og ljósa-stjórn, báðar eru þær reyndir Borgarbarna-meðlimir og unnu sín störf með mestu þryði. Viktor Pétur Finnsson, sem fór með burðarhlutverk í söngleiknum „Mamma Gjú?“ frá síðasta ári, bættist í hóp ljósa- og hljóðstjórnenda og stóð sig vel. Hljóðmynd sá Ragnheiður Hall um og Rebekka Sif Stefánsdóttir tók að sér söngstjórnina líkt og síðustu ár. Þær Katrín Ásta Jóhannsdóttir og Elísabet Inga Sigurðardóttir, fyrrum Borgarbarnameðlimir voru danshöfundar, en þær voru einnig danshöfundar í „Jólaævintýrinu“ 2012.

Mikil ánægja var meðal stjórnarmeðlima og meðlima Borgarbarna þegar kom í ljós að leikrit Borgarbarna halda áfram að vera ofarlega á listanum yfir mest sóttu áhugaleikisýningar landsins. Sáum ekki betur en að „Mamma Gjú?“ hefði verið

í öðru sæti 2014. „Jólanótt Viktoríu“ var í 2. sæti 2013, „Jólaævintýrið“ skipaði 1. sæti 2012. Vorum í 2. sæti 2011 með „Óværuengla“ og 4. sæti 2010 með „Leikfangalíf“. Alltaf ánægjulegt að sjá árangur erfiðis síns og að almenningur kunni að meta það sem við höfum fram að færa. Sérstaklega þar sem allt er þetta frumsamið efni sem keppir við t.a.m. Astrid Lindgren og fleiri mæta leikrita-höfunda



Leitin að Jólalandinu

Haustið 2015 vorum við formlega beðin um að vera þátttakendur í tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar, þar sem nemendum í nokkrum skólum var boðið í Listbúðir. Um var að ræða fjölbreyttar búðir t.a.m. myndlist, dans, leiklist, forritun o.fl. Borgarbörn voru með leiklistarlistbúðir fyrir þrjá bekki í Vesturbæjarskóla. Æfingar og kennsla fór fram í Iðnó fyrir hádegi. Fjögurra daga vinna með hvern bekk, þrjár klukkustundir í senn, sem endaði með sýningu á sviðinu í Iðnó þar sem hver bekkur um sig sýndi tvö leikrit sem innihélt einnig lag og dans.



Ein

Foreldrum var að sjálfsögðu boðið á sýningar barnanna sinna og mældist verkefnið afar vel fyrir bæði hjá aðstandendum sem og kennurum og skólustjóra Vestur-bæjarskóla. Virkilega skemmtilegt verkefni. Kennarar Listbúðanna voru þau Auður Bergdís Snorradóttir, Ásgrímur Geir Logason og Erla Ruth Harðardóttir.

Eins og fram hefur komið hér á undan, var um tíunda starfsár Borgarbarna að ræða. Fyrstu tvö árin störfuðum við með Borgarleikhúsinu, en eftir það urðu Borgarbörn formlegt áhugaleikhús fyrir börn og unglunga og meðlimir í okkar ágæta BÍL. Hingað til höfum við alfarið einbeitt okkur að leikritum/söngleikjum fyri börn og unglunga og uppsetningum í leikhúsum. Í september 2015 langaði okkur að stíga nýtt skref og vinna með ákveðin hóp meðlima leikhússins í kvikmyndagerð. Ólafur Sk. Þorvaldz var ráðinn til þess verks. Honum til aðstoðar var Ása María Guðbrandsdóttir. Fjórtán krakkar á aldrinum 15-16 ára skrifuðu, undir handleiðslu Ólafs, handrit að stuttmyndinni EIN. Þau áttu þannig hlut að máli með að skapa sinn eigin karakter í myndinni, frá grunni.



Húsið

Einnig lærðu þátttakendur að meðhöndla þau tæki sem þarf til að vinna kvikmynd. Þetta er að sjálfsögðu annað og gjörólíkt listform en sviðslistin, en jafnframt kjörið tækifæri til að læra ný vinnubrögð í listgrein sem tekur sífelldum breytingum. Þátttakendur í Kvikmyndasmiðju Borgarbarna fóru síðan í stúdíó til Mána Svavarsónar þar sem tekin var upp allur sá söngur sem fluttur er í myndinni, sungin af leikurunum

sjálfum. Ragnheiður Hall sá um að þjálfa þann söng. Stuttmyndin EIN var frumsýnd í sal 3 í Háskólabíói 4. desember 2015. Skemmst er frá því að segja að ánægjan með afurðina var slík að strax var ákveðið að halda áfram með þessa nýju smiðju okkar. Þrettán meðlimir Borgarbarna á aldrinum 14-16 ára (ekki þeir sömu og síðast) hófu sköpun með sama hætti á næsta verkefni og úr varð stuttmyndin HÚSIÐ. Ólafur Sk. Þorvaldz var enn við stjórn. Honum til aðstoðar var Elísabet Inga Sigurðardóttir og Ragnheiður Hall sá um söngþjálfun á lögum sem flutt voru, enn og aftur af leikurum myndarinnar. HÚSIÐ var frumsýnt 21. apríl 2016. Það er alltaf ánægjulegt þegar vel tekst til og nýjungar gefa oft góðan kraft. Kvikmyndasmiðja Borgarbarna er komin til að vera!

*F.h. stjórnar Borgarbarna,
barna- og unglingleikhúss
Erla Ruth Harðardóttir formaður*

Freyvangsleikhúsið

Klaufar og kóngsdætur

Höfundur: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson
Þátttakendur: 45
Sýningarfjöldi: 16
Áhorfendur: 877

Saumastofan

Höfundur: Kjartan Ragnarsson
Leikstjóri: Skúli Gautason
Þátttakendur: 35
Sýningarfjöldi: 15
Áhorfendur: 1286

Ársskýrsla Freyvangsleikhússins 2015 til 2016:
Árið hjá Freyvangsleikhúsinu er búið að vera viðburðaríkt sem er gaman að segja frá. Á síðasta aðalfundi bættust ný andlit í stjórn og aðrir fóru með miklum söknuði og vonumst við sjá þau aftur bæði í leik og starfi.

Stjórn skipa árið 2016:
Anna María Hjálmarsdóttir, formaður
Haukur Guðjonsson, varaformaður
Steingrímur Magnússon, gjaldkeri
Úlfhildur Örnólfsdóttir, ritari
Haraldur Þór Egilsson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Einar Ingi Hermannsson
Inga María Ellertsdóttir
Ragnar Bollason.



Klaufar og kóngsdætur

Fráfarandi stjórn ákvað að setja á svið leikritið Klaufa og kóngsdætur eftir þá prýðispilta Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Ármann var jafnframt fenginn til að leikstýra verkinu í Freyvangi. Eins og alltaf hjá okkur er hópurinn góð blanda af fólki á öllum aldri, reynsluboltum sem og minna vönum, yngra fólkið fær að vaxa og dafna sem leikarar framtíðarinnar undir handleiðslu þeirra sem vanari eru. Sviðmyndin reis sem hin fegursta höll, ljósin léku við sviðið og alla sem á því voru, búnningar voru saumaðir og hannaðir eins og enginn væri morgundagurinn. Leikmunir fengu nýjar hendur að leika við og tónlistin í verkinu fylgdi manni heim að dyrum. Allir lögðu sig fram um að gera Klaufa og kóngsdætur að hinni skemmtilegustu sýningu. Þótt um fjölskylduleikrit væri að ræða spilaði það á stóran part tilfinningaskalans. Ekkert af þessu hefði orðið nema fyrir tilstuðlan ótrúlegs fjölda fólks sem koma að þessu á einn eða annan hátt og gaf verkinu ómældan tíma, orku og hug.

Tónlistarstjóri: Skúli Gautason
Dans og sviðshreyfingar: Katrín M. Haraldsdóttir
Leikmynd: Þorsteinn Gíslason
Ljós: Sigurvald Helgason
Búningar: Jónborg Sigurðardóttir
Hár og förðun: Heiðís Austfjörð

Fjöldi sýninga var 16 og sóttu 877 gestir sýningararnar.

Ekki stóð til að setja upp fleiri leikverk á leikárinu. Við ætluðum að vera róleg eftir áramótin, standa fyrir námskeiðum og fleiri uppbyggjandi verkum. En leikhúsdraugurinn heltekur alla sem hann snertir. Áhuginn og krafturinn var það mikill að við héldum af stað í annan leikhúisleiðangur nú með Skúla Gautasyni, góðkunningja Freyvangsleikhússins. Nokkur skemmtileg handrit komu til greina og við féllum öll fyrir Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarson enda stórskemmtilegt verk með öllu því sem prýðir gott leikrit, já og skemmtilegri tónlist og söngvum. Okkur fannst líka verkið fanga tíðaranda líðandi stundar, eiginlega því miður. Þá var leitað til Helgu Kvam um tónlistarstjórn sem setti saman skemmtilega fimm manna hljómsveit og útsetti lög Kjartans fyrir hópinn. Þó var eitt örlítið atriði sem þurfti að leysa fyrir frumsýningu. Við vorum á götunni. Ekki að leikfélaginu hafi verið vísað á dyr. Nei en við höfðum, í samráði við Eyjafjarðarsveit, lánað Freyvang ungu og áhugasömu leiklistarfólki úr Verkmenntaskólanum á Akureyri sem vantaði leikhús. Þá þurfti að finna nýtt æfingarhúsnæði og halda vel á spöðunum svo hægt væri að frumsýna í mars með leikmynd og öllu tilheyrandi. Skúli leikstjóri var svo elskulegur að leggja til eigið æfingarhúsnæði í Hlöðunni heima hjá sér. Þegar leikrýmið var farið að þrengja að sköpunarkraftinum opnuðust dyr Sjallans.



Klaufar og kóngsdætur

Við fengum Freyvang tæplega viku fyrir frumsýningu og þar voru kraftar okkar sameinaðir. Leikarar, hljóðfæraleikarar, stjórn leikfélagsins og aðrir velunnarar komu þessu á fjalirnar á undra- verðum tíma. Leikmynd Þorsteins Gíslasonar var forsmíðuð úti á smíðaverkstæði leikfélagsins fram í Freyvangi og komið haganlega fyrir á sviðinu

tæpri viku fyrir frumsýningu með tilheyrandi leikmunum. Anna Bryndís Sigurðardóttir var vakin og sofin í búninga- og útlitshönnun og Katrín Mist Haraldsdóttir steig ekki feilspar í hönnun sviðshreifinga. Leikhópurinn og tónlistarfólk tók þessu brólti af stóiskri ró. Allir lögðust á eitt að láta hlutina ganga þó að aðstæður hefðu verið óvenjulegar.

Tónlistarstjóri: Helga Kvam

Búningar: Anna Bryndís Sigurðardóttir

Leikmynd og hljóð: Þorsteinn Gíslason

Ljósamaður: Stefán Jón Pétursson

Dans og sviðshreifingar: Katrín M. Haraldsdóttir

Hár og förðun: Heiðdís Austfjörð

Leikmunir: Rósa Rúnarsdóttir

Hljóðfæraleikur: Bergsteinn Þórsson, kontrabassi

Hannes Örn Blandon, slagverk

Reynir Schiöth, píanó

Steinunn Petra Guðmundsdóttir, saxófónn og

blásturhljóðfæri

Þuríður Jóna Schiöth, harmonika

Fjöldi sýninga var 15 og sóttu 1286 manns sýningarnar.

Bandalagsþingið á Seyðisfirði sótti Anna María Hjálmarsdóttir.

Fjórir félagar sóttu Leiklistarskóla Bandalagsins og héldu þau af stað í blíðskaparverði og sameinuð í bíl full eftirvæntingar og með slatta af kvíða. Úlfhildur reyndi að róa okkur nýliðana og tókst það því engin strauk úr lestinni. Lærðum við heilan helling enda mjög gott fólk sem stendur að þessum skóla og bíðum við spennu eftir komandi sumri að mæta aftur. Erfitt var að kveðja og fara og laumuðust nokkur tár niður hvarma.

Anna María Hjálmarsdóttir Leiklist I

Hafdís Eygló Jónsdóttir Leiklist I

Ragnar Bollason Leiklist I

Úlfhildur Örnólfsdóttir Leikstjórn II

Við vorum beðin um að vera með brot úr Saumastofunni á Handverkshátíðinni á Hrafnagili og kom hópurinn saman og rifjaði upp lögina ásamt hljómsveit við mikinn fögnuð okkar sem og gesta á Handverkshátíðinni.

*Með bestu kveðjum að norðan,
Anna María Hjálmarsdóttir, formaður*

Halaleikhópurinn

Stræti

Höfundur: Jim Cartwright
 Þýðandi: Árni Ibsen
 Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason
 Þátttakendur: 35
 Sýningarfjöldi: 6
 Áhorfendur: 191

Sagan af Joey og Clark

Höfundur: Jim Cartwright
 Þýðandi: Árni Ibsen
 Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 5
 Áhorfendur: 96

Skýrsla stjórnar:

Í stjórn eru:

Formaður: Vilhjálmur Guðjónsson
 Varaformaður: Stefánía Björk Björnsdóttir
 Gjaldkeri: Ólöf I. Davíðsdóttir
 Ritari: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir
 Meðstjórnandi: Margret Guttormsdóttir
 Varamenn: Ása Hildur Guðjónsdóttir, Fredrike Hasselmann, Jón Eiríksson

27 stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu, auk framkvæmdafunda um undirbúning að leikverkum vetrarins. Jafnframt hafði stjórn samskipti gegnum netið.

Fréttabréf voru 5. Í félagið gengu 4 nýjir félagar. Látinir félagar eru engir. Úr félaginu gengu 7 félagar. Af félagsskrá voru teknir 28 vegna vangoldinna félagsgjalda. Í félaginu eru 47 fullgildir félagar, þar af tveir heiðursfélagar.

Aðalsýning ársins var Stræti eftir Jim Cartwright í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar sem einnig útbjó nýja leikgerð. Leikverkinu var skipt upp í tvo hluta, Stræti og Sögunni af Joey og Clark, en verkefni vetrarins í þrjá hluta. Nokkur eintöl voru sýnd sérstaklega á æfingaferlinu undir nafninu Eintöl - Innlit í Stræti á þremur sýningum. Sýningar Strætis voru 6. Sagan af Joey og Clark sem sjálfstæður hluti Strætis var sýnt 5 sinnum.

Nokkrir Halar sóttu aðalfund BÍL sem haldinn var

á Seyðisfirði, dagana 6-8. maí. Á vegum stjórnar fóru: Stefánía Björk Björnsdóttir, Margret Guttormsdóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir. Gunnar „Neddi“ Gunnarsson sótti einnig á þingið. Þar að auki tók Snorri Emilsson (frá Leikfélagi Seyðisfjarðar) ásamt Margreti þátt í einþáttungahátíð BÍL. Þau fluttu eintöl sín úr Stræti (Skinnið og Molly) á einþáttungahátíð sem haldin var í tengslum við aðalfundinn þann 6. maí.



Stræti – Sagan af Joey og Clark

Andyri Halans var málað og fékk andlitslyftingu. Páll Guðjónsson gerði nýja heimasíðu fyrir Halaleikhópinn og kunnum við honum bestu þakkar fyrir. Vinnustofa í sagnalist var haldin á vormánuðum og var stjórnandi Ólöf I. Davíðsdóttir. Spilakvöld voru tvö og voru þau undir stjórn Margretar Guttormsdóttir og Stefaníu B. Björnsdóttir.

Haladagar voru haldnir í Krika við Elliðavatn þann 13. júní og 18. júlí. Félagar skemmtu sér við leiklestur, spjall og borðspil. Auðvitað var grillið dregið fram. Spunaskemmtunin Brúðkaup var haldin í september.

Sjaldan hefur starfsemi Halaleikhópsins verið virkari og vill stjórn þakka félagsmönnum ásamt öðrum sem komu að starfinu, fyrir þátttökuna í verkefnum leikhópsins. Án þátttöku þeirra væri ekki hægt að halda úti svona öflugum starfi. Hver hlekkur í keðjunni er mikilvægur. Að lokum vill stjórn bjóða nýja nýja félagsmenn velkomna.

Fyrir hönd stjórnar,
 Vilhjálmur Jón Guðjónsson, formaður

Hugleikur**Svikamylla**

Höfundur: Ásta Elínardóttir
Leikstjóri: Ásta Elínardóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 80

Skrímlið

Höfundur: Ásta Gísladóttir
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir
Þátttakendur: 4
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 80

Möguleg svik Geirmundar við föngulegu konuna Kötlu

Höfundur: Júlía Hannam
Leikstjóri: Adam Murtooma
Þátttakendur: 4
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 80

Umvafin englum

Höfundur: María Björt Ármannsdóttir
Leikstjóri: Björgúlfur Egill Pálsson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 80

Örlagaríkt síðdegi

Höfundur: Magnús Teitsson, Orri Ingþórsson
Leikstjóri: Hjörvar Pétursson
Þátttakendur: 4
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 80

Á ég að gæta systur minnar?

Höfundur: Elva Dögg Gunnarsdóttir
Leikstjóri: Dýrleif Jónsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 80

Vöflur með rjóma

Höfundur: María Björt Ármannsdóttir
Leikstjóri: Ásta Elínardóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendur: 80

Feigð

Höfundur: Ármann Guðmundsson
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson
Þátttakendur: 15
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendur: 343

Formannsskýrsla Hugleiks leikárið 2015-2016:
Í stjórn Hugleiks leikárið 2015-2016 sátu Ásta Gísladóttir formaður, Nanna Vilhelmsdóttir varaformaður, Ninna Karla Katrínardóttir gjaldkeri, Sigríður Bára Steinþórsdóttir ritari og Dýrleif Jónsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu þau Guðrún Eysteinsdóttir, María Björt Ármannsdóttir og Óskar Þór Hauksson. Í mars hætti Ninna sem gjaldkeri og Guðrún tók við. Stjórnin fundaði alls tólf sinnum á leikárinu og þakka ég henni kærlega fyrir góð störf.



Feigð

Ákveðið var um haustið að leggja áherslu á höfundastarfið og hófst leikárið strax í september þegar haldið var leikritunarnámskeið undir stjórn Karls Ágústs Úlfssonar. Var það vel sótt og ótal nýjir höfundar stigu þar sín fyrstu skref. Einnig voru haldnir höfundarfundir undir stjórn Maríu Bjartar Ármannsdóttur höfundahópsstjóra, sem og höfundasmiðjufundir þar sem skrifuð voru

verk fyrir stuttverkadagskrár. Einn slíkur fundur var haldinn fyrir stuttverkadagskrá sem haldin var í nóvember í kringum þemað „svik“ og hlaut nafnið „Et tu, Hugleikur?“ Voru þar sýndir alls sjö nýir þætti sem flestir höfðu orðið til á nám-skeiðinu eða verið unnir áfram í höfundasmiðju. Önnur höfundasmiðja var haldin í desember og lögð drög að jólabáttum framtíðarinnar. Reynt var að henda í aðra stuttverkadagskrá í lok febrúar en ekki tókst að manna nógu marga þætti til að úr yrði dagskrá. Eftir standa a.m.k. tveir fullæfðir þættir sem bíða betri tíma.



Örlogaríkt síðdegi

Erfiðlega gekk að finna aðalverkefni vetrarins og eftir nokkur þjófstört var ákveðið að taka til sýninga splattersöngleikinn Feigð eftir Ármann Guðmundsson. Ármann var einnig fenginn til að leikstýra sýningunni. Fimmtán fantagóðir leikarar og tónlistarmenn og -konur frumsýndu svo verkið 20. apríl í Kartöflugeymslunni í Ártúnsbrekku sem Hugleikur hafði tekið á leigu. Sýningin hlaut mjög góða dóma og var í alla staði hin fagmann-legasta.

Á meðan á þessu öllu stóð tók leikfélagið sig til og seldi húsnæði sitt við Eyjarslóð. Þessi sala hafði átt sér langan aðdraganda en skortur á almennilegu leikrými í borginni og hár rekstrarkostnaður af æfinga- og geymslurými sem ekki var hægt að breyta í leikhús með góðu móti gerði það að verkum Hugleikarar höfðu verið á höttunum eftir hentugra húsnæði í mörg ár. Húsið var selt á 32 milljónir í mars og verður afhent nú í júní. Ennþá leitum við að nýju húsnæði og búast má við að sú leit taki töluverðan tíma. Á meðan verðum við að finna bráðabirgðalausnir en vonandi spörum við einhvern rekstrarkostnað í leiðinni. Leitað hefur

verið til Reykjavíkurborgar eftir aðstoð við húsnæðisleitina en ennþá hefur borgin ekki komið með neinar lausnir. Við munum samt halda áfram að reyna.

Nú er lokið fjögurra ára formanns tímabili mínu sem hefur vægast sagt verið viðburðarríkt. Ég tók hikandi við kyndlinum af Silju á sínum tíma en þegar ég lít til baka hefði ég ekki viljað missa af þessu. Ég skil við leikfélagið á óvissutímum en ólíkt sumum forystumönnum veit ég að það kemur alltaf maður í manns stað – kona í stað konu – og besta leiðin til að leikfélag nái að þróast og dafna er með reglulegum breytingum. Stöðnun er aldrei góð og ég hef engar áhyggjur af framtíð Hugleiks svo lengi sem hann er áfram óhræddur við að fara ótroðnar slóðir. Takk fyrir mig.

29. maí 2016, Ásta Gísladóttir

Leikfélag A-Eyfellinga

Fólk og ræningjar í Kardimommubæ

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Þátttakendur: 43

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendur: 1057

Kjöllinn hennar Grýlu og Jólaball

Höfundur: Embla Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Þátttakendur: 26

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendur: 186

Stjórn skipa

Guðrún Inga Sveinsdóttir, formaður

Ármann Fannar Magnússon, gjaldkeri

Margrét Tryggvadóttir, ritari

Skýrsla stjórnar leikárið 2015-2016:

Leiklistarstarf barna hefur verið með svipuðum hætti og áður. Æfingar einu sinni í viku, tveir hópar á aldrinum 9-13 ára. Fyrir jól var svo sett upp Jólaballið eftir Iðunni Steinsdóttir og voru sýningar 2. En í vor var ekki sett upp sýning þar sem mikill tími fór í Kardimommubæinn. Buðu

krakkarnir því foreldrunum á óformlega skemmtun með alls konar uppákomum þar sem þau léku, sungu og sprelluðu og fengu foreldrana með í leikinn. Mjög skemmtilegt kvöld.



Jólaball

Eftir jól hófust svo æfingar á Kardimommubænum eftir Torbjörn Egner. Sigurður Hróars-son var fenginn til að leikstýra, aðstoðarleikstjóri var Margrét Tryggvadóttir. Tónlist skipaði mjög stóran sess í þessari uppfærslu, en um hana sá Ingibjörg Erlingsdóttir. Ákveðið var að leikarar væru blanda af fullorðnum og börnum. Fannst okkur komin tími til að þau börn sem voru búin að fá þjálfun í 4 og sum 5 ár fengju nú að spreyta sig á alvöru leikriti. Leikarar skiptust þannig að 7 voru fullorðið fólk og 11 börn. Þetta var mjög skemmtileg blanda og tókst ótrúlega vel. Við erum því bjartsýn á framtíðina með þennan föngulega hóp ungra leikara innan okkar raða. Sveitarfélagið studdi dyggilega við bakið á leikfélaginu. Lánaði okkur bíl til að flytja leikarana á Heimaland okkur að kostnaðarlausu og húsnæðið einnig frítt. Þetta sparaði ótrúlega tíma því nú voru allir komnir á sama tíma og foreldrar sluppu við skutl, en það er u.þ.b. 25 mínútna akstur á Heimaland. Sýningar urðu 8 og áhorfendur 1057.

Leikfélag Blönduóss

Skýrsla stjórnar leikfélags Blönduóss leikárið 2015-2016:

Lítill starfsemi var leikárið 2015-2016. Aðalfundur var ekki haldinn fyrr en um miðjan október 2015 og mættu tveir fyrir utan stjórn og því ekki grundvöllur fyrir mikilli starfssemi.

Leikfélagið hafði þó aðkomu að skemmtiatriðum á þorrablóti Kvenfélagsins Vöku á Blönduósi líkt og undanfarin ár.

Aðalfundur 2016 verður haldinn á haustdögum og kemur þá í ljós hvort af starfsemi verði leikárið 2016-2017.

*Fyrir hönd stjórnar L.B.
Guðmundur Karl Ellertsson*

Leikfélag Dalvíkur

Öskubuska

Höfundur: Jewgení Schwarz
Þýðandi: Eyvindur Erlendsson
Leikstjóri: Aðalsteinn Bergdal
Þátttakendur: 17
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendur: 308

Jóladagskrá 2015

Höfundur: Jenný Dögg Heiðarsdóttir og Aron Birkir Óskarsson
Leikstjóri: Aron Birkir Óskarsson
Þátttakendur: 18
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendur: 300



Öskubuska

Leikfélag Dalvíkur heldur aðalfundi sína á haustin ár hvert og eigi síðar en 1. nóvember. Leikárið 2015-16 hefur verið frekar óhefðbundið. Á haustdögum leiddu saman hesta sína Leikfélag Dalvíkur og grunnskóli Dalvíkur, eins og svo oft áður. Þá var sett upp leikritið Öskubuska í leikgerð Aðalsteins Bergdal. Þar stigu á stökk ungar og

efnilegar leikkonur á unglíngastigi grunnskólans. Sýningin gekk vel og var vel mætt í leikhúsið. Á meðan ungviðið lék listir sínar sátu aðrir félagar og settu saman jóladagskrá sem var sýnd í beinu framhaldi af þessu samstarfsverkefni sem Öskubuska var. Það var um að ræða skemmtun sem byggði mest upp á lifandi tónlist og fróðleik um sér Dalvíkskar hefðir í bland við leik og sögur. Þessi skemmtun var ákveðinn vendipunktur í sögu Ungó, leikhússins okkar, þar sem hafist var handa við miklar endurbætur innandyra um leið og jóladagskrá lauk. Um er að ræða uppbyggingu á leikaraaðstöðu. Janúar, febrúar og mars fóru í að rífa vegg, loft, gólf og lagnir og síðan þá höfum við verið að byggja upp aftur. Nú í ágúst sér loks fyrir endann á þessu ævintýri. Allt hefur þetta verið unnið í sjálfboðavinnu. Þetta rót varð til þess að engin sýning var sett upp í vor eins og venjan er hjá Leikfélagi Dalvíkur. Við siglum spennit og bjartsýn inni nýtt tímabil í sjænuðu og hollu umhverfi.

*Jenný Dögg Heiðarsdóttir
formaður Leikfélags Dalvíkur*

Leikfélag Fjallabyggðar

Síldin kemur og síldin fer

Höfundur: Iðunn og Kristín Steinsdætur

Leikstjóri: Guðmundur Ólafsson

Þátttakendur: 22

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendur: 1183

Ársskýrsla Leikfélags Fjallabyggðar leikárið 2015-2016:

Aðalfundur leikfélagsins var haldin á haustdögum 2015. Á þeim fundi var tilkynnt að Guðmundur Ólafsson hafi verið ráðinn sem leikstjóri þetta leikár. Í janúarlök hófust svo æfingar á gamanleiknum Síldin kemur og síldin fer eftir þær systur Iðunni og Kristínu Steinsdætur.

Þann 11. mars var svo frumsýnt í Menningarhúsi Fjallabyggðar, Tjarnarborg.

Alls urðu sýningarnar átta og hátt í tólfhunduð manns gerðu sér ferð í leikhúsið til að gleðjast og hafa gaman með okkur. En það var mikið hlegið og klappað fyrir leikhópnum meðan á sýningum stóð.

Vel gekk að manna í hlutverk en um helmingur leikaranna steig sín fyrstu skref á sviði í þessu skemmtilega verki. Sýningin er stór og mikil og leikarar hennar á öllum aldri og má til gamans segja frá því að á milli þess elsta og þess yngsta eru rúmlega 60 ár.

Það að taka þátt í sýningu sem þessari eru forréttindi, bæði fyrir leikara og þá sem eru á bak við tjöldin. Og það er alltaf jafn gaman að sjá persónurnar vakna til lífsins á sviðinu.

Þuríður Sigmundsdóttir formaður.



Síldin kemur og síldin fer

©Guðný Ág

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Allra meina bót

Höfundur: Jónas og Jón Múli Árnasynir
 Leikstjóri: Einar Rafn Haraldsson og Freyja Kristjánsdóttir
 Þátttakendur: 7
 Sýningarfjöldi: 8
 Áhorfendur: 413

Skýrsla stjórnar vegna leikársins 2015-2016:

Stjórn félagsins var þannig skipuð: Einar Rafn Haraldsson formaður, Eva Hrund Sigurðardóttir Kjerulf ritari, Jörundur Ragnarsson féhirðir, Fjóla Sverrisdóttir meðstjórnandi, Almar Blær Sigurjónsson meðstjórnandi. Varamenn: Krístrún Jónsdóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir. Á starfsárinu voru haldnir 9 formlegir stjórnarfundir, helstu viðfangsefni voru varðandi húsnæði fyrir félagið, framkvæmd verkefnis vegna 50 ára afmælis LF þann 31. ágúst 2016 og val á leikritum til sýninga veturinn 2015-2016. Skipuð var sérstök afmælisnefnd, sem í sátu Sigurjón Bjarnason, Halldóra M. Pétursdóttir og Stefán Bogi Sveinsson og skilaði nefndin tillögum til stjórnar félagsins, sem mun vinna samkvæmt þeim. Meðal þess sem fram kemur í tillögum nefndarinnar eru hugmyndir um búningasýningu, afmælishátíð með atriðum úr ýmsum sýningum LF, sérstakt afmælismerki LF til notkunar á afmælisári o.fl.



Allra meina bót

LF tók þátt í hátíðahöldum á Ormsteiti 22. ágúst 2015 með því að sviðsetja og sýna leikgerð Arndísar Þorvaldsdóttur á Þjóðsögunni um Kolfreyju og Vött í Sláturhúsbragganum.

Síðla sumars gerðu LF og bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs með sér samning sem gildir frá 17. september 2015 til 15. júní 2019. um leigulausa aðstöðu félagsins á neðri hæð fjölnotahússins í Fellabæ, um 180 fm. LF deilir afnotum með Leikfélagi ME. Þar er bærileg aðstaða til leikæfinga og félagsstarfs og samningurinn fagnaðarefni. Leikfélögin skuldbinda sig til að taka þátt í viðburðum og annarri menningarstarfsemi á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess, samkvæmt nánara samkomulagi, s.s. á Ormsteiti og 17. júní.

Að hausti 2015 hófust æfingar á 2 leikritum, annars vegar á Brúðkaupinu eftir Anton Tchekhov. Almar Blær leikstýrði og starfaði að því með nokkrum ungum leikurum úr efstu bekkjum grunnskóla og fyrsta bekk ME. Vegna anna leikstjórans dróst frumsýning mjög á langinn og varð ekki af sýningum. Hitt leikritið var nær jafnaldra leikfélaginu, Allra meina bót, eftir Guðmund Jónsson og Jónas og Jón Múla Árnasyni. Öystein Gjerde sá um tónlist, Freyja Kristjánsdóttir og Einar Rafn leikstýrðu verkinu sem var frumsýnt í Valaskjálfi 26. febrúar 2016. Sýningar urðu alls 8 og aldrei sýnt tvisvar á sama stað, farið í leikferðalög að gömlum sið: Sýnt í Valaskjálfi, Miklagarði í Vopnafirði, Fjarðaborg í Borgarfirði, Végarði, Iðavöllum, Hjaltalundi, Brúarási og Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Sýningunni var vel tekið, aðsókn var bærileg og mikil ánægja með endurvakningu leiksýninga í félagsheimilinu.

Næstu stjórnar bíður það verkefni að finna félaginu rými til leiksýninga, því ljóst er að með núverandi salarleigu í Valaskjálfi standa sýningar ekki undir sér. Það er erfitt hlutskipti að geta ekki nýtt sér „heimavöll“ félagsins en nýr eigandi gerir hærri kröfur um fastagjald og hlutdeild í aðgangseyri en félagið getur staðið undir.

Eins og kemur fram í ársreikningi er leikfélagið þokkalega í stakk búið til að halda upp á afmælisárið og helgast það m.a. af því að leikstjórar starfsársins hafa ekki tekið laun fyrir störf sín og leiga á félagsheimilunum þar sem „Allra meina bót“ var sýnt var ýmist mjög lág eða engin.

Fyrir hönd félagsins þakka ég öllum þeim sem komu að viðburðum og störfuðu við eða léku í sýningum félagsins á starfsárinu, stjórnarfólki

fyrir gott og ötult starf og velunnurum og stuðningsaðilum fyrir velvild og greiðasemi í garð félagsins. Rík ástæða er til að færa fráfarandi gjaldkera félagsins, Jörundi Ragnarssyni, sérstakar þakkir fyrir ötult starf við að koma reiðu á reikningshald félagsins svo og ber líka að þakka Sigurjóni Bjarnasyni, sem annast uppgjör og framsetningu ársreiknings.

*Fellabæ 22. maí 2016
Einar Rafn Haraldsson*

Leikfélag Hafnarfjarðar

Bónus

Höfundur: Halldór Magnússon
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 65

Af hverju kom Jesús til jarðar?

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 65

Jóki

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson
Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 165

Froskar, mýs og mögulega dverggar

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
Leikstjóri: Ólafur Þórðarson
Þátttakendur: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 65

Fool me once

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 65

Fíflin

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
Leikstjóri: Arndís Jóna Vigfúsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 65

Smiðsraunir

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 77

Puntudagur

Höfundur: Elín Eiríksdóttir
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Þátttakendur: 4
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 77

Grænland

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 77

Heilög jól

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 77

Hildur

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
Leikstjóri: Björgúlfur Egill Pálsson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 77

Kramdar dósir

Höfundur: Sóley Ómarsdóttir
Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 77

Pamela í Dallas

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
 Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 77

Sagan

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
 Leikstjóri: Sóley Ómarsdóttir
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 77

Um tvíeðli manns og harðindi tilfinningaleysis

Höfundur: Adam Thor Murtomaa
 Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Þátttakendur: 4
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Þú ert það sem þú borðar

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
 Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
 Þátttakendur: 4
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Liggðu á bakinu og hugsaðu um England

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendur: 4
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Slæður Ragnhildar

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
 Leikstjóri: Arndís Jóna Vigfúsdóttir
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Sezelía

Höfundur: Gunnar Björn Guðmundsson
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendur: 4
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Lík-lega

Höfundur: Ólafur Þórðarson
 Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
 Þátttakendur: 5
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Stefnumót í myrkri

Höfundur: Arndís Jóna Vigfúsdóttir
 Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 80

Ekkert að óttast

Höfundur: Höfundasmiðja Leikfélags
 Hafnarfjarðar
 Leikstjóri: Ólafur Þórðarson
 Þátttakendur: 9
 Sýningarfjöldi: 7
 Áhorfendur: 290

Ég, Ubbi

Höfundur: Halldór Magnússon
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 53

Stund milli stríða

Höfundur: Ólafur Þórðarson
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 53

Skugga-Sveinn Group

Höfundur: Karl Ágúst Úlfsson
 Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 53

Viltu nammi, hæna?

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
 Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
 Þátttakendur: 6
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 53

Masterchef Ísland

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir

Leikstjóri: Eyvindur Karlsson

Þátttakendur: 5

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 53

Skýrsla formanns Leikfélags Hafnarfjarðar 29. júní 2016

Þetta leikár er búið að vera svolítið sérstakt er það ekki?

Við byrjuðum leikárið á aðalfundi og á honum var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Aðalfundur Leikfélags Hafnarfjarðar leggur það í hendur stjórnar félagsins að leita allra leiða til að finna annað húsnæði undir starfsemi félagsins sem fyrst. Lagt er í hendur stjórnar að skipa húsnæðisnefnd sem vinnur að því.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Það var því fyrsta verkefni nýrrar stjórnar að skipa húsnæðisnefnd. Hún tók til starfa og voru ýmsir möguleikar skoðaðir. Vænlegasti kosturinn var að óska eftir ákveðnu húsnæði frá bænum og fyrir valinu varð Lækjarskóli sem var húsnæði félagsins til margra ára.

Erindi var sent til bæjarins / menningarmálanefndar og var formaður boðaður á fund hjá menningarmálanefnd í kjölfarið. Á þeim fundi sátu fulltrúar í menningarmálanefnd, forstöðumaður Hafnarborgar og framkvæmdarstjóri Gaflaraleikhússins. Ástæða setu framkvæmdarstjóra Gaflaraleikhússins var skýrð þannig að leikfélagið væri nú þegar í samstarfi við Gaflaraleikhúsið og útskýrði ég (Gísli Björn) að óskir um nýtt húsnæði snérist í raun ekki um samstarf félaganna, heldur væri okkur of þröngur stakkur búinn í Gaflaraleikhúsinu og þörf leikfélagsins væri meiri en Gaflaraleikhúsið gæti uppfyllt eða væri tilbúið til að uppfylla.

Þau voru svo sem ekki svartsýn, en ekki heldur vongóð, um að hægt væri að finna lausn á húsnæðisvanda leikfélagsins, en það næsta sem gerðist í því var að erindi okkar var vísað til bæjarráðs þar sem því var á endanum synjað og ástæða synjunar sem gefin var, var að við værum í samstarfi við Gaflaraleikhúsið.

Það næsta sem gerðist í samstarfi félagsins og Gaflaraleikhússins var að þegar við ætluðum að hefja æfingar á vorverkefni félagsins, Ekkert að

Óttast, þá var okkur tilkynnt að við myndum hafa 4 vikur til æfinga. Við færðum því frumsýningu fram um viku þ.a. tímaáætlun okkar var þannig að við myndum hefja æfingar þann 13. febrúar og myndum frumsýna 19. mars (5 vikur).

Innan sólarhrings var okkur tilkynnt að, einungis í febrúar, þá myndum við missa 7 æfingardaga, og einnig var óskað eftir því að við myndum sleppa 2 æfingadögum í viðbót í febrúar. Okkur fannst illa að okkur vegið og sendum við harðort bréf til bæjarins þar sem við tíunduðum það sem við töldum vera brot á samningi. Þar sem enginn menningarfulltrúi er starfandi þá var bréfið sent á bæjarfulltrúa, menningarráð og fleiri. Eftir á að hyggja þá hefðum við einungis átt að senda kvörtunina á forstöðumann Hafnarborgar og menningarráð, en við vorum ráðþrota og vildum fá skjót viðbrögð.



Híð vikulega, ágúst 2015

Ekki stóð á skjótum viðbrögðum frá Gaflaraleikhúsinu og forstöðumanni Hafnarborgar. Ágústa, forstöðumaður Hafnarborgar, hringdi í undirritaðan og bað okkur um að ræða við samstarfsnefnd Gaflaraleikhússins, sem við og gerðum. Á þeim fundi sátu undirritaður, ásamt Stefáni H. Jóhannessyni frá Leikfélagi Hafnarfjarðar, en frá Gaflaraleikhúsinu sátu fundinn Gunnar Helgason og Ragnhildur Jónsdóttir. Skemmst er frá því að segja að þessi fundur gekk ekki vel, og það helsta sem Gunnar og Ragnhildur höfðu að segja var að þau hefðu engan áhuga á áframhaldandi samstarfi og að við værum að eyðileggja leiklist í Hafnarfirði. Að svo búnu lauk

Þessum fundi og höfðum við lítil samskipti við Gaflaraleikhúsið, nema að því leyti að við fengum rukkun frá þeim upp á 424 þús þar sem m.a. var rukkað um 232 þús. fyrir vinnu tæknimanna (þeir voru nota bene með fleiri unna tíma en æfingatímabilið okkar var). Á sama tíma hringdi forstöðumaður Hafnarborgar í undirritaðan og tjáði honum að verið væri að undirbúa endurnýjun samnings við Gaflaraleikhúsið og var ég spurður hvort áhugi væri fyrir hendi að halda áfram samstarfi við Gaflaraleikhúsið, hún tjáði mér að Gaflaraleikhúsið væri tilbúið til áframhaldandi samstarfs, sem ég tjáði henni að það værum við líklega ekki.



Ekkert að óttast

Stjórn félagsins ákvað að kalla til félagsfundar til að taka ákvörðun um áframhaldandi samstarf og samþykkti félagsfundur einróma að slíta samstarfi við Gaflaraleikhúsið. Sama dag og samstarfsslit vour tilkynnt til forstöðumanns Hafnarborgar og framkvæmdarstjóra Gaflaraleikhússins þá fór undirritaður ásamt ritara félagsins, Ólafi Þórðarsyni, á fund með bæjarstjóra til að skýra afstöðu okkar gagnvart samstarfsslitum. Fundurinn gekk nokkuð vel og bæjarstjórinn sagði að leitað yrði leiða til að koma leikfélaginu í húsaskjól því hann vildi ekki að svona skapandi félag myndi hverfa úr bæjarflórinni.

Er ekki best að víkja að einhverju skemmtilegu? Á leikárinu settum við fjórum sinnum upp Hið vikulega. Tvisvar í ágúst, einu sinni á Hrekkjavökunni og einu sinni í maí (Hið Ubbalega).

Reynt var að setja upp Hið vikulega í janúar en ekki tókst að manna það þá. Einnig var stórhugur í okkur og ætluðum við að setja upp nýtt verk eftir Ólaf Þórðarson á haustdögum. Á endanum brunnum við út á tíma með að manna það og var hætt við það (og settum í staðinn upp Hið Hrekkjavikulega).

Á nýju ári þá var Höfundasmiðjun virkjuð í að semja stærri verk, aðalsprautan í því var, og er, Gunnar Björn. Verkin eru skrifuð þannig að hver höfundur tók við af næsta höfundi á undan og þannig koll af kalli. Fyrsta verkið lofaði góðu. Ákveðið var að endurskrifa/endurbæta næsta verk og setja það upp. Það verk heitir Ekkert að Óttast og þótt æfingatíminn hafi verið stuttur þá tókst þessi tilraun okkar fullkomlega. Það endaði á því að vera valið athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins af valnefnd Þjóðleikhússins og við sýndum það í Kassanum þann 4. júní síðastliðinn.

Við enduðum síðan á því að fara til Austurríkis þann 13. júní þar sem við sýndum Ubba kóng við mikinn fögnuð innfæddra og annarra, okkur var m.a. boðið að sýna Ubba á leiklistarhátíð í Salzburg á næsta ári (boðið kom 4 mín. eftir að sýningu lauk).

Við frumsýndum 27 ný íslensk verk úr höfundasmiðju leikfélagsins og erum við þriðja árið í röð með langflest ný íslensk verk á leikárinu (af öllum leikfélögum á landinu), einungis 2013-2014 sýndum við fleiri ný íslensk verk.

Höfundasmiðjan er nú þegar búin að skrifa mjög frambærilegt leikrit, Ferðamaður deyr, og von er að við setjum það upp hið snarasta.

*Hafnarfirði 29. júní 2016
Gísli Björn Heimisson formaður*

Leikfélag Hornafjarðar

Perfect og tjaldið

Höfundur: Hlín Agnarsdóttir og Hallgrímur Helgason

Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson

Þátttakendur: 21

Sýningarfjöldi: 4

Áhorfendur: 114

Leikfélag Hólmavíkur

Pirringur! Arg!

Höfundur: Trausti Björnsson
 Leikstjóri: Trausti Rafn Björnsson og Eiríkur Valdimarsson
 Þátttakendur: 1
 Sýningarfjöldi: 2
 Áhorfendur: 50

Draugasaga

Höfundur: Jón Jónsson
 Leikstjóri: Jón Jónsson
 Þátttakendur: 2
 Sýningarfjöldi: 4
 Áhorfendur: 160

Ballið á Bessastöðum

Höfundur: Gerður Kristný
 Leikstjóri: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
 Þátttakendur: 38
 Sýningarfjöldi: 6
 Áhorfendur: 345

Skýrsla stjórnar leikárið 2015-2016:

Aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur var haldinn í Félagsheimilinu þann 16. september 2015. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og var farið yfir síðastliðið leikár og málin rædd. Þá voru gerðar smávægilegar lagabreytingar sem lutu að breyttum reglum um stjórn og hvernig henni er skipt út. Kosið var í nýja stjórn. Eftirfarandi voru kjörnir og skiptu þeir með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Ásta Þórisdóttir formaður,
 Salbjörg Engilbertsdóttir gjaldkeri,
 Eiríkur Valdimarsson ritari,
 Ingibjörg Emilsdóttir meðstjórnandi og Bára Örsk Melsted meðstjórnandi.

Varamenn voru kosnir Elísabet K. Kristmundsdóttir, Svanur Kristjánsson og Esther Ösp Valdimarsdóttir.

Verkefni vetrarins voru rædd og ákveðið að fara í samstarfsverkefni með Grunnskólanum á Hólmavík en hefð hefur skapast um að setja upp samvinnuverkefni annað hvert ár með grunnskólanum.

Stjórnin hittist nokkrum sinnum og eftir nokkra samlestra á ýmsum verkum var ákveðið að setja

upp Ballið á Bessastöðum eftir Gerði Krisnýju og að ráða Hrafnhildi Guðbjörnsdóttur skólustjóra sem leikstjóra og Ingibjörgu Emilsdóttur stjórnarmann frá LH sem verkefnisstjóra. Vinna nemenda fór að hluta fram í leiklistarvali í skóla en svo farið á fullt í janúar með sameiginlegum hópi grunnskólanemenda og fullorðinna. Leikritið var frumsýnt 18. mars á Barnamenningarhátíð í Strandabyggð sem fram fór 14.-20. mars og voru sýndar 5 sýningar á Hólmavík og ein sýning í Búðardal. Samtals 345 áhorfendur komu á Ballið á Bessastöðum.



Draugasaga

Í júlí 2015 var leitað til LH um kaup á skemmtiatriðum fyrir ættarmót. Tveir ungir leikfélagar tóku sig til og urðu við óskinni og sáu um skemmtiatriði. Sumarið 2015 var settur upp einleikurinn Pirringur í samstarfi við LH. Pirringur er frumsamið verk Trausta Rafns Björnssonar og lék hann eina hlutverkið. Þetta verk var frumsýnt á Sauðfjársetrinu og ein önnur sýning var í Félagsheimilinu á Hólmavík í október.

Haustið 2015 var einleikurinn Draugasaga sett upp á Sauðfjársetrinu á Sævangi í samstarfi við LH. Draugasaga er frumsamin af Jóni Jónssyni og leikin af syni hans Arnóri Jónssyni. Sýndar voru 4 sýningar og voru áhorfendur 160 manns.

Í byrjun árs komu félagar saman nokkrum sinnum til að vinna við Félagsheimili, mála svið og taka til og laga og hengja upp ljós. Þessi vinna er hluti af samstarfsamningi við sveitarfélagið. Í desember voru haldin opin upplestrarkvöld í

heimahúsi og var Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson lesin upp í Sýslumannshúsinu 3 kvöld á aðventunni. Þetta tókst vel þó ekki hafi verið fjölmennt og komu dyggir aðdáendur þessarar sígildu sögu á upplestrana.

22. nóv á afmæli BÍL var haldin afmælisvaka í Sýslumannshúsinu þar sem þrjú stuttverk sem valin voru úr stuttverkasamkeppni BÍL og voru þau flutt af meðlimum LH með tónlistar- og kaffiívaði. Þetta var skemmtilegt og tókst með ágætum.



Ballið á Bessastöðum

Þá var LH í samstarfi við Kvennakórinn Norðurljós og kór Hólmavíkurkirkju á jólastund þann 27. des. sem kórinn stóð fyrir og lásu félagar jólasögu.

Í lok apríl tóku nokkrir félagar í LH þátt sem statistar í leikinni heimildarmynd um Baskavígin sem tekin var upp að hluta í Bjarnarfirði á Ströndum og var á vegum spænsks kvikmyndafyrirtækis.

Í maí var haldið námskeið í LARP á vegum LH í samstarfi við Grunnskólann. LARP (live action role playing) eða kvikspuni er skemmtilegt form leikspuna sem fer fram í einskonar hlutverkaleik. Nemendur unglingsaldar tóku allir þátt auk nokkurra utanaðkomandi. Tókst þetta vel og „lörpuðu“ krakkarnir heilan dag í lok maí með sama sniði. Ekki er ólíklegt að þetta leikspunaform verði meira notað í framtíðinni.

Á síðasta fundi LH var ákveðið að stefna á að setja

upp leikverk að hausti og hefjast handa strax í september og að öllum líkindum taka þátt í Þjóðleik á vordögum.

Ásta Þórisdóttir formaður.

Leikfélag Húsavíkur

Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri : Jenný Lára Arnórsdóttir

Þátttakendur: 55

Fjöldi sýninga: 19

Fjöldi áhorfenda: 1705

Stjórn LH:

Auður Jónasdóttir, formaður, Ása Gísladóttir, gjaldkeri, Berglind Ósk Ingólfssdóttir, ritari Ari Páll Pálsson og Kolbrún Ada Gunnarsdóttir.



Dýrin í Hálsaskógi

Skýrsla stjórnar:

Dýrin í Hálsaskógi voru mjög skemmtileg að vinna með. Jenný leikstjóri var með skýra sýn á hvernig hún vildi hafa hlutina og allir áttu mjög auðvelt að vinna með henni að því. Stemmingin í hópnum góð og ungt og kraftmikið fólk í helstu hlutverkum. Mikil endurnýjun hefur verið að undanförunu í öllum deildum hjá okkur og í bland við eldra og reynslumeira fólk þá erum við í góðri stöðu með okkar starfsemi. Sýningin vakti gríðarlega lukku, fullt hús á allar 19 sýningarnar og fólk kom langt að til að sjá Lilla og Mikka skottast um í skóginum sem var alveg einstaklega hlýlegur og flottur.

Kær kveðja,

Auður Jónasdóttir Formaður LH

Leikfélag Hveragerðis

Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: María Pálsdóttir

Þátttakendur: 22

Sýningarfjöldi: 23

Áhorfendur: 1961

Starfsskýrsla Leikfélags Hveragerðis 2015-2016:

Haustið 2015 tók leikfélagið aftur til sýninga leikritið „Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan“, þar sem sýningum um veturinn lauk snögglega þegar einn leikarinn sleit hásin á miðri sýningu. Sýningar urðu fjórar þarna um haustið og hefði aðsóknin mátt vera betri.

Um haustið var gengið til samninga við Maríu Pálsdóttur leikara um að leikstýra leikritinu „Dýrin í Hálsaskógi“. Áheyrnaprúfur voru í desember og fengu flestir sem komu á þær hlutverk í leikritinu. Æfingar hófust svo snemma í janúar og frumsýnt var 20. febrúar. Alls urðu sýningarnar 23 og áhorfendur tæplega 2000. Góður rómur var gerður að þessari sýningu bæði í blöðum og á samfélagsmiðlum. Samstarfið við Maríu gekk ljómandi vel og gefum við henni okkar bestu meðmæli. Töluvert var af börnum og unglungum sem tók þátt í þessari uppfærslu sem var virkilega ánægjulegt og lærdómsríkt fyrir alla aðila. Leikfélagið telur sig eiga, í þessu unga fólki, ljómandi efnivið fyrir komandi tíma.

Leikmynd og búningar voru sérlega vel heppnaðir enda hefur leikfélagið á að skipa miklu listafólki sem galdrar fram ótrúlegustu hluti á skömmum tíma og leysir flókin mál með miklum sóma.

Aðalfundur var haldinn í febrúar 2016 og þar var kosin ný stjórn:

Formaður: Hjörtur Már Benediktsson

Varaformaður og ritari: Jóhann Tr. Sigurðsson

Gjaldkeri: Hugrún Óskarsdóttir

Meðstjórnandi: Kristín Ólafsdóttir

Meðstjórnandi: Elías Óskarsson

Varastjórn:

Elín Hrönn Jónsdóttir

Hrafnhildur Faulk

Hrefna Ósk Jónsdóttir

Í jólamánuðinum 2015 var mikið að gera hjá jólasveinunum sem þjónusta leikfélagið. Þeir voru viðstaddir þegar kveikt var á jólatré Hveragerðisbæjar, báru út pakka til barna í Hveragerði á aðfangadag jóla, þjónusta sem vex ár frá ári. Þátttaka aldrei verið eins mikil og um þessi jól. Jólasveinarnir komu fram á Jólaballi Lions á Hótel Örk á annan í jólum. Salurinn var troðfullur af þrúðbúnum börnum og fullorðnum. Lionsklúbbur Hveragerðis á miklar þakkir skyldar fyrir þetta framtak.



Dýrin í Hálsaskógi

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu. Stjórnin notaði tölvupóstana óspart í samskiptum sem og lokaða Facebókarsíðu og er það afar þægilegur máti og fljótlegur.

Leikarar í sýningunni og starfsfólk í kringum hana voru einnig með lokaða síðu á Facebook og var hún mjög mikið notuð í samskiptum manna á millum. Við þetta sparaðist mikill símakostnaður og reyndist þægilegur samskiptamáti.

Nú í haust stendur fyrir dyrum námskeið í fram-sögn og upplestri fyrir alla aldurshópa og svo auðvitað æfingar á nýju verki sem kynnt verður síðar. Það verk á eftir að vekja mikla athygli ef allt fer sem horfir.

Leikfélag Hveragerðis færir öllum þeim mikla fjölda fólks sem lagði því lið á liðnu starfsári sínar innilegustu þakkir .

Hjörtur Benediktsson

Leikfélag Hörgdæla

Með vífið í lúkunum

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Margrét Sverrisdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson

Þátttakendur: 8

Sýningarfjöldi: 22

Áhorfendur: 1700

Skýrsla stjórnar 2015 – 2016:

Hér verður stiklað á stóru í starfi Leikfélags

Hörgdæla leikárið 2015 – 2016.

Aðalfundur félagsins var haldinn 1. október 2015.

Það er óhætt að segja að við byrjuðum leikárið af

krafti. Strax í október var haldið leiklistarnám-

skeið fyrir börn á grunnskólaaldri og voru þátt-

takendur 15. Í lokin var svo foreldrum boðið að

koma á smá leiksýningu. Að venju tók félagið

þátt í árshátíðinni sem haldin er af áhugafélögum

í Hörgársveit. Tvö revíukvöld voru haldin fyrir

áramót og voru vel sótt. Á seinna kvöldinu vorum

við líka með leiklestur í tilefni af 50 ára afmæli

Bandalags íslenskra leikfélaga.



Með vífið í lúkunum

Einnig las stjórnin yfir nokkur leikrit sem komu til álitá sem verkefni vetrarins. Það varð svo leikritið Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney í leikstjórn Margrétar Sverrisdóttur og Odds Bjarna

Þorkelssonar sem varð fyrir valinu. Fyrsti samlestur var 5. janúar og var æft í tvo mánuði. 4. mars frumsýndum við svo herlegheitin og er óhætt að segja að viðtökur voru frábærar frá fyrstu sýningu til lokasýningar sem var 30. apríl. Alls urðu sýningarnar 22 og áhorfendur rúmlega 1.700.

Í byrjun maí fóru 5 félagar á Bandalagsþingið sem haldið var á Seyðisfirði. Þar tók félagið þátt í einþáttungahátíð sem haldin var í tengslum við þingið. Þetta var ljómandi gott þing og er óhætt að segja að allir hafi skemmt sér vel.

Þrír sóttu Bandalagsskólann þetta árið.

Haldinn var dansleikur fimmta árið í röð um verslunarmannahelgina og tókst hann með allra besta móti.

Stjórn Leikfélags Hörgdæla er þannig skipuð.

Aðalsteinn H. Hreinsson, formaður.

Stefanía E. Hallbjörnsdóttir, varaformaður.

Fanney Valsdóttir, gjaldkeri.

Áslaug Ólöf Stefánsdóttir, ritari.

Bryndís Gunnarsdóttir, meðstjórnandi.

Leikfélag Keflavíkur

Rauðhetta

Höfundur: Jewgeni Schwartz

Þýðandi: Stefán Baldursson

Leikstjóri: Víkingur Kristjánsson

Þátttakendur: 12

Sýningarfjöldi: 9

Áhorfendur: 635

Leikárið var viðburðarríkt hjá Leikfélagi Keflavíkur rétt eins og fyrri ár. Leikárið hófst með stóra tiltektardeginum þar sem félagar hittust og tóku til í húsinu, þrifu hátt og lágt og grilluðu svo saman. Félagar úr Leikfélagi Keflavíkur tóku þátt í skemmtunum á vegum Reykjanesbæjar og má þar nefna 17.júní, Ljósanótt og Þrettándaskemmtun þar sem frumsýndar voru nýjar kynjaverur sem vöktu mikla lukku. Einnig tóku félagar þátt í upptökum á auglýsingum sem og skemmtunum víðsvegar um bæinn.

Gísli B. Gunnarsson félagi í Leikfélagi Keflavíkur

tók sig til og tók saman heimildir leikfélagsins, skrásetti og setti upp glæsilega skjalageymslu. Þökkum við honum kærlega fyrir að halda vel utan um sögu félagsins sem verður 50 ára á þessu ári. Leikfélagið Stakkur sem svo varð Leikfélag Keflavíkur hóf starfsemi sína árið 1966. Af því tilefni hefur verið uppi sú hugmynd að vera með sögusýningu á Ljósanótt 2016 í Frumleikhúsinu og hefur Gísli B. verið ráðinn sýningarstjóri.



Rauðhetta

Í lok ágúst var Víkingur Kristjánsson leikari ráðinn sem leikstjóri til að stýra haustverkefni félagsins sem var Rauðhetta. Æfingar hófust í september og var verkið fumsýnt 7. nóvember og tókst vel til. Arnór Vilbergsson var fengin til að semja nýja tónlist fyrir verkið og leikarar voru 12 talsins. Verkið gekk ágætlega og voru í kringum 635 sem sáu verkið en þeir hefðu mátt vera miklu fleiri eins og alltaf.

Félagið gerði nýjan rekstrarsamning við Reykjanesbæ til tveggja ára.

Árshátíð Leikfélags Keflavíkur var haldin í fyrsta sinn þann 19. mars í Frumleikhúsinu. Stjórn ákvað í stað þess að bjóða uppá lokapartý eftir hverja sýningu að halda veglega árshátíð. Skipulag árshátíðarinnar var í höndum ritara og gjaldkera og tókst hún frábærlega í alla staði. 45 leikfélagar mættu og skemmtu sér vel. Leikfélag Keflavíkur

stefnir á að halda árshátíð í mars ár hvert.

Á vorönn nýttu félagar tímann til þess að taka til og var húsið leigt út á meðan. Eins og fyrri ár var Listaskóli barna í Frumleikhúsinu ásamt námskeiðinu Gargandi snilld.

Það er ljóst að starfsemi leikfélagsins er svo sannarlega fjölbreytt og skemmtileg og vonumst við til þess að hún verði það áfram.

Stjórnin

Leikfélag Kópavogs

Á rúmsjó

Höfundur: Slawomir Mroszek

Þýðandi: Bjarni Benediktsson

Leikstjóri: Örn Alexandersson

Þátttakendur: 5

Sýningarfjöldi: 6

Áhorfendur: 164

Sumarbúðirnar Landnemaborgir

Höfundur: Guðmundur L. Þorvaldsson

Leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson

Þátttakendur: 10

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendur: 100

Hvíldu í friði

Höfundur: Guðmundur L. Þorvaldsson

Leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson

Þátttakendur: 12

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendur: 100

Að vera eða vera ekki

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir

Þátttakendur: 2

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 50

Systur sveina

Höfundur: Guðmundur L. Þorvaldsson

Leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson

Þátttakendur: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 50

Töfrabragðið

Höfundur: Catherine Butterfield
 Þýðandi: Hörður Sigurðarson
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson
 Þátttakendur: 2
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 50

Skýrsla stjórnar leikárið 2015-2016

Eftir eitt viðamesta leikár frá upphafi á síðasta leikári var öllu rólegra yfir starfseminni nú í ár. Fjöldmörg verkefni hafa þó verið í gangi og mun afraksturinn m.a. koma í ljós í haust.

Leiklistarskólinn nemendur

Í júní 2015 sóttu 3 félagsmenn námskeið í Leiklistarskóla BÍL. Það hefur verið stefna félagsins að reyna að styrkja félagsmenn með smá framlagi til að sækja sér menntun í skólanum og mun svo verða áfram.

*Á rúmsjó**Götuleikhúsið*

Götuleikhús Kópavogs fékk inni í húsinu samkvæmt venju í júní og júlí í fyrra. Gekk þar allt með prýði eins og ávallt áður. Hópurinn er nú kominn inn að nýju.

Á rúmsjó

Fyrsta leikverk leikársins fór í vinnslu þegar síðastliðið sumar. Örn Alexandersson stýrði fimm leikurum í absúrdverkinu Á rúmsjó eftir Slavomir Mroszek. Frumsýnt var í byrjun október og var sýnt 6 sinnum við þokkalega aðsókn.

Barna- og unglínganámskeið

Hefðbundin starfsemi unglíngadeildar fór fram

september til nóvember. eins og venjulega. Eins og árið áður voru tveir hópar að störfum, 11-12 ára og 13-16 ára. Leiðbeinandi var Guðmundur L. Þorvaldsson og honum til halds og trausts var Guðlaug Björk Eiríksdóttir. Ástþór Ágústsson kom einnig við sögu í byrjun námskeiða þar sem Guðmundur var að leikstýra úti á landi. Þátttaka var með ágætum og samtals voru 20 þátttakendur á námskeiðunum tveimur.

*Sumarbúðirnar Landnemaborgir*

Yngri hópur mætti vikulega í 1 klst. í senn, 10 sinnum alls en sá eldri jafnoft en í tvær klst. í senn. Að loknum námskeiðum settu hóparnir upp hvor sína sýninguna á tveimur vikum og var sú nýbreytni viðhöfð að sýningarnar voru sýndar saman. Sýning yngri hóps hét Sumarbúðirnar Landnemaborgir og fjallaði um hóp barna sem koma í sumarþúðir þar sem afar strangar reglur eru við lýði og gera uppreisn. Sýning eldri hóps hét Hvíldu í friði og fjallaði um unglínga sem brjótast inn í hús sem talið er reimt.

Stjörnuljósakvöld

Stjörnuljósakvöld, árleg innanfélagsskemmtun LK var haldin 9. janúar. Þar voru sýndir 3 leikþættir auk ljódalesturs og söngatriðis. Þættirnir voru Að vera eða ekki vera eftir Árna Friðriksson, Systur sveina eftir Guðmund L. Þorvaldsson og Töfrabragðið eftir Catherine Butterfield. Einnig var fluttur einskonar ljódaleikþáttur undir stjórn Arnar Alexanderssonar. Tveir þriðju hlutar Leikhúsbandsins ásamt gestaleikara fluttu svo nokkur lög. Leikfélagar skemmtu sér svo saman inn í nóttina skv. venju.

Kvikmyndaskólinn

Kvikmyndaskólinn kom ekki inn í desember eins

og svo oft en fékk inni í húsinu í maí. Eins og jafnan var samstarfið gott og umgengni og samskipti eins og best verður á kosið. Hópurinn setti upp tvö frumsamin verk undir stjórn góðkunn-
ingja leikfélagsins, Rúnars Guðbrandssonar og tókst vel til.

Leikfélag MK

Ekki var laust við að kvíði sækti að stjórn þegar kom að árlegri innkomu MK í húsið, sérstaklega eftir mjög erfiðan tíma árið áður. Þess mun ánægjulegra var hve ótrúlega vel tókst til að þessu sinni. Þegar síðasta haust mátti greina mjög breytan tón í forsvarsmönnum leikfélags og skólans sjálfs. Fólk var tilbúið að horfast í augu við að ekki hafði allt verið sem skyldi í umgengni og samskiptum og sýndi frá upphafi greinilegan vilja til að bæta úr. Tengiliður skólans við okkur, Sigrún Óskarsdóttir á mikinn heiður skilið fyrir að hafa verið með í ráðum áður en hópurinn kom inn, sýnt honum mikið og gott aðhald og verið í stöðugu sambandi við formann LK allan tímann til að tryggja að hlutirnir gengju upp. Forsvarsmenn leikfélags MK sýndu líka mikla jákvæðni, vilja og dugnað og eiga hrós skilið fyrir sinn hlut. Smáhnökrar komu upp en það voru í raun smámunir einir miðað við fyrri ár og ekki ástæða til að tíunda frekar hér.

Óperudagar

Óperudagar voru haldnir í Kópavogi í byrjun júní og leigðum við út húsið til að æfa og sýna óperusýningarnar Selshaminn og Poppea Remixed. Svo ánægðir voru söngvararnir með húsið að þeir fengu að framlengja veru sinni í því til að æfa og sýna stuttóperuna Björninn sem þau hyggja á utanlandsferð með.

Leiklistarnámskeið

Hörður Sigurðarson hélt leiklistarnámskeið fyrir byrjendur í febrúar og mars. Sex þátttakendur voru skráðir til leiks, fjórir mættu í upphafi og einn bættist svo við. Námskeiðið var samtals 18 klst. Tveir úr hópnum eru nú að æfa upp leikþátt undir stjórn Harðar.

Leikdagskrá

Stefnt var að uppsetningu á leikdagskrá í maí en tekin var sú ákvörðun að fresta henni til hausts. Þegar eru nokkrir þættir í æfingu og einhverjir

munu eflaust bæstast við.

Leitin að sumrinu

Eitt af þeim verkefnum sem verið hafa í gangi í vetur en frumsýnd verða í haust er nýtt barnaleikrit sem hlotið hefur heitið Leitin að sumrinu. Þar eru á ferð 3 gamlir leikfélagsmenn, þeir Guðmundur L. Þorvaldsson, Magnús Guðmundsson og Ástþór Ágústsson. Þeir félagar hafa unnið verkið í hópvinnum og markhópurinn er aldurinn 4-10 ára. Verkið verður nánar kynnt í haust.

Vinnudagur og leikárslokagrill

Sú hefð hefur skapast að ljúka leikárinu í júní með vinnudegi í leikhúsinu og grillveislu um kvöldið. Stefnt er að slíkum vinnudegi í sumar en ekki hefur verið ákveðið hvenær hann verður.

Afmælisár

Leikfélagið verður 60 ára á næsta leikári. Ýmislegt er á þrjónunum vegna þess og ýmis verkefni þegar verið talin upp hér á undan. Ýmislegt fleira er á þrjónum sem verður upplýst þegar nær dregur hausti.

Fyrir hönd stjórnar LK, Hörður Sigurðarson

Leikfélag Mosfellssveitar

Mæður Íslands

Höfundur: Leikhópurinn og fleiri
Leikstjóri: Agnes Wild
Þátttakendur: 14
Sýningarfjöldi: 9
Áhorfendur: 400

Töfratárið

Höfundur: Agnes Wild
Leikstjóri: Agnes Wild
Þátttakendur: 5
Sýningarfjöldi: 5
Áhorfendur: 200

Ævintýraþjófarnir

Höfundur: Brynhildur Sveinsdóttir og María Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Bergdís Júlía Jóhannsdóttir
Þátttakendur: 8
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendur: 450

Jólaævintýri Trölla

Leikstjóri: Agnes Wild

Þátttakendur: 18

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 100

*Töfratárið***Skýrsla stjórnar:**

Að venju er starfsemi LM mjög viðburðarrík. Nýtt starfsár hófst samt á annan hátt en venjulega en það var með ferð í Þjóðleikhúsið með athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins, hana Ronju. Þar komust færri að en vildu en við sýndum þrjár sýningar í stóra salnum fyrir fullu húsi.

Eftir þetta ævintýri hófst starfið með reglubundnum hætti með öflugum sumarstarfi og voru haldin fjölmörg námskeið fyrir börn og unglunga. Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum. Einnig voru haldin námskeið yfir veturinn, bæði fyrir börn, unglunga og fullorðna.

Haustið byrjaði á frumsömdu verki, Mæður Íslands, höfundar félagar í LM, leikarar og listrænir stjórnendur sem að voru: leikstjóri Agnes Wild, tónlistarstjóri Sigrún Harðardóttir og leikmynd/búningar Eva Björg Harðardóttir. Verkið var unnið upp úr minningum og raunverulegum atburðum úr lífi þeirra sem að tóku þátt. Leikmyndin var öll hvít og svört,

Undanfarin ár höfum við sett upp jólasýningar fyrir börnin sem hafa verið mjög vinsælar þetta árið var það Töfratárið, höfundur og leikstjóri Agnes Wild.

Eftir áramót var sett upp enn eitt frumsamið verk, Ævintýraþjófarnir (stuttir þættir unnir upp úr gömlum íslenskum ævintýrum) eftir þær Maríu Guðmundsdóttur og Brynhildi Sveinsdóttur í leikstjórn Bergdísar Júlíu Jóhannsdóttur. Þetta verk fjallaði um þjófa sem að voru að fara að stela einu bókinni sem innihélt öll ævintýri sem að finnast á Ísland og þegar bókin var fundin þá breyttust leikarar í sögurnar. Til gamans má geta að leikmyndin var öll unnin úr bókum.

Síðasta leikár hefur einkennst eins og svo oft áður af mikilli vináttu, jákvæðni og leikgleði, og þetta árið hafa áhorfendur ekki látið sig vanta.

Árlegir viðburðir og annað

17. júní – Að venju sátum við um kynna og voru það bræðurnir Gísli, Eiríkur og Helgi sem að sáu um að skemmta áhorfendum á milli atriða. Leikfélagið var einnig með leikþátt með þeim bræðrum. Einnig sjáum við um Fjallkonuna og þetta árið var freyjan okkar hún Bergdís Júlía Jóhannsdóttir

Kveikt á jólatrénu – Fjöldi Jólasveina og hyski á þeirra vegum og persónur úr jólaleikritunum sáu um að skemmta börnum og fullorðnum við þennan viðburð og dansa í kringum jólatréð á torginu. Að venju mælist þessi viðburður vel fyrir bæði hjá ungvíðinu og ekki síður hjá jólasveinum og þeirra hyski sem koma árlega og vinna fyrir okkur.

Þrettándinn – Fjölmennasta verkefni okkar árlega og alltaf fjölgar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Tröllabörn, álfar, jólasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig ekki vanta þetta árið. Álfadrottningin þetta árið var Nanna Vilhelmsdóttir og álfakonungurinn var hann Loftur Sigurður Loftsson.

Bæjarlistarmenn Mosfellssveitar – Í ágúst hlotnaðist leikfélaginu sá heiður að fá þessa útnefningu í annað sinn, síðast fyrir 19 árum. Þetta er í fyrsta sinn sem að listamaður hlýtur þessa útnefningu tvisvar sinnum og erum við afar þakklát fyrir það og í tilefni af því þá var öllum bæjarbúum boðið á sýninguna Ævintýraþjófarnir og vakti það mikla lukku. Það tilheyrir því að fá þessa útnefningu að halda einn viðburð og bjóða bæjar-

búum en við ákváðum að bjóða á allar sýningar.
Ólöf Þórðardóttir, formaður

Leikfélag Norðfjarðar

Benedikt búálfur

Höfundur: Ólafur Gunnar Guðlaugsson
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
Þátttakendur: 18
Sýningarfjöldi: 5
Áhorfendur: 650

Afmælisveisla Péturs pan

Höfundur: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Leikstjóri: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Þátttakendur: 8
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 150

Leitin að Stúfi

Höfundur: Don Ellione
Leikstjóri: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Þátttakendur: 4
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendur: 100

Jólasveinn verður kennari

Höfundur: Guðmundur M. Þorláksson
Leikstjóri: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Þátttakendur: 7
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50

Rósa fær jólaköttinn í heimsókn

Höfundur: Don Ellione
Leikstjóri: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50

Jól í heimavistaskóla

Höfundur: Sigurður Gunnarsson
Leikstjóri: Bjarki Ingason
Þátttakendur: 8
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50

Hjörtun þrjú

Höfundur: Hilmir Arnarson
Leikstjóri: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir

Þátttakendur: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50

Gleymaska

Höfundur: óþekktur
Leikstjóri: Bjarki Ingason
Þátttakendur: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50

Hvað næst!!

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson
Leikstjóri: Jóhanna Fanney Hjálmarsdóttir Weldingh
Þátttakendur: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50

Húð og hitt

Höfundur: Pétur Pétursson
Leikstjóri: Brynjar Örn Rúnarsson
Þátttakendur: 5
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendur: 50



Benedikt búálfur

Leikár Leikfélags Norðfjarðar byrjaði þegar tvær ungar dömur úr leikfélaginu lögðu land undir fót og mættu fyrstar úr sögu leikfélagsins í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Gekk skólinn vel og minningarnar lifðu allt til enda leikársins vorið 2016.

Verkefnin byrjuðu að streyma inn og rétt fyrir franska daga vorum við beðin um að vera með leiklistanámskeið fyrir börn og út frá því var sýning á frönskum dögum sem heppnaðist mjög vel. Viku seinna sýndi leikfélagið leikritið Afmælisveisla Péturs Pan eftir Þórfriði Soffíu Þórarinsdóttir á aðalsviði Neistaflugs. Einnig voru tekin nokkur lög úr söngleiknum Benedikt búálfur og á sunnudagskvöldinu vorum við með eldgleypatriði við varðeldinn.

Á haustdögum byrjaði æfingarferli fyrir leikritið Benedikt búálfur, sem er stærsta verk sem leikfélagið hefur sýnt í langan tíma. Gengu æfingar vel og vakti sýningin mikla lukku áhorfenda. Leikstjóri var Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Fljótlega eftir Benedikt var afmæli Bandalagsins haldið. Þar sýndum við öll verkin sem voru valin. Haldin var lítil sýning þar sem verkin voru sýnd, leikarar á þeirri sýningu voru unglingar, sem var mjög skemmtilegt.

Við fengum verkefni á jólamarkaði hestamannafélagsins sem haldinn er ár hvert. Þar sýndum við stuttverkið Leitinn að Stúfi eftir Don Ellion. Vakti

sýningin lukku þó nokkrir hafi verið þínu hræddir við Grýlu.

Leikfélagið er með mjög öflugt unglingastarf sem kalla sig Espolín, þau sýndu þrjú jólastuttverk í sal Nesskóla, Rósa fær jólaköttinn í heimsókn eftir Don Ellion, Jól í heimavistaskóla og Stúfur gerist kennari.

Leikfélagið tók að sér að sjá um leiklistarval grunnskólans, samstarfið við skólann gekk vel og er eitthvað sem kemur sér vel fyrir báða aðila. Lokaverkefni leiklistavalsins og unglingastarfsins Espolín, sem vinna saman, var spunasýning sem þau settu upp um miðjan maí. Gekk unglingunum mjög vel miðað við aldur að spinna leikverk uppi á sviði í anda Improv Ísland.

Þann 26. maí hélt leikfélag Norðfjarðar stuttverkasýningu sem heitir því fallega nafni Gleymér-ei í fyrsta skipti og var hún eingöngu fyrir fullorðna. Sýnd voru fjögur stuttverk, Hjörtun þrjú eftir Hilmi Arnarson, Gleymaska eftir Óþekktan höfund, Hvað næst!! Eftir Stefán H. Jóhannesson og Húð og Hitt eftir Pétur R. Pétursson. Á milli sýninga voru spunaverk sem stjórnin sá um. Stuttverkasýningin gekk mjög vel og áhorfendur voru himinlifandi.

Það má segja að Leikfélag Norðfjarðar sé búið að sækja í sig veðrið miðað við verkefnin sem hrannast upp. Takk fyrir gott leikár

Kveðja, Leikfélag Norðfjarðar



Leikfélag Sauðárkróks**Kardemommubærinn**

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

Þátttakendur: 56

Sýningarfjöldi: 13

Áhorfendur: 942

Fullkomið Brúðkaup

Höfundur: Robin Hawdon

Þýðandi: Örn Árnason

Leikstjóri: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson

Þátttakendur: 27

Sýningarfjöldi: 13

Áhorfendur: 977

Ársskýrsla LS leikárið 2015-2016:

Sunnudagskvöldið 7. júní var aðalfundur Leikfélags Sauðárkróks haldinn á Kaffi Krók. Ný stjórn fyrir leikárið 2015-2016: Formaður situr áfram frá leikárinu 2014-2015, Sigurlaug Dóra Ingi-mundardóttir. Kosin voru ný inn: Hanna Bryndís Þórisdóttir, Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir, Páll Friðriksson. Saga Sjöfn Ragnarsdóttir situr áfram í stjórn frá leikárinu 2014-2015. Ný varastjórn var kosin: Guðbrandur J. Guðbrandsson, Guðný H. Axelsdóttir og Hjörtur Gunnarsson.

*Fullkomið brúðkaup*

Fyrsti fundur vegna haustverkefnis, sem var leikritið Kardemommubærinn eftir Thorbjörn Egner, var haldinn 23. ágúst 2015. Búið var að ráða heimamanneskjuna Sigurlaugu Vordísi

Eysteinsdóttur sem leikstjóra. Æfingar hófust fljótlega eftir fyrsta fund, æfingatímabil gekk vel þrátt fyrir að ekki hafi tekist að manna í allar stöður fyrr en liðið var þónokkuð á æfingatímabilið. Einnig er töluverð vinna að setja upp stóra sýningu sem þessa með stórum leikhóp. Frumsýnt var samkvæmt áætlun þann 17. október, sýningatímabilið gekk vel og urðu sýningar alls 13 og áhorfendur alls 942 sem er mjög gott. Leikarar í sýningunni voru 28 en alls komu um 56 manns að sýningunni. Að þessu sinni ákvað stjórn LS að efna til teiknisamkeppni hjá grunnskólabörnum í Skagafirði og var vinningsmyndin notuð á veggspjald verksins.

*Kardemommubærinn*

Sigurvegarinn fékk svo miða á sýninguna fyrir fjölskylduna og út að borða, allir þátttakendur fengu líka miða á sýninguna. Fyrsti fundur fyrir sælúvikuverkefni var haldinn 22. febrúar 2016. Búið var að ráða heimamanninn Guðbrand Ægi Ásbjörnsson sem leikstjóra. Æfingar hófust á Fullkomnu Brúðkaupi eftir Robin Hawdon í þýðingu Arnar Árnasonar. Æfingatímabilið gekk vel og frumsýnt var 24. apríl 2016. Alls voru 13 sýningar og voru áhorfendur 977. Sýningar gengu mjög vel. Leikarar í sýningunni voru 6 en alls komu 26 manns að sýningunni.

Komandi leikar er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS að þátttaka fólks verði góð því án ykkar er þetta ekki hægt.

Að lokum viljum við þakka leikstjórum og leikhópunum fyrir gott og skemmtilegt samstarf sem og öllum sem hafa starfað með okkur á leikárinu, styrktaraðilum og áhorfendum fyrir stuðninginn. Takk fyrir.

*F.h. stjórnar LS
Sigurlaug Dóra formaður*

Leikfélag Selfoss**Kjánar og kynlegir kvistir**

Höfundur: Don Ellione, Þórunn Guðmundsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Stefán Örn Viðarsson

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Þátttakendur: 11

Sýningarfjöldi: 4

Áhorfendur: 160

Kirsuberjagarðurinn

Höfundur: Anton Tsjechov

Þýðandi: Jónas Kristjánsson

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Þátttakendur: 18

Sýningarfjöldi: 14

Áhorfendur: 648

Bangsímon

Höfundur: Peter Snickars

Þýðandi: Sigríður Karlsdóttir

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Þátttakendur: 7

Sýningarfjöldi: 10

Áhorfendur: 850

Sófasögur

Höfundur: Hafþór Agnar Unnarsson og Teitur Magnússon

Leikstjóri: Teitur Magnússon

Þátttakendur: 2

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Afmælisútgáfan

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Jónheiður Ísleifsdóttir

Þátttakendur: 2

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Daginn eftir - Í húsi við sólarupprás

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Leikstjóri: Jónheiður Ísleifsdóttir

Þátttakendur: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Love me tender

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Teitur Magnússon

Þátttakendur: 2

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Gaukurinn Þorlákur

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Leikstjóri: Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 1

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Í skjóli nætur

Höfundur: Don Ellione

Leikstjóri: Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Tengdadóttirin slær í gegn

Höfundur: Teitur Magnússon

Leikstjóri: Teitur Magnússon

Þátttakendur: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 90

Skýrsla stjórnar 2015 – 2016:

Síðasta leikár var sannarlega viðburðaríkt og einstakt að mörgu leiti.



Bangsímon

Stjórnin hefur verið með uppbrettar ermar allt leikárið og áorkað miklu og góðu starfi þó við segjum sjálf frá.

Ný stjórn undir forystu nýkjörins formanns, F. Ella Hafliðasonar, hittist á fyrsta fundi 11. maí 2015 og skipti með sér verkum. Lilja Jóna Halldórsdóttir varaformaður, Sigríður Hafsteinsdóttir ritari, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri og Jónheiður Ísleifsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Viktor Ingi Jónsson, Guðný Lára Gunnarsdóttir og Hafþór Agnar Unnarsson. Alls voru haldnir 32 fundir á leikárinu.

Hörður Sigurðarson, formaður Leikfélags Kópavogs, bauð til kynningar á tækniforritinu Qlab í húsakynnum LK í Funalind 2. júní. 5 tæknitröll úr Leikfélagi Selfoss sóttu kynninguna ásamt fleirum af SV-horninu. Forritið einfaldar mjög tæknikeyrslu á sýningum og á haustdögum festi leikfélagið kaup á forritinu og búnaði til að keyra það. Er það mikil búbót.

Sex félagar úr leikfélaginu sóttu Leiklistarskóla BÍL 6. – 14. júní á Húnavöllum í Svínadal. Einn fór á byrjendanámskeið í leikstórn, þrjár á sérnámskeið í langspuna og tveir á framhaldsnámskeið í leiklist.

Haldin voru fjögur barnanámskeið í leiklist síðasta sumar fyrir börn á aldrinum 6-13 ára. Alls sóttu um 60 krakkar námskeiðin og stóðu sig með þrýði. Sumarnámskeiðin sönnuðu enn og aftur hversu mikilvægur þáttur þau eru í grasrótastarfi félagsins.

Fyrsta sýning leikársins var Kjánar og kynlegir kvistir. Æfingar hófust í byrjun maí og sýningin var frumsýnd 26. júní. Uppsetningin var mikið ævintýri þar sem sýningunni var boðið að fara í leikferð til Danmerkur á leiklistarhátíðina NoBa, sem er eins konar smábæjahátíð áhugaleikfélaga. Sýndar voru þrjár sýningar hér heima og ein sýning á hátíðinni sjálfri. Auk þess tóku tónelskir meðlimir hópsins sig saman og stofnuðu leikhúsbandið Viðriðin og héldu tvo tónleika í fjáröflunarskyni. Allar klær voru úti í fjáröflun og m.a. var atriði úr sýningunni sýnt á 17. júní hátíðarhöldunum á Selfossi sem og Bókabæjarhátíð í september. Þann 4. júlí hélt svo glaður og spenntur leikhópur, alls 11 manns, í víking til Danmerkur þar sem sýningin fékk mikið lof og hópurinn skemmti sér og öðrum vel. M.a. hélt hljómsveitin Viðriðin tónleika á lokakvöldi hátíðarinnar.

Ferðin heppnaðist í alla staði vel og var leikfélaginu til sóma. Alls sá um 160 manns sýninguna hér heima og úti.



Kirsuberjagarðurinn

Leikfélagið réðst í þónokkrar framkvæmdir innanhúss síðasta sumar. Fyrir lá að klára að skipta um ofna í húsinu, nánar tiltekið í salnum. Þar sem rífa þurfti upp hluta af gólfinu í salnum var ákveðið að nýta tækifærið og rífa það allt upp og gera úrbætur á festingum fyrir sætin auk þess að skipta um teppi. Einnig voru klósett á efri hæðinni tekin umtalsvert í gegn.



Kjánar og kynlegir kvistir

Stjórnin hafði samband við brunaæfirlitið til að gera úttekt á brunamálum í húsinu. Í framhaldi af því var sett upp fullkomið brunakerfi í samstarfi við sveitarfélagið enda öryggi þeirra sem starfa og heimsækja leikhúsið stjórninni mjög hugleikið.

Haldinn var haustfundur 26. ágúst þar sem starf vetrarins var kynnt. Nóg var í boði. Æfingar á Hugarflugi, stuttverkadagskrá, var þegar hafin og Hugarflugið var haldið 19. september fyrir troðfullum sal. Hugarflugið var mjög fjölbreytt og skemmtilegt og ekki skemmdi fyrir að Hugarflugið átti 10 ára afmæli. Af því tilefni fengum við sérstakan heiðurskynni, sjálfan formann BÍL Guðfinnu Gunnarsdóttur, enda má segja að hún sé guðmóðir Hugarflugsins sem er okkur svo kært og dýrmætt.

Guðfinna Gunnarsdóttir hafði á vordögum verið ráðin til að leikstýra haustverkefni leikfélagsins. Ákveðið var að setja upp barnaleikritið Bangsimon á nýjan leik en það er í fyrsta sinn sem leikfélagið setur upp sama verkið tvisvar. Það var áður sett upp 1995. Æfingar hófust 21. september og frumsýnt var 31. október. Sýndar voru 10 sýningar og var uppselt á þær allar. Alls komu rúmlega 800 manns að sjá sýninguna og fékk hún mikið lof og börnin skemmtu sér einstaklega vel.

Leikfélagið fékk margar heimsóknir í Litla leik-

húsið á leikárinu. Hæst ber að nefna að sjálft Þjóðleikhúsið kom í heimsókn 23. október með brúðsýninguna Sögustund eftir Bernd Ogradnik en hann sá sjálfur um að stýra brúðunum. Sýningin var liður í að bjóða leikskólabörnum út um allt land í leikhús og bauð Þjóðleikhúsið elstu leikskólabörnum Árborgar og nágrennis á sýninguna. Sýndar voru tvær sýningar og sáu um 180 börn sýninguna í Litla leikhúsinu við Sigtún. Auk þess komu nokkrir skólahópar í heimsókn úr grunnskólum og leikskólum Árborgar á leikárinu til að kynna sér leikhúsið og leikfélagið.

Bandalag Íslenskra leikfélaga (BÍL) átti 65 ára afmæli 2015. Haldin var stuttverkasamkeppni í tengslum við afmælið og í kjölfarið voru þrjú verk valin sem afmælisverk BÍL. Eftt var til afmælisgjörnings um allt land þar sem áhugaleikfélög voru hvött til að flytja verkin á einhvern máta í tilefni afmælisins. Leikfélag Selfoss hélt leiklestur á verkunum þremur 19. nóvember í Litla leikhúsinu. Það var fámennnt en góðmennt á viðburðinum og gestir skemmtu sér vel. Þess má geta að eitt verkanna var eftir F. Ella Hafliðason formann leikfélagsins.

Haldið var Jólakvöld 15. desember í Litla leikhúsinu við Sigtún. Að vanda var jólakvöldið rólegt, notalegt og skemmtilegt í alla staði. Spiluð var jólatónlist, sagðar sögur, Birtubandið söng nokkur



falleg lög og Grýla kíkta í heimsókn í forföllum jólasveinanna.

Leikfélagið vann mikið í tæknimálum á leikárinu og í janúar festi félagið kaup á nokkrum LED-ljóskesturum og stýringum á ljósabúnaði fyrir umtalsverða upphæð. Hafa kastararnir þegar reynst afar vel og eru mikilvægt skref í átt að nútímavæða tæknibúnaðinn. Vonandi verður hægt að stíga fleiri spor í þá átt á næstu árum.

Rúnar Guðbrandsson var ráðinn til starfa sem leikstjóri að stóru sýningu félagsins þetta leikárið. Fyrir valinu varð hið klassíska verk Kirsuberjagarðurinn eftir Anton Tsjechov. Rúnar hélt workshop 28. – 29. nóvember en æfingar á leikritinu hófust 4. janúar 2016. Sýningin heppnaðist einstaklega vel og þótti í senn mjög falleg, myndin en umfram allt faglega unnin í alla staði. Höfðu áhorfendur sem og gagnrýnendur sérstaklega orð á því hversu vel leikin hún var af afar samhentum hópi sem hvergi sló feilnótu. Það var og skemmtilegt að í leikhópnum voru fjórir fyrrverandi og núverandi formenn Leikfélags Selfoss. Frumsýning var 19. febrúar en alls voru sýndar 14 sýningar. Tæplega 650 manns sáu sýninguna.

Heiðursfélaginn Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson varð 70 ára 27. mars. Af því tilefni hélt leikfélagið kaffisamsæti honum til heiðurs 9. apríl í Litla leikhúsinu. Voru þar m.a. samankomnir fimm af sex eftirlifandi heiðursfélögum leikfélagsins.

Leikfélag Selfoss og Leikfélag Ölfuss héldu sameiginlegt leikritunarnámskeið í apríl. Kennari var Karl Ágúst Úlfsson. Námskeiðið var mjög vel sótt og tókst einstaklega vel. Afraksturinn var fjöldinn allur af nýjum stuttverkum og var brot af þeim leiklesinn með gestum á lokakvöldi námskeiðsins 27. apríl í Litla leikhúsinu við Sigtún.

Leikfélagið var með opið hús í leikhúsinu á Sumardaginn fyrsta í tengslum við Vor í Árborg. Fjöldi gesta kíkta í heimsókn og gæddi sér á kaffi, heilsuðu upp á Tígra úr Bangsímón sem var á vappi, fengu andlitsmálningu auk þess að gæða sér á vöflum og rjóma. Leikfélagið er mjög ánægt að sjá hversu mikinn áhuga bæjarbúar sýna leikhúsinu á þessum árlega viðburði. Fimm meðlimir úr Leikfélagi Selfoss sóttu aðalfund BÍL helgina 6. – 8. maí á Seyðisfirði. Voru

það Elli, Lilja Jóna, Sigríður, Gerður Halldóra og Guðfinna Gunnars. Bar það helst til tíðinda að Sigríður Hafsteinsdóttir var kosin í varastjórn BÍL en auk þess er Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalagsins.

Eins og þið heyrið í þessari endalausú upptalning hefur stjórn haft í nógu að snúast síðasta leikár. Leikhúsið hefur iðað af lífi flestar stundir frá síðasta aðalfundi. Þess má geta að allt árið 2015 frumsýndi leikfélagið í fyrsta skipti fjórar leiksýningar á sama árinu og á innan við ári (27. febrúar 2015 – 19. febrúar 2016) hefur leikfélagið frumsýnt 5 leiksýningar þar af þrjár á þessu leikári, og farið í leikferð erlendis.

Um leið og við lokum þessu annasama leikári vill stjórn leikfélagsins þakka kærlega öllu þeim sem hafa unnið með okkur, hjálpað okkur, stutt okkur eða bara horft á okkur skapa list kennda við leik. Án ykkar værum værum við eins og óklárað handrit oní rykugri skúffu.

Stjórn Leikfélags Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Sex í sveit

Höfundur: Marc Camoletti
Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson
Leikstjóri: Ágúst T. Magnússon
Þátttakendur: 12
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendur: 257



Sex í sveit

Leikfélag Sólheima

Galdrakarlinn í Oz

Höfundur: Ármann Guðmundsson og Frank Baum

Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Þátttakendur: 43

Sýningarfjöldi: 5

Áhorfendur: 353



Galdrakarlinn í Oz

Leikfélag Vestmannaeyja

Ævintýrabókin

Höfundur: Pétur Eggerz

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Þátttakendur: 28

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendur: 780

Nei, ráðherra!

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson

Leikstjóri: Stefán Benedikt Vilhjálmsson

Þátttakendur: 15

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendur: 846

Skýrsla stjórnar 2015-2016:

Stjórnarkjör

Eftir aðalfund var nýkjörinni stjórn skipt niður í eftirfarandi stöður:

Unnur Guðgeirsdóttir, formaður
Ingveldur Theodórsdóttir, varaformaður
Viktor Rittmüller, gjaldkeri
Alexander Páll Salberg, meðstjórnandi
Jóhann Helgi Gíslason, meðstjórnandi

Verkefni leikársins

Um haustið ákváðum við að stíga aðeins út fyrir þægindaramma okkar og setja upp verk sem er ekki mjög þekkt. Það var verkið „Ævintýrabókin“ eftir Pétur Eggerz sem er samblanda af þekktum Grímsævintýrum. Leikstjóri að þessu sinni var Ingrid Jónsdóttir. Æfingar hófust í lok september og frumsýnt var 14. nóvember. Sviðið var skemmtilega öðruvísi þar sem engin sviðsmynd var á sviðinu en í stað þess var myndum varpað á bakvegginn sem gaf áhorfandanum hugmynd að því hvaða ævintýra var verið að ferðast á milli. Tónlistin var endurútsatt fyrir okkur sem kom afar vel út. Sýningin heppnaðist vel og einkenndist af myndunum í bakgrunn, fallegri tónlist og flottum búningum.



Ævintýrabókin

Fljótlega eftir áramót hófust síðan æfingar á farsanum „Nei, ráðherra!“ eftir Ray Cooney. Það hafði ekki verið settur upp farsí síðan við sýndum Fullkomið Brúðkaup árið 2010. Sú sýning var afar vinsæl og fannst okkur tilvalið að taka upp eitt farsastykki og hvíla þar með söngleikina. Leikstjóri var Stefán Benedikt Vilhelmsson sem einnig setti upp Litlu Hryllingsbúðina hjá okkur fyrir ári síðan. Líkt og þá var mikið lagt í sviðsmyndina og reis á stuttum tíma, glæsileg parketlögð svíta á Hótel Borg á sviðinu. Æfingar stóðu yfir í einungis sex vikur sem er afar stuttur tími miðað við þann mikla texta sem ráðherrarnir þurftu að fara

*Nei, ráðherra!*

með. Sýningin heppnaðist mjög vel og hefðum við viljað sýna hana mikið oft.

*Viktor Rittmüller, gjaldkeri
Leikfélags Vestmannaeyja*

Leikfélag Ölfuss

Einn rjúkandi kaffibolli

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Þátttakendur: 12

Sýningarfjöldi: 14

Áhorfendur: 450

Stutt og laggott

Höfundur: Halldór Ingólfsson, Hákon Svavars-
son, Magnþóra Kristjánsdóttir og Oddfreyja H.
Oddfreysdóttir

Leikstjóri: Halldór Ingólfsson, Hákon Svavars-
son, Magnþóra Kristjánsdóttir og Oddfreyja H.
Oddfreysdóttir

Þátttakendur: 16

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendur: 27

*Skýrsla stjórnar Leikfélags Ölfuss leikárið 2015-
2016:*

Stjórn LÖ 2015-2016

Á aðalfundi sem haldinn var 12. maí 2015 urðu engar breytingar á stjórn frá fyrra ári. Magnþóra Kristjánsdóttir formaður og með henni í stjórn

Árný Leifsdóttir, varaformaður, Hulda Gunnars-
dóttir, ritari, Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir,
gjaldkeri og Aðalsteinn Jóhannsson meðstjórn-
andi.

Varamenn þau Þrúður Sigurðar og Hákon Svavars-
son. Aðalsteinn gefur ekki kost á sér áfram
í stjórn en aðrir meðlimir eru tilbúnir til áfram-
haldandi setu. Það er því kjörið að bjóða sig fram í
stjórn hér á eftir.

Bandalagsskólinn

Ákvörðun stjórnar frá því 2011 um að greitt
verði fyrir allt að 3 nemendur í Bandalagsskólann
var og er áfram í gildi. Sumarið 2015 fóru fjórir
meðlimir LÖ í skólann, þau Aðalsteinn Jóhann-
son, Magnþóra Kristjánsdóttir og Árný Leifsdóttir
á Leikstjórn I undir leiðsögn Rúnars Guðbrands-
sonar og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir á leiklist II
undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Nú í sumar fara
einnig sömu fjórir meðlimir félagsins í skólann,
þrír á leikstjórn II hjá Rúnari Guðbrandssyni,
þau Aðalsteinn, Árný og Magnþóra og Oddfreyja
á sérnámskeið hjá Stephen Harper. Samkvæmt
áður nefndri samþykkt greiðir LÖ sem nemur
þremur skólagjöldum og deilist upphæðin milli
þessara fjögurra nemenda í ár líkt og í fyrra.

*Einn rjúkandi kaffibolli*

Verkefni félagsins á leikárinu

Leikfélag Ölfuss átti 10 ára starfsafmæli á leik-
árinu. Haldið var upp á það með ýmsum hætti.
Sett var upp sýning í Galleríi undir stiganum í
septembermánuði og þar sýndir ýmsir leikmunir,
búningar, leikskrár, plaköt og fleira um leið og

sagan var rakin í máli og myndum um alla veggi. Einnig var saga félagsins rakin á síðum Bæjarlífs.

Haustverkefni félagsins var glænýtt íslenskt leikverk eftir Aðalstein Jóhannsson sem var afrakstur frá námskeiðum sem hann sat hjá Karli Ágústi Úlfssyni 2014 og 2015. Verkið nefnist Einn rjúkandi kaffibolli og var F. Elli Hafliðason aka. Don Ellione fenginn til að leikstýra, en hann stýrði félaginu einnig á síðasta leikári með sýninguna Enginn með Steindóri. Æfingar hófust 27. ágúst í Ráðhúsinu en fljótlega beindust augu okkar að húsnæði að Selvogsbraut 4 þar sem áður var rekinn bar. Við fengum að skoða og sáum strax að rýmið passaði verkinu fullkomlega. Samningar náðust við eiganda hússins um að fá að setja upp sýninguna þar gegn því að greiða hita og rafmagn á meðan á æfingum og sýningum stæði. Það var mikið gustukaverk að hreinsa út úr húsnæðinu en þar kenndi ýmissa grasa. Með samstilltu átaki vaskra félaga með tuskur og sápur að vopni var fljótt hægt að hefja vinnu við að setja upp sýninguna á þessum spennandi stað. Mikil stemning myndaðist meðal félaga við að gera húsnæðið að leikhúsi og var málað, sagað og smíðað öll kvöld og allar frístundir. Útkoman var skemmtileg og leikmyndin smellpassaði við verkið, barinn til staðar og réttur andi í hvívetna. Æfingar gengu vel og frumsýnt var föstudaginn 16. október fyrir fullu húsi. Þar sem rýmið er

frekar lítið skapaðist skemmtileg nánd milli áhorfenda og leikara og átti það sinn þátt í að gera verkið enn skemmtilegra. Á miðju æfingatímabilinu fengum við sjónvarpsstöðina N4 í heimsókn og var það fín auglýsing fyrir félagið. Sýndar voru 14 sýningar, sú síðasta þann 28. nóvember og var uppselt á nánast allar. Heildarfjöldi áhorfenda var 450 manns.

Leikfélag Ölfuss hélt veislu að Selvogsbraut 4 þann 22. nóvember í tilefni 10 ára afmælis LÖ og 65 ára afmælis Bandalags íslenskra leikfélaga. Sýnd voru þrjú stuttverk sem valin voru úr innsendum verkum en Bandalag íslenskra leikfélaga auglýsti eftir stuttverkum til að sýna um allt land í tilefni afmælis Bandalagsins. Oddfreyja H. Oddfreysdóttir er höfundur eins af þessum þremur verkum. Eftir að stuttverkin höfðu verið sýnd undir styrkri kynningu Árnýjar og Steina var boðið upp á afmælistertur og Bandalagssöngurinn sunginn. Ágætlega var mætt á hátíðina og höfðu allir gaman af.

Eins og undanfarin ár sáu félagar í LÖ um að redda jólasveinum við tendrun jólaljósanna á Ráðhústorginu á fyrsta degi adventu. Nokkrir hressir jólasveinar sprelluðu með krökkunum í kringum jólatréð.

Leikfélag Ölfuss sýndi nokkra stutta leikþætti á



nýárstónleikum Lúðrasveitar Þorlákshafnar þann 9. janúar við góðan orðstír. Við tókum þátt í Þorablótinu þetta árið sem endranær og var það hinn viðkunnanlegi Ingólfur Arnarson sem var fulltrúi okkar í þetta sinn.

Upp úr áramótum var ákveðið að þeir sem hefðu áhuga myndu hittast vikulega að Selvogsbraut 4 til að skrifa. Voru það þó nokkrir sem mættu reglulega og ýmis verk litu dagsins ljós. Var í kjölfarið ákveðið að efna til stuttverkahátíðarinnar Stutt og laggott þann 9. apríl. Voru þar sýnd fjögur verk eftir félagi LÖ. Æft var á viku og tók fjöldi manns þátt í uppsetningunni. Vel var mætt á hátíðina og verður svo sannarlega framhald á verkefnum af þessu tagi í nánustu framtíð.

Leikfélag Ölfuss og Leikfélag Selfoss tóku höndum saman og blésu til námskeiðs í leikritun undir stjórn Karls Ágústs Úlfssonar. Sótt var um styrk til SASS til verkefnisins og fengum við 200.000 krónur frá þeim. Sá styrkur dugði til þess að greiða fyrir kennarann, pappír, kaffi og allt það sem til þurfti til að halda námskeiðið og var það þátttakendum að kostnaðarlausu að vera með. Alls voru 18 þátttakendur á námskeiðinu sem var 20 klukkustundir. Hist var fimm sinnum, til skiptis á Selfossi og í Þorlákshöfn og síðasta kvöldið var afrakstur námskeiðsins leiklesinn í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi þar sem þó nokkur fjöldi áhorfenda mætti og bæði fylgdist með og tók þátt í leiklestrinum. Það er von okkar að þetta samstarf við Selfyssinga haldi áfram og við gerum fleira þessu líkt á næstunni.

Leikfélagið sýndi stuttan leikþátt er nefnist Amma, Óli og Þjófurinn í safninu á vorhátíð leikskólans Bergheima laugardaginn 21. maí. Um var að ræða leikgerð upp úr samnefndri sögu eftir Björk Bjarkadóttur eftir Árnýju Leifsdóttur.

Það hefur verið nóg að gera þetta skemmtilega afmælisár og nóg framundan.

Verkefni næsta leikárs

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um leikverk fyrir komandi leikár og verður það spennandi verkefni fyrir nýja stjórn. Áframhaldandi vinna við gerð stuttverka og annarra leikverka og að halda stuttverkahátíð.

BÍL þing

Þrír fulltrúar fóru á BÍL þing sem haldið var á Seyðisfirði 6.-8. maí. Það voru þær Magnþóra, Oddfreyja og Árný. Þingið var skemmtilegt og fróðlegt sem endranær og fór svo að lokum að Leikfélag Ölfuss og Leikfélag Selfoss ákváðu í sameiningu að bjóða til næsta þings á Suðurlandi. Það verður mikið stuð að skipuleggja þennan skemmtilega viðburð en þingið verður haldið 6.-8. maí 2017.

Ég vil hvetja félagsmenn til að fylgjast með á heimasíðu Bandalagsins, leiklist.is og kynna sér starfsemina betur og lesa fundargerð aðalfundarins þegar hún verður birt. Einnig vil ég benda félagsmönnum á að skrá sig á facebookhópinn Landsnet áhugaleikfélaga á Íslandi en þar er hægt að eiga samskipti við fólk í leikfélögum víðsvegar um landið.



Einn rjúkandi kaffibolli

Einnig er vert að geta þess að leikfélögin á suðvesturhorninu hafa gert með sér samning um 50% afslátt af miðaverði milli leikfélaga. Um er að ræða eftirtalin félög: Halaleikhópurinn, Hugleikur, Leikfélag Hafnarfjarðar, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Selfoss og Leikfélag Ölfuss. Sér samningur er þó í gildi milli Leikfélags Selfoss og Leikfélags Ölfuss en þar fá félagar beggja leikfélaga frítt á sýningar hvort hjá öðru.

Verkefni stjórnar og nefnda

Ýmis tæki voru keypt á árinu. Þar ber helst að nefna hátalara og mixer, nýja dimmera og haug af vídeigandi snúrum. Enn eigum við þó eftir að

koma öllum þessum ljósagræjum í notkun en þar strandar málið helst á því að við þurfum kennslu á dótíð. Einnig var fjárfest í prentara svo hægt sé að prenta út leikverk þegar ritunarhópar eru starfandi.

Skrifað var undir samstarfssamning við Sveitarfélagið Ölfus í haust en hann felur í sér að LÖ útvegar jólasveina við tendrun jólaljósa og fær greitt fyrir ákveðna upphæð, að þessu sinni kr. 190.000 kr. Sveitarfélagið Ölfus færði LÖ góða afmælisgjöf í lok nóvember en það var glæný Macbook fartölva. Með því verður hægt að vinna hljóð og myndefni svo vel sé og vandað til verka. Kunnum við Sveitarfélaginu Ölfusi bestu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Hún á eftir að nýttast vel.

Sótt var um ýmsa styrki á leikárinu og gerir styrkjanevnd frekari grein fyrir því á eftir. Stjórn Leikfélags Ölfuss sendi formlegt bréf til bæjarstjóra og bæjarstjórnar þar sem farið var þess á leit að félagið fengi varanlega sýningarstöðu að Selvogsbraut 4 en Sveitarfélagið hefur fest kaup á því húsi. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvað gera eigi við húsnæðið. Það er morgunljóst að LÖ þarf á varanlegri lausn að halda varðandi sýningar- og geymsluhúsnæði en Indriði er löngu orðinn of lítill. Einnig hefur oft reynst erfitt að setja upp sýningar í Ráðhúsinu vegna annarrar starfsemi þar. Það er von mín að viðunandi niðurstaða fái í þessa beiðni okkar og bæjarstjórn sjái kosti þess að hafa bæjarleikhús í okkar ágæta sveitarfélagi.

Send var inn umsókn til Þjóðleikhússins um athyglisverðustu áhugaleiksýninguna eins og undanfarin ár en sýningin Ekkert að óttast frá Leikfélagi Hafnarfjarðar hreppti hnossið að þessu sinni en gaman er að geta þess að okkar ágæti Aðalsteinn fór með eitt hlutverkanna í sýningunni.

Formlegir stjórnarfundir voru ekki ýkja margir á árinu þar sem stjórn fundaði sem fyrr mikið í lokuðum hópi á facebook. Það auðveldar samskipti óháð tíma- og staðsetningum stjórnarmanna.

*F.h. stjórnar Leikfélags Ölfuss,
Magnþóra Kristjánsdóttir, formaður*

Leikfélagið Baldur

Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: Pröstur Leó Gunnarsson

Þátttakendur: 36

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendur: 255



Dýrin í Hálsaskógi

Skýrsla stjórnar leikárið 2015-2016:

Í ár var ákveðið að ráðast í stórt og flott leikverk bæði til að rífa félagið upp en einnig til að halda upp á 50 ára afmæli félagsins. Leikfélagið ákvað að setja upp Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Þar sem leikfélagið hefur ekki verið í mikilli starfsemi undanfarin ár vegna fámennis í samfélaginu, fyrir utan leikverkið Rommí sem sett var upp 2014, var það aldeilis áskorun að fara af stað með rúmlega 30 manna sýningu. Pröstur Leó var fenginn til að leikstýra verkinu enda átti hann hugmyndina að því að ráðast í þetta stóra verk. Eftir að hafa athugað og unnið í því að fá fólk með í verkefnið tókst okkur að koma ferlinu af stað og þann 24. október síðastliðinn frumsýndum við og urðu það tvær stórkostlegar og velheppnaðar

sýningar þar sem 36 manns tóku þátt. Þar sem ekki var unnt að sýna fleiri sýningar á þeim tíma, stefnum við að því að setja sýninguna upp aftur í haust og vonandi verður það gerlegt.



Dýrin í Hálsaskógi

Í október ákváðum við líka að taka upp sviðakvöldið sem var áður árlegt og alveg tilvalið að skella í það viku fyrir frumsýningu til að peppa hópinn upp. Mjög skemmtilegt kvöld og stefnum að því að gera það aftur að árlegum viðburði.

Í desember héldum við jólatónleika Baldurs og ákveðið var að hafa frítt inn á tónleikana af tilefni 50 ára afmælisins. Tónleikarnir voru mjög vel heppnaðir og mjög vel sóttir.

Ekki hefur fleira verið gert í nafni Leikfélagsins Baldurs á árinu en vonandi getum við haldið áfram og jafnvel sett upp nýtt verk í komandi leikári.

*F.h. Leikfélagsins Baldurs,
Anna Vilborg Rúnarsdóttir formaður
og Signý Sverrisdóttir gjaldkeri*

Leikfélagið Borg

Er á meðan er

Höfundur: Moss Hart og Georg S. Kaufman

Þýðandi: Sverrir Thoroddsen

Leikstjóri: Lilja Nótt Þórarinsdóttir og

Jónmundur Grétarsson

Þátttakendur: 18

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendur: 449

Skýrsla stjórnar:

Leikfélagið Borg var stofnað eða endurvakið þann 27. apríl 2015 á fundi í félagsheimilinu Borg.

Strax var ákveðið að setja skyldi upp leiksýningu í tilefni 50 ára afmælis félagsheimilisins í febrúar 2016.

Þann 8.-10. júní bauð svo ungmennafélagið í samstarfi við leikfélagið upp á námskeið til að hrista saman hóp af fólki sem hafði áhuga á að starfa með félaginu, Lilja Nótt Þórarinsdóttir stýrði því.

Í október var svo hafist handa við að undirbúa leiksýningu, finna verk, ráða leikstjóra og finna leikara og aðra sem að sýningu koma. Lilja Nótt og Jónmundur Grétarsson voru ráðin til að leikstýra og fyrir valinu varð verkið *Er á meðan er*. Vel gekk að finna flottan hóp leikara og má til gamans geta að allir eru þeir búsettir í sveitinni nema ein en hún hefur sterka tengingu í sveitina. Hafist var handa við samlestur og æfingar.

Aðalfundur var haldinn þann 15 október. Þar sem kosin var formleg stjórn leikfélagsins og samþykkt lög félagsins.



Leikfélagið Óríon

Kartöfludagar

Höfundur: Leikfélagið Óríon
 Leikstjóri: Ingimar Bjarni Sverrisson
 Þátttakendur: 11
 Sýningarfjöldi: 7
 Áhorfendur: 134

Skýrsla stjórnar Leikfélagsins Óríon 2015-2016: Leikfélagið var mjög virkt sumarið 2015. Það gerði tvær devised sýningar á stuttu tímabili, annars vegar uppsetning á Þrymskviðu sem var sýnd á ensku. Hún var gerð með þáttöku áhorfenda í huga og var boðið upp á veitingar. Þrymskviða var sýnd í skátaheimilinu Hraunbyrgi 6. ágúst, en aðeins ein sýning var.

Svo var seinna devised verkefnið, Vegurinn til Valhallar, sýnt í Hraunbyrgi 27. ágúst og svo var aukasýning í húsnæði Hugleiks.



Kartöfludagar

Í október 2015 lagði leikfélagið af stað í nýtt devised verkefni með leikstjóranum Ingimari Bjarna. Þetta var fjórða devised sýningin sem leikfélagið hefur gert, en þetta var í fyrsta skipti sem verkefni var undir stjórn lærðs leikstjóra og gekk það mjög vel.

Farið var í æfingaferð til Hellu í lok janúar og var verkið Kartöfludagar sýnt í Kartöflugeymslunum í Ártúnsbrekkunni dagana 10.-21. mars.

Stjórn Leikfélagsins Óríon

Leikfélagið Sýnir

Stjáni blái

Höfundur: Don Ellione (F. Elli Hafliðason)
 Leikstjóri: Herdís Ragna Þorgeirsdóttir
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 28

Aftur til nútíðar

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
 Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Þátttakendur: 4
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 28

Eitt fölnað blóm

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
 Leikstjóri: Helga Ósk Snædal
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 29

Róló

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Leikstjóri: Björgúlfur Egill Pálsson
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 29

Beðið eftir strætó

Höfundar: Ólafur og Ingveldur Lára Þórðarbörn
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 28

Flug FL 544 til Keflavíkur frá London

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
 Leikstjóri: Ólafur Þórðarson
 Þátttakendur: 5
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 26

Ríjúníon

Höfundur: Halldór Magnússon
 Leikstjóri: Árný Leifsdóttir
 Þátttakendur: 3
 Sýningarfjöldi: 1
 Áhorfendur: 28



Ríjúníon

Árskýrsla leikárið 2015-16:

Stjórn leikfélagsins var þannig skipuð á leikárinu:
 Ármann Guðmundsson, formaður
 Gísli Björn Heimisson, varaformaður
 Unnar Reynisson, gjaldkeri
 Ninna Karla Katrínardóttir, ritari
 Ásta Elínardóttir, meðstjórnandi
 Varastjórn: María Björt Ármannsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir og Stefán H. Jóhannesson



Beðið eftir strætó

Stjórn fundaði óreglulega á leikárinu og réði þar mestu talsverð fjarvera formanns vegna leikstjórnaverkefna hans í öðrum landshlutum. Fljótlega var útséð um að ráðist yrði í stórt verkefni um sumarið og því látið nægja að setja upp stuttverkasýningu á Ríjúníoni Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldið var í Logalandi í Reykholtssdal 15. ágúst. Þar voru sýnd

verkin Aftur til fortíðar og Eitt fölnað blóm eftir Gísla B. Heimisson, Beðið eftir strætó eftir Ólaf Þórðarson og Ingvaldi L. Þórðardóttur, Flug FL 544 til Keflavíkur frá London eftir Steinunni Þorsteinsdóttur, Ríjúníon eftir Halldór Magnússon, Róló eftir Ingvaldi Láru Þórðardóttur og Stjáni blái eftir Don Ellione. Auk þess voru sýnd tvö verk sem ekki var sótt um styrk fyrir þar sem þau þóttu ekki fullbúnar sýningar.



Aftur til nútíðar

Yfir veturinn var starfsemi öll í lágmarki eins og áður sagði en stefnan var sett á aðra stuttverkasýningu í lok maí. Ákveðið var að hafa höfundadag þar sem þeir sem hefðu áhuga á að skrifa verk fyrir dagskránnu mundu hittast og skrifa verk. Tókst það með ágætum og sjö höfundar skrifuðu jafnmörg verk auk þess sem 8. verkið bættist við síðar. Þegar til kom fengust hins vegar ekki nógu margir leikstjórar og leikarar á þeim tíma sem til stóð að sýna og því var ákveðið að fresta því þar til síðar um sumarið, þ.e. til næsta leikárs. Fleira ekki gert á leikárinu.

Ármann Guðmundsson, formaður

Leikhópurinn Lopi

Þú ert í blóma fiflið þitt

Höfundur: Davíð Þór Jónsson og Unglingadeild
 Leikfélags Hafnarfjarðar
 Leikstjóri: Magnús J. Magnússon
 Þátttakendur: 25
 Sýningarfjöldi: 4
 Áhorfendur: 150

Skýrsla stjórnar leikárið 2015 – 2016:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundin sl. leikár. Fundur með leikurum var í september og var ákveðið að taka til sýningar leikritið „Þú ert í blóma lífsins, fíflað þitt“ eftir Davíð Þór Jónsson og ungmennadeild Leikfélags Hafnarfjarðar. Æfingar hófust í lok september. 25 leikarar tóku þátt í sýningunni. Æfingar gengu vel og var frumsýnt 22. nóvember 2015 við góðar undirtektir. Til viðbótar voru sýndar 3 almennar sýningar.

Í heild gekk þetta leikár vel. Þetta var 30. frumsýning Lopa og 23. leikárið. Sýnir að starfsemin er í gangi.

Stjórn Lopa 2014- 2015

Formaður: Magnús J. Magnússon

Gjaldkeri: Ágústa Baldursdóttir

Ritari: Íris Árný Magnúsdóttir

Varastjórn: Hólmgrímur E. Bragason og Ólafur M. Hauksson

Magnús J. Magnússon formaður

Leiknefnd Umf. Grettis

Súperstar

Höfundur: Andrew Lloyd Webber

Þýðandi: Hannes Örn Blandon - Emilía Baldursdóttir

Leikstjóri: Sigurður Líndal Þórisson

Þátttakendur: 36

Sýningarfjöldi: 5

Áhorfendur: 870

*Súperstar**Syðsta Ósi, 7. maí 2016:*

Á haustmánuðum 2014 kom upp sú hugmynd hjá félagsmönnum Leikdeildar Umf. Grettis að setja upp rokkóperuna Súperstar. Vissu félagsmenn að Ásbyrgi, félagsheimili þess væri ekki nógu stórt fyrir sýninguna og fór því í samstarf við Leikflokkinn á Hvammstanga með því hugarfari að sýna í félagsheimili þess á Hvammstanga. Fyrirhuguð sýning var um jólin 2015 en breyttist það yfir í páska 2016.

*Súperstar*

Undirbúningur hófst í byrjun árs 2015 og frá þeim tíma til byrjun október voru haldnir nokkrir fundir þar sem sýningin var skipulögð. Þegar undirrituð frétti að Sigurður Líndal Þórisson væri að flytja heim í Húnaþing frá London var ákveðið að bera undir hann hvort áhugi væri fyrir að leikstýra verkinu. Tók hann vel í það og sótti hann reglulega æfingar alveg frá byrjun þó svo að þess væri ekki þörf þar sem söngur og undirspil var æft í fyrstu.

Í janúar 2016 hófust leikæfingar í Félagsheimilinu Ásbyrgi og færðust þær yfir í Félagsheimilið á Hvammstanga í byjun febrúar. Þátttakendur verkensins voru alls 38, 13 manns í kór, 9 manns ein-söngvarar (þar af tveir úr kórhopi), fimm manna hljómsveit og 13 manns í hljóði, ljósum, förðun,

hárgreiðslu, búningahönnun og gerð sviðsmyndar. Allt heima fólk.

Til að gera félagsheimilið sem líkast leikhúsi voru gerðir upphækkaðir pallar í danssal hússins sem stólum var svo raðað á. Með því sáu allir áhorfendur vel til sýningar. Sviðsmynd var mjög einföld en þjónaði samt sínu hlutverki mjög vel. Félagið á öðrum leikfélögum mikið að þakka fyrir afnot af búnaði til sýningarinnar og má þar nefna Leikfélagið í Þorlákshöfn og Freyvangsleikhúsið. Þar sem í hópnum var reyndur ljósa- og hljóðmaður, Sigurvaldi Ívar Helgason, sem einnig sinnti hlutverki trommuleikarans í verkinu, var uppsetning ljósabúnaðar til fyrirmyndar og mikið um það talað af áhorfendum hvað sýningin hafi í heild verið glæsileg í alla staði.

Áætlaðar sýningar voru 4 um páskana, en fjölgaði um 1 sýningu eftir að 2 sýningum var lokið. Alls voru þetta því 5 sýningar og uppselt á þær allar. Þátttakendur verksins voru mjög ánægðir í lok síðustu sýningar þó svo að um mikla vinnu hafi verið að ræða því hún var í leiðinni mjög skemmtileg.

Spurning hvað söngleikur verður fyrir valinu næst.

*Ingibjörg Jónsdóttir formaður
Leikdeildar Umf. Grettis*

Litli leikklúbburinn

Kvöldstund með LL

Höfundur: Ýmsir
Leikstjóri: Páll Gunnar Loftsson
Þátttakendur: 15
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendur: 200

Rauðhetta

Höfundur: Snæbjörn Ragnarson
Leikstjóri: Páll Gunnar Loftsson
Þátttakendur: 30
Sýningarfjöldi: 7
Áhorfendur: 563

Skýrsla stjórnar fyrir leikárið 2015 – 2016:

Aðalfundur klúbbsins var haldinn 1. september, ný stjórn var kosinn hana skipa: Jóhanna Ása Ein-

arsdóttir formaður, Halla Sigurðardóttir gjaldkeri, Helga Sigríður Hjálmarasdóttir ritari, Páll Gunnar Loftsson meðstjórnandi og Steingrímur Rúnar Guðmundsson meðstjórnandi. Varamaður er Finnur Magnússon.



Rauðhetta

Á leikárinu voru haldnir 8 stjórnarfundir. Í september hélt klúbburinn sminknámskeið þar sem Ragna Fossberg var kennari. Námskeiðið var helgarnámskeið og voru um 20 þátttakendur. Námskeiðið var í boði klúbbsins og sótti fólk námskeiðið frá Ísafirði, Bolungarvík, Þingeyri, Suðureyri og Hólmavík.

Í september hófst vinna við verkefnið Kvöldstund með LL. Skemmtunin samanstóð af kvöldverði og skemmtiatriðum. Edinborg Bistro sá um matinn sem var í anda þess sem var fyrir 50 árum. Skemmtiatriðin voru brot úr leikritum klúbbsins síðustu 50 ár. Tónlistarstjóri var Stefán Steinar Jónsson og verkefnastjóri var Páll Gunnar Loftsson. Sýnt var fyrstu tvær helgarnar í október. Alls tóku 15 manns þátt í verkefninu.

Í desember hófst undirbúningsvinna fyrir vorverk félagsins sem var leikritið Rauðhetta í leikgerð Snæbjörns Ragnarssonar. Páll Gunnar Loftsson var ráðinn leikstjóri og Kristín Harpa Jónsdóttir tónlistarstjóri. Frítt var á sýningar til að fagna 150 ára afmæli Ísafjarðar og þakka bæjarbúum stuðninginn sem þeir hafa sýnt klúbbum síðustu 50 ár. Sýnt var tvær helgar í lok apríl alls 7 sýningar og voru um 650 manns sem mættu á sýningar. Leikarar voru 10 en að sýningunni komu um 30 manns. Það var hátt hlutfall ungra leikara sem tóku þátt og voru að stíga sín fyrstu spor á leiksviðinu.

Snúður og snælda

Brostu í dag

Höfundur: Bjarni Ingvarsson og leikhópurinn
Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson
Þátttakendur: 12
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendur: 565

Stúdentaleikhúsið

Öskufall

Höfundur: Tryggvi Gunnarsson
Leikstjóri: Tryggvi Gunnarsson
Þátttakendur: 18
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendur: 144



Öskufall

Yfir strikið

Höfundur: Ólafur S. K. Þorvaldz
Leikstjóri: Ólafur S. K. Þorvaldz
Þátttakendur: 11
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendur: 209

Skýrsla stjórnar Stúdentaleikhússins:

Við í Stúdentaleikhúsinu áttum einstaklega ánægjulegt leikár. Þegar við Hildur Ýr, María Rós, Elísabet Inga og Halldór tókum við Stúdentaleikhúsinu vorum við með ákveðnar hugmyndir um það sem við vildum gera með leikfélagið. Við vildum setja upp leikrit eftir handriti á fyrri misseri og devised leikrit á því seinna. Einnig var það mikilvægt fyrir okkur að leikritin sem við myndum setja upp myndu hafa boðskap.



Yfir strikið

Á fyrri misseri réðum við til okkar leikstjórnann Tryggva Gunnarsson. Saman settum við upp leikritið Öskufall sem Tryggvi skrifaði og leikstýrði. Öskufall var fémínískt ævintýri byggt á sögunni um Öskubusku. Leikhópurinn okkar var óvenju stór en hann taldi 18 leikara. Halldór Sveinsson samdi tónlistina í verkinu.

Á seinna misseri réðum við til okkar leikstjórnann Ólaf S. K. Þorvaldz en með honum ákváðum við setja upp devised leikrit. Ferlið var einstaklega skemmtilegt en ásamt Ólafi þá settum við saman 11 manna leikhóp. Fyrri hluti æfingafærlisins

lagðist undir umræður. Umræðurnar leiddust út í tal um fordóma sem okkur þótti svo áhugavert að við ákváðum að búa til leikrit úr því efni. Leikritið fékk nafnið Yfir strikið og var nokkuð óvenjulegt leikrit. Mikið var um söngva og dansa og yfirþemað í leikritinu var liturinn gulur. Halldór Sveinsson samdi tónlistina í verkinu.

Við í stjórn Stúdentaleikhússins þökkum fyrir ánægjulegt leikár og hlökkum til að fylgjast með leikfélaginu vaxa og dafna í komandi framtíð.

Umf. Biskupstungna

Brúðkaup

Höfundur: Guðmundur Ólafsson

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur: 25

Sýningarfjöldi: 16

Áhorfendur: 1150

Skýrsla Leikdeildar UMF Bisk 2016:

Árið 2015 var hitt árið, þ.e.a.s. ekki hefðbundið leikár. Stjórnin hittist hins vegar fyrst 3. september og ákveðið var að fá Gunnar Björn Guðmundsson til þess að leikstýra á komandi ári. Annar fundur stjórnar ásamt Gunnari var svo 10. september og

þá lásam við saman tvö teikverk eftir Guðmund Ólafsson. Þá var blásið til samlesturs og mættu 16 manns, þannig að ákveðið var að taka leikritið Brúðkaup eftir Guðmund. Eftir þennan samlestur ákvað Gunnar í samráði við þá sem voru mættir að hittast 2 helgar í lok nóvember og lesa saman og hann myndi svo skipa í hlutverk síðasta dag seinni helgarinnar sem og hann gerði. Þá var einnig ákveðið að hefja æfingar strax á nýju ári. Ein leikferð var farin í Borgarfjörð, að sjá leikritið Barið i brestina og varð það hin besta skemmtun. Leiklistin lifi!

Íris L. Blandon formaður

Umf. Reykdæla

Óþarfa offarsi

Höfundur: Paul Slade Smith

Þýðandi: Hörður Sigurðarson

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendur: 11

Sýningarfjöldi: 8

Áhorfendur: 300

Ungmennafélag Reykdæla sýndi á leikárinu leikritið „Óþarfa offarsi“ í Logalandi í Reykholtssdal. Verkið er eftir bandaríska leikarann og leik-



Brúðkaup



Óparfa offarsi

skáldið Paul Slade Smith. Leikritið er farsí ein og nafnið bendir til og skartar hvorki fleiri né færri en átta hurðum eins og góðum farsa sæmir. Sýning Ungmennafélags Reykdæla var önnur uppfærsla á Óparfa offarsa á Íslandi. Hörður Sigurðarson íslenskaði og í hans leikstjórn var verkið sýnt hjá Leikfélagi Kópavogs í fyrra.

„Óparfa offarsi“ er sem fyrr segir, átta hurða farsí með öllu því sem prýða má góðan farsa. Lög-reglan býr sig undir að standa spilltan borgarstjóra að verki og setur upp gildru á mótelherbergi. Fljótlega kemur í ljós að lögreglumennirnir tveir eru ekki þeir allra slyngustu í starfi og nýhafið ástarsamband annars þeirra við kynsvelta endurskoðanda í næsta herbergi auðveldar ekki málin. Einnig koma við sögu hræðslugjarn yfirmaður öryggismála, illskiljanlegur leigumorðingi og gæðaleg borgarstjórafrú.

Átta leikarar skiptu með sér sjö hlutverkum. Hópurinn samanstóð af gamalreynndum leikurum

hjá félaginu og má þar nefna þá bræður Jón og Guðmund Péturssyni frá Geirshlíð í Flókadal. Báðir hafa margoft staðið á sviði og nú munu vera tæp fjörutíu ár síðan Jón lék sitt fyrsta hlutverk í Logalandi. Hjónin og paprikubændurnir Dagur Andrésón frá Deildartungu og Bára Einarsdóttir voru í hlutverkum óframfærins lögreglufulltrúa og hins kynsvelta endurskoðanda. Dagur hefur til þessa verið ljósameistari félagsins en var nú tældur upp á svið og fór þar á kostum í hlutverki sínu. Hraundís Guðmundsdóttir skógfræðingur og ilmólubóndi á Rauðsgili steig sín fyrstu skref í hlutverki borgarstjórafrúarinnar og Hafsteinn Þórisson tónlistarkennari túlkaði hinn illræmda og illskiljanlega leigumorðingja. Ása Erlingsdóttir og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir skiptust á að leika hina tregu en yndislegu Billie sem er nýútskrifuð úr lögregluskólanum. Leikstjóri var Ármann Guðmundsson og kunnum við honum bestu þakkir fyrir gott og skemmtilegt samstarf. Áhorfendur tóku sýningunni vel og bókstaflega grétu af hlátri. Virðuleg frú kom þeirri ábendingu

til félagsins að rétt væri að hafa þurrkupakka á borðum í salnum svo áhorfendur gætu strokið burtu hláturtárin. Þrátt fyrir góðar viðtökur áhorfenda á sýningum var aðsókn frekar dræm þetta árið. Við látum samt ekki deigan síga og höldum áfram að leika í Logalandi, líkt og tíðkast hefur hjá Ungmennafélagi Reykdæla síðustu hundrað og átta árin.

*Fh. leiknefndar Ungmennafélags Reykdæla
Þórvör Embla Guðmundsdóttir*

Umf. Skallagrímur

Blessað barnalán

Höfundur: Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur: 25

Sýningarfjöldi: 13

Áhorfendur: 564

Skýrsla stjórnar:

Stjórnin hefur lítið fundað þetta árið og hafa samræður aðallega farið fram í gegnum facebook. Í lok ágúst ákváðum við að fá Gunnar Björn Guðmundsson til þess að leikstýra Blessuðu barnaláni eftir Kjartan Ragnarsson. Samlestur hófst 5. nóvember og var hittst vikulega þar til í febrúar þá hófust æfingar á fullu. Frumsýnt var 10. mars síðastliðinn og lauk sýningum 8. apríl. Alls eru þetta 13 sýningar.

Leikdeildin er 100 ára á árinu og af því tilefni ákváðum við að safna saman munum, leikskrá, myndum, hljóð- og myndupptökum og koma því í varðveislu í safnahúsinu. Einnig er hafin undirbúningur að sérstakri afmælis dagskrá sem flutt verður í haust. Þau verkefni eru í höndum eldri félaga.



Blessað barnalán

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2015-16



Þjóðleikhússtjóri, Ari Matthíasson, tilkynnti um valið á hátíðakvöldverði aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga á Seyðisfirði laugardaginn 7. maí sl.:

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og þriðja sinn. Áhugasýning ársins hefur verið kærkomið tækifæri fyrir höfuðborgarbúa að upplifa þá grósku sem einkennir starf hinna fjölmörgu sjálfstæðu leikfélaga á Íslandi.

Að þessu sinni sóttu alls sextán leikfélög um að koma til greina við valið með sautján sýningar. Hlutverk dómnefndar var ekki öfundsvert því mikil fjölbreytni og hugmyndaauðgi einkenndi sýningarnar í ár. Farsar, söngleikir, spunasýningar, erlend klassík og ný íslensk leikritun eru meðal þess sem áhugaleikfélögin hafa tekið sér fyrir hendur. Dómnefndin í ár var skipuð leikurunum Tinnu Gunnlaugsdóttur, Baldri Trausta Hreinsyni og Stefáni Halli Stefánssyni auk sýninga- og handritsdramatúrg Þjóðleikhússins Símoni Erni Birgissyni.

Hér er listi yfir þær sýningar sem komu til greina við valið í ár.

Leikfélag Hafnarfjarðar: Ekkert að óttast.
Höfundur: Höfundasmiðja Leikfélags Hafnarfjarðar. Leikstjóri: Ólafur Þórðarson

Leikfélagar Norðfjarðar: Benedikt Búálfur eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson. Leikstjóri Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

Leikdeild Umf. Skallagríms: Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Leikfélag Ölfuss: Einn rjúkandi kaffibolli eftir Aðalstein Jóhannsson. Leikstjóri: F. Elli Hafliðason.

Hugleikur: Feigð. Höfundur og leikstjóri: Ármann Guðmundsson.

Leikfélagið Óríón: Kartöfludagar eftir Leikfélagið Óríón. Leikstjóri: Ingimar Bjarni Sverrisson.

Leikfélag Selfoss: Kirsuberjagarðurinn eftir Anton Tsjekhov. Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson.

Leikfélag Hörgdæla: Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney. Leikstjóri: Margrét Sverrisdóttir/Oddur Bjarni Þorkelsson.

Leikfélag Mosfellssveitar: Mæður Íslands eftir leikhópin og listræna stjórnendur. Leikstjóri: Agnes Wild.

Leikfélag Vestmannaeyja: Nei, ráðherra! eftir Ray Cooney. Leikstjóri: Stefán Benedikt Vilhelmsson.

Umf. Reykdæla: Óparfa offarsi eftir Paul Slade Smith. Leikstjóri: Ármann Guðmundsson.

Halaleikhópurinn: Sagan af Joey og Clark úr Stræti eftir Jim Cartwright. Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason.

Freyvangsleikhúsið: Saumastofan eftir Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri: Skúli Gautason.

Leikfélag Fjallabyggðar: Síldin kemur og síldin fer eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur. Leikstjóri: Guðmundur Ólafsson.

Leikdeild Umf. Grettis: Súperstar eftir Andrew

Lloyd Webber/Tim Rice. Leikstjóri: Sigurður Líndal Þórisson.

Stúdentaleikhúsið: Yfir strikið. Höfundur og leikstjóri: Ólaf S. K. Þorvaldz.

Stúdentaleikhúsið: Öskufall. Höfundur og leikstjóri: Tryggvi Gunnarsson.

Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhuga-leiksýningu leikársins 2015-2016 Ekkert að óttast, sýningu Leikfélags Hafnarfjarðar.

Umsögn dómnefndar:

Sýning Leikfélags Hafnarfjarðar er bæði dæmi um frumlega leikhúslega nálgun og vel framkvæmda útfærslu. Handritið var unnið í handritasmiðju með tíu höfundum sem fengu ákveðinn ramma til að þróa persónur og söguþráð. Verkið gerist í okkar samtíma og er kolsvartur gamanleikur um framhjáald, misskilning og kynferðislega spennu. Leikararnir eru kraftmiklir, brandararnir krassandi og vinnuaðferðin frumleg og spennandi. Verkið vinnur með farsaformið á frumlegan hátt og kitlar hláturtaugarnar. Endirinn minnir á kvikmyndir Tarantino eða John Woo. Sterkur leikur og nýstárleg vinnuaðferð skila sér í athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2015-2016.



Leiklistarhátíðin NoBa

Haldin í Thisted í Danmörku í júlí 2015



Jónheiður Ísleifsdóttir situr sveitt við leikmyndasmíði

Leikfélag Selfoss reimaði á sig þjóðlega ullarsokka og hátíðlega leiklistarleista í byrjun júlí 2015. Halda skyldi í frægðarför til nágretta okkar í Danmörku á leiklistarhátíðina NoBa í Thisted, sem er eins konar smábæjarleiklistarhátíð N-Evrópu.

11 kátir félagar héldu af landi brott snemma morguns 4. júlí eftir snarpa törn af æfingum, sýningum og tónleikum í undirbúningsskyni fyrir ævintýrið. Steikjandi sumarhitinn tók á móti okkur á Jótlandi. Eins og í öllum alvöru ævintýrum byrjaði ferðalagið á óvæntum vandræðum. Það kom í ljós að heldur var fararkosturinn í smærra lagi fyrir tæpa tylft fólks og þeim mun meiri farangur. Eftir tilraun til að fara í Tetrisleik með fólk og farangur varð niðurstaðan sú að eina sjálfrennireið vantaði uppá og var því reddað snarlega.

Hópurinn rétt náði í skottið á opnun hátíðarinnar utan þriggja sendisveina sem héldu í verslunarleiðangur í byggarvöruverslun til að kaupa eitt stykki leikmynd. Eftir að vegvísir bifreiðar-

innar, sem ákvað að vera með vinnustaðagrín og senda þá villu síns vegar, var tekin u-beygja og keyrt í spreng til næstu borgar þar sem fætinum var stungið í dyragættina í þann mund sem skella átti í lás og fóru þessir þrír skósveinar eins og stormsveipur um danskar byggingarvörur og komu færandi hendi á áfangastað skömmu síðar - eftir að hafa breytt glænýjum bílaleigubílum í vörubíl um stundarsakir.

Móttökurnar, og raunar allt viðmót aðstandenda hátíðarinnar, voru einstaklega vinalegar og umgjörðin í alla staði til fyrirmyndar og til mikillar eftirbreytni. Andrúmsloftið var afslappað og heimilislegt í heimavistarkenndri gistingunni í skólastofu og allt sem kröfuharðir æringjarnir af landinu bláa báðu um, hvort sem er í tækni eða leikmynd, var reddað í hveli.

Leikfélag Selfoss bauð upp á hina þjóðlegu sýningu „Kjánar og kynlegir kvistir“ sem samanstóð af fjórum stuttverkum sem skeytt var saman í eina sýningu. Söguefnið voru þekktar persónur í þjóðsögnum, m.a. Grýla og Jólakötturinn,

Gilitrutt, Bakkabræður og Djákninn á Myrká. Sýningin tókst í alla staði vel og fékk frábærar viðtökur með sínar skrítnu persónur, kaldhæðna húmor og þjóðlegan söng. Hópurinn var þrúspurður um atvinnumennsku sína í faginu en hafði aðeins áhugamennsku upp á að þjóða.



Hluti af íslenska hópunum með vinum okkar frá Írlandi

Sýningarnar voru flestar vandaðar og áhugaverðar þó einstaka samfélagsverkefni vektu upp ansi margar skrítnar spurningar. Ber þar sérstaklega að nefna danska útsýningu í fullkomnu setti fyrir utan stórglæsilegan herragarð með stífbónaða fornbíla og traktora úr úrvalsdeildinni í „leikarahópnum“ í bland við flotta hljómsveit og fall-ega búninga. Það sem vakti sérstaka athygli var sú aðferð leikfélagsins að leyfa öllum að velja sér sitt óskahlutverk sem var nokkuð auðséð að átti ekki alveg samleið með hæfileikum og getu leikaranna.



F. Elli Hafliðason og Sigríður Hafsteinsdóttir kynna sér sviðsgaldrá sem fagmaður kynnti fyrir hátíðargestum

Alls voru sýndar 10 sýningar frá 6 þjóðum. Mikil gleði og vinátta ríkti á hátíðinni þar sem allra þjóða kvikindi tóku saman lagið á kvöldin á ýmsum tungumálum en því er ekki að neita að íslenski hópurinn var ansi fyrirferðarmikill. Gestgjafarnir tóku því mjög svo fagnandi þegar hljómsveitin Viðriðin, sem var eins konar fjárflyunarverkefni fyrir ferðina, tók að sér að spila hátt í heila tónleika að loknum kvöldverði á lokakvöldinu.



Allur hópurinn á grösugum lendum Danaveldis

Þar endurspegladist hin djúpa og mikla vinátta sem myndast hafði með hinum skemmtilegu Írum sem tóku þátt í hátíðinni en Austin fiðlu-leikari Írnska hópsins spilaði af fingrum fram með hljómsveitinni.

Ferðin var í alla staði fróðleg, fjörug og stórskemmtileg þó við höfum kynnst öllum ströndum héraðsins í lengstu rútufurð per ferkílómetra á útivistardegi hátíðarinnar, auk þess að fá tauga-áfall yfir framandi sviðsaðstæðum við hraðæfingu gegnum allt verkið korteri fyrir sýningu á hátíðinni.

Við munum sannarlega geyma góðar minningar frá frændum okkar Dönum og bíðum spennt eftir því að heimsækja þá aftur.

F. Elli Hafliðason

Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur 3. maí 2015 að Skjaldarvík í Hörgársveit

Mættir eru: Vilborg Valgarðsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Þráinn Sigvaldason, Ólöf Þórðardóttir, Bernharð Arnarson, Gísli Björn Heimisson, Ágúst T. Magnússon, Þrúður Sigurðardóttir, Embla Guðmundsdóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir.

Fjarverandi: Ylfa Mist Helgadóttir.

Fundur settur klukkan 11:00 fh.

1. Stjórn skiptir með sér verkum:

Formaður: Guðfinna

Varaformaður: Ólöf

Ritari: Þráinn

Meðstjórnendur: Benni og Gísli

Varamenn: Ylfa, Ágúst, Þrúður, Embla og Salbjörg.

2. Fundartími næsta fundar:

Úthlutunarfundur 24. júní á skrifstofu Bandalags íslenskra leikfélaga klukkan 13:00 (hálfu ári fyrir jól).

3. Umræður:

Rætt var um aðalfund og voru stjórnarmenn hvattir til að fara vel yfir það sem kom fram í hópastarfinu og punkta niður það sem var athyglisvert og þá sérstaklega með afmælisárið í huga.

Ákveðið var að Ólöf og Þrúður taki að sér að halda utan um afmælisnefndina.

Hugmynd Harðar um flutning skrifstofu Bandalagsins reyfuð og rædd.

Rætt var um 3. lið í sérverkefnum á starfsáætlun.

Fundi slitið kl. 11.38.

Fundargerðina reit Þráinn Sigvaldason.

Stjórnarfundur miðvikudaginn 24. júní 2015 að Kleppsmýrarvegi 8 í Reykjavík.

Mætt eru: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þrúður Sigurðardóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Embla Guðmundsdóttir, Gísli Björn Heimisson og Þráinn Sigvaldason. Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdarstýra situr einnig fundinn.

Fundur settur kl. 13:00.

Dagskrá:

1. Úthlutun styrkja Mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir leikárið 2014-15

Farið var yfir innsendar umsóknir:

Borgarbörn – Mamma Gje? – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Hugleikur – Þá hló marbendill – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar frum-samdrar tónlistar.

Hugleikur – Sæmundur fróði – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar frum-samdrar tónlistar.

Hugleikur – Stóra hangikjöts- Orabauna og ... – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar frumsamdrar tónlistar.

Leikfélag Fljótsdalshéraðs – Þið munið hann Jörund – Umsókn um sérstakt frumkvæða hafnað.

Leikfélag Hafnarfjarðar – Göngum aftur í Hafnarfirði – Umsókn samþykkt vegna sérstaks frumkvæðis.

Leikfélag Hafnarfjarðar – Ubbi kóngur – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar frumfluttrar tónlistar.

Leikfélag Hofsóss – Sveitapiltsins draumur – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélag Hörgdæla – Verksmiðjukrónikkan – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélag Hörgdæla – Þöggun – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar frum-samdrar tónlistar.

Leikfélag Keflavíkur – Með ryk í auga – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélag Mosfellssveitar – Ronja ræningjadóttir – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna margra samverkandi þátta.

Leikfélag Sólheima – Blíðinnur – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar frum-samdar tónlistar.

Leikfélagið Órion – Næstum sjö – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt þar sem þetta er fyrsta sýning þeirra síðan félagið gekk í Banda-lagið.

Stúdentaleikhúsið – MIG – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Alls bárust umsóknir frá 36 félögum vegna 109 leikýninga og leikþátta, 17 námskeiða og 38 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

Niðurstaða úthlutunar er að styrkur verður 3.228 kr. pr. mín. eða 258.274 kr. fyrir leikrit 80 mín. eða lengra. Frumflutningsálag (30%) er 77.482 kr. og álag vegna sérstaks frumkvæðis (20%) verður 51.655 kr. Veitt var til 109 leikþátta og leikrita, 17 námskeiða og 38 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

2. Farið yfir starfsáætlun 2015-16 og samþykktir aðalfundar 2015.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskólans, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

– Allt gengur þokkalega á skrifstofunni. Eftir-stöðvar ríkisstyrksins komu rétt fyrir setningu Leiklistarskóla BÍL sem bjargaði því að hægt var að greiða skólann. Júní mánuður var ótrúlega lélegur í vörusölu. Að öðru leyti gengur allt sinn vanangang. Ármann hefur mætt í sjálboðavinnu í 2 daga þegar hér er komið sögu við að skrá inn

ný handrit. Hann ætlar að skrá þau öll á næstu dögum og er honum þakkað kærlega fyrir það. Nú er komin rúmlega árs reynsla á að hafa einn starfsmann og hefur það alveg gengið. Það er þó ljóst að það þarf meira fjármagn inn og þá sérstaklega til að sjá um handritin og í sumar-afleysingar.

Þjónustumiðstöðin er í rauninni á nippinu og nauðsynlegt að það komi aukið framlag frá hinu opinbera.

– Leiklistarskólinn gekk mjög vel og er sérstök ánægja með nýja rekstraraðila. Einhver afföll urðu á nemendum á síðustu stundu þannig að skólinn kemur út í örlitlum halla. Maturinn var góður.

– Komin er reynsla á nýja vefinn. Eitthvað þarf að laga hann til og þá sérstaklega þann hluta sem fellur undir handritaskráningu. Stjórn vill þakka Lénsherra fyrir óeigingjarnt starf og aðstoð við vefinn og önnur tæknileg mál. Rætt var um tillögu frá aðalfundi þar sem talað var um að taka gjald af félögum til þess að hægt sé að sækja um ríkis-styrkinn rafrænt á netinu. Beðið er eftir kost-naðarmati og nánari lýsingu á fyrirhuguðu kerfi vegna verkefnisins og í framhaldi verður sendur út póstur á félögin.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleik-félaganna og sameiginlegra verkefna.

– Ekki hefur enn fengist fundur með ráðuneytinu og gengur erfiðlega að fá fundartíma. Það er ljóst að hækka þarf framlög frá ráðuneytinu til verk-efnastyrkja leikfélaganna.

Sérverkefni:

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.

– Ákveðið að vinna það með Seyðfirðingum að halda stuttverkahátíð samhliða aðalfundi.

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

– Stjórn leggur til að sú nefnd sem skipuð var á aðalfundi komi með tillögu að afmælishátíð. Til dæmis væri hægt að samtvinna afmælið

einhvers konar örverkahátíð. Í nefndinni eru Þrúður Sigurðardóttir, Ólöf Þórðardóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalags íslenskra leikfélaga. Nefndin skili af sér fyrir 12. ágúst 2015 en þá er einmitt afmælisdagur Bandalagsins.

3. Stjórn beiti sér fyrir endurskoðun á texta höfundar- og þýðendalauna (með það fyrir augum að ná fram lækkun á gjaldi fyrir styttri verk).

– Búið er að fá þessu breytt.

3. Önnur mál.

a) Guðfinna formaður brýnir stjórnarmenn í að vera duglegir í að hafa samband við fósturfélögin sín. Hver stjórnarmaður segi eitthvað frá sínum félögum á facebook síðu stjórnar fyrir 10. september 2015.

b) Gott væri að taka saman mismunandi leiðir til þess að senda inn upptökur á leiksýningum s.s. með Youtube, Vimeo, Dropbox ofl.

c) Rætt var um siðareglur í leikfélögum.

d) Næsti fundur verður í haust.

Fundi slitið klukkan 17:52.

Fundagerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Stjórnarfundur 21. nóvember 2015 Haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 þann 21. nóvember 2015

Mættir: Gísli Björn Heimisson, Ólöf Arnbjörg Þórðardóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ágúst Torfi Magnússon, Þrúður Sigurðardóttir, Þráinn Sigvaldason og Vilborg Árný Valgarðsdóttir. Hörður Sigurðarson mætti undir lið 5 í dag-skránni.

Fundur settur kl. 11.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

– Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar. Búið er að koma langflestu í verk og hvatti formaður stjórnarmenn í að klára það sem út af stendur. Stjórnarmenn þurfa að vera búnir að hafa samband við fósturfélögin sín fyrir 15. janúar 2016.

2. Starfsáætlun 2015-16 yfirfarin

a) Rekstur þjónustumiðstöðvar.

– BÍL hefur fengið fundi með ráðuneytinu og svo ráðherra og bíðum við enn eftir niðurstöðu úr þessum fundum en miðað við frumvarp fjárlaganefndar er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til áhugaleikfélaga verði það sama og í fyrra. Ráðherra lofaði að gerður yrði samningur um rekstur skrifstofunnar.

– Góð sala var á vörum fyrir Hrekkjavöku.

b) Sérverkefni ársins.

– Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu: Skipulagning er í höndum Seyðfirðinga og er þegar búið að bóka hús fyrir hátíðina. Verið er að vinna í að finna gistingu og ætti það að liggja fyrir fljótlega. Hátíðin er hugsuð samhliða aðalfundi BÍL 6.-8. maí 2016.

3. 65 ára afmæli Bandalagsins + bréf með athugasemdum frá Örnólfi Guðmundssyni.

– Nokkur félög BÍL eru að vinna með þau þrjú verk sem valin voru til að vera afmælisverk Bandalagsins. Stjórn er sammála því að þetta sé skemmtilegt form sem hægt væri að nota aftur.

– Stjórn barst athugasemd vegna framkvæmdar við val á verkunum þremur vegna stuttverkasamkeppni samhliða 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga. Í bréfinu komu fram alvarlegar ásakningar um klíkuvinnubrögð vegna vals á leikritum og einnig við styrkúthlutanir BÍL til leikfélaga. Stjórn BÍL tekur fram í svarbréfi til viðkomandi að ásakningar þessar séu algerlega úr lausu lofti gripnar og leiðréttir misskilningur sem fram kemur vegna styrkveitinga til aðildarfélaga BÍL.

4. 20 ára afmæli Leiklistarskólans

– Vangaveltur eru um það hvort afmælið sé 2016 eða 2017. Skólinn verður settur í 20. skiptið næsta sumar. Rætt var um að gera eitthvað sérstakt samhliða setningu eða slitum á skólanum þá en afmælinu sem slíku verði haldið utan við skóla-tímann. Afmælið verði síðan haldið með pompi og prakti haustið 2016 en skólinn var formlega settur 31. maí 1997.

5. Rafrænar styrkumsóknir – Hörður Sigurðarson kynnir

– Hörður kynnti fyrir stjórn hvernig staðan væri á rafrænum umsóknum vegna styrkumsókna félaga BÍL til Bandalagsins. Hugmyndin er að félögin kaupi sér aðgang að umsóknarkerfinu. Kerfið er notað núna fyrir þá sem vilja sækja rafrænt um Athyglisverðustu áhugasýningu ársins og virkar það vel. Hörður talaði um að hann vildi fá einhver félög til þess að prufukeyra kerfið fyrir styrkumsóknir og er það þegar komið í gang. Stjórn ákvað að hvert félag borgi 10.000 krónur fyrir aðgang að kerfinu. Einn hluti af peningnum færi í að greiða fyrir vinnuna við uppsetningu á kerfinu og annar hluti fari í sérstakann vefsíðu. Gert er ráð fyrir að með tímanum verði allar umsóknir sendar inn til Bandalagsins með rafrænum hætti. Stjórn BÍL þakkar Herði kærlega fyrir óeigingjarnt frumkvöðlastarf í þágu BÍL.

6. NEATA stuttverkahátíðin í Færeyjum 2016

– Hátíðin verður 7.-8. október 2016. BÍL mun velja íslensku sýningarnar sem taka þátt í hátíðinni. Félögin mega reikna með að þurfa að greiða ferðakostnaðinn sjálf. Umsóknarfrestur félaga til BÍL er 15. mars 2016.

7. EDERED

– Litlum hópi 13-14 ára unglinga býðst að taka þátt í námskeiði í Toulouse í Frakklandi 10.-22. júlí 2018. BÍL samþykkir að taka þátt í verkefninu EDERED 2018.

8. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 1.-3. apríl 2016.
Fundi slitið klukkan 13:05.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Stjórnarfundur haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 þann 19. mars 2016

Mætt eru: Guðfinna, Bernharð, Þrúður, Gísli, Vilborg og Þráinn var á Skype. Ólöf mætti kl. 12:55.

Fundur settur klukkan 11:25.

Dagskrá:

Fundargerð síðasta stjórnarfundar

– Guðfinna fór yfir fundargerðina. Engar athugasemdar gerðar við hana.

Starfsáætlun 2015-16

– Vilborg fór yfir samskipti BÍL við ráðuneytið. Peningaupphæðin til reksturs skrifstofu er í ár 6.000.000 og hækkar um eina milljón á milli ára. Það er ekki nóg en er betra en ekki neitt. Það er ljóst að skrifstofunni verður þröngur stakkur sniðinn þetta árið.

– Leiklistarskólinn er að fara á fullt. Sérnámskeiðið er orðið fullbókað og góðar skráningar á hin námskeiðin. Stjórn BÍL beinir því til skólanefndar að leiklistarskóli BÍL verði auglýstur með dagsetningu í lok skólans hvert ár þannig að allir viti hvaða dag leiklistarskólinn verði ár hvert.

– Rætt var um Leiklistarvefinn. Það hafa verið einhverjir byrjunarörðuleikar en hann er kominn í fínt stand í dag. Rafræna skráningakerfið er aðeins farið af stað og virðist virka vel. Vonumst við til að rafrænar styrkumsóknir verði í besta lagi og leggjum við áherslu á að skrifa niður allt sem kemur upp á til þess að það verði þá lagfært jafnóðum.

– Skrifstofan hefur gert rekstrarsamning um nýja ljósritunarvél við Kjaran ehf. og lækkað með því rekstrarkostnað um hátt í 10.000 kr. á mánuði. Stjórn BÍL bíður þetta nýja vinnuafli velkomið og óskar því velfarnaðar í starfi.

– BÍL bíður enn eftir að undirrita samning við ráðuneytið.

– Stuttverkahátíð verður haldin í tengslun við aðalfund og fer skráning í gang í byrjun apríl. Skráningarupplýsingar verða sendar út í aðal-

fundarboði.

- Stjórn hvetur þá sem settu upp 65 ára afmælisleikrit BÍL að koma með þau á Seyðisfjörð.

Aðalfundur 2016 undirbúinn

- Ársreikningur 2015: Vilborg fór yfir ársreikning 2015. Það er útlit fyrir að nokkur félög séu að detta út af félagaskrá BÍL á næsta aðalfundi þar sem þau hafa ekki verið að borga árgjald.

Reikningurinn er nánast á pari við það sem var árið árið utan þess að kostnaður við nýja vefinn bætist við en það er verkefni sem stjórn ákvað að fara í. Stjórn undirritar ársreikninginginn.

- Seyðfirðingar eru á fullu að undirbúa fundinn. Kostnaðartölur eru komnar og nægt gistirými er á staðnum með gott aðgengi fyrir fatlaða.

- Vilborg fór yfir dagskrá aðalfundar. Úr aðalstjórn eiga að ganga Bernharð, Ólöf og Þráinn. Úr varastjórn eiga að ganga Ágúst og Ylfa.

- Stjórn stingur upp á að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.

- Rætt var um að leggja það til við aðalfund að hækka árgjaldið um 2.000 krónur.

Stuttverkahátíð NEATA í Færeyjum

- Hátíðin verður 7.-9. október 2016 í Færeyjum. Þrjár umsóknir hafa borist frá tveimur leikfélögum. Um er að ræða eina sýningu frá Leikfélagi Hafnarfjarðar og tvær sýningar frá Hugleik. Stjórn samþykkir að þessar þrjár sýningar fari á hátíðina.

- Samþykkt er að Guðfinna fari á vegum BÍL á sinn fyrsta NEATA fund sem haldinn verður samhliða hátíðinni og sér bandalagið um að greiða fargjaldið hennar.

Önnur mál

- Stjórnarmenn hvattir til að hafa samband við sín fósturfélög fyrir 1. apríl 2016. Fundi slitið klukkan 13:25.

Fundagerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Fundur stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í Herðubreið á Seyðisfirði þann 6. maí 2016

Mættir: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson, Bernharð Arnarson, Embla Guðmundsdóttir og Vilborg Á. Valgarðsdóttir.

Fundur settur kl. 18.00

1. Aðalfundur undirbúinn:

- Fundarstjórar verða Rúnar Gunnarsson og Snorri Emilsson.

- Ræða við Höllu Rún og Fanneyju um að verða fundarritarar. Guðfinna ætlar að tala við þær.

- Það er löglega til fundarins boðað.

- Kjörnefnd verður fullskipuð af aðalmönnum.

- Bernharð les menningarstefnu bandalagsins.

- Þráinn sér um að kynna inn ný félög og þau félög sem detta út úr Bandalaginu.

- Fundarstjóri ber upp fundargerð síðasta aðalfundar.

- Guðfinna mun fara með skýrslu stjórnar.

- Vilborg fer yfir reikningana.

- Guðfinna kynsir drög að starfsáætlun

- Í hópastarfi verða um 35 manns þannig að við verðum með 4 hópa. Stungið er upp á Ásu Hildi, Siggú Láru, Erni Alexanders og Stefáni H. sem hópstjórum. Ólöf tekur að sér að tala við þau.

- Stjórn mun leggja til sem sérverkefni á starfsáætlun að halda námskeiðið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu í tengslum við aðalfund 2017.

- Spurning hvort það séu komnar mótaðar hugmyndir um afmæli skólans þannig að það sé hægt að setja þær inn á starfsáætlun. Guðfinna ætlar að tala við Hrefnu um þetta.

- Engar lagabreytingar eru þetta árið.
- Stjórn verður að leggja fram tillöguna um 1.000.000 af verkefnastyrk aðildarfélaganna renni til reksturs á skrifstofunnar eins og undanfarin ár. Ólöf ætlar að leggja það fyrir fundinn.
- Anna Jórunn gefur kost á sér sem skoðunar- maður reikninga. Það á eftir að tala við Hrefnu.
- Lagt verður til að árgjald verði hækkað um 2000 kr. Gísli ætlar að leggja það fram.

2. Einþáttungahátíð

- Það eru fjögur verk skráð. Búið að raða þeim niður. Tímalengdin er ca. 40 mín.

3. Fósturfélögin

- Yfirleitt mikil ánægja með að við skyldum hringja. Þurfum að vera miklu duglegri að láta vita af okkur og setjum okkur það markmið að hringja a.m.k. tvisvar á ári. Einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Fundi slitið klukkan 19:00.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Menningarstefna

Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga



Práinn, Guðfinna, Rúnar, Snorri og Vilborg undirbúa fundarsetningu

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldinn í Félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði 7. maí 2016

Fundur settur kl. 9:01

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa

Snorri Emilsson og Rúnar Gunnarsson frá Leikfélagi Seyðisfjarðar skipaðir fundarstjórar og Halla Rún Tryggvadóttir, Leikfélagi Húsavíkur og Fanney Valsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla fundarritarar. Lögmati fundarins sannreynt.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum

Dýrleif Jónsdóttir, Hugleik, talar fyrir hönd kjörnefndar og dreifir atkvæðum til fundarmanna.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd

Bernharð Arnarson, Leikfélagi Hörgdæla, las hana fyrir fundargesti.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá

Práinn Sigvaldason, Leikfélagi Hörgdæla, kynnti að Leikklúbburinn Saga á Akureyri og Leikklúbbur Laxdæla í Búðardal hefðu sagt sig úr Bandalaginu þar sem starfsemin hefur legið niðri undanfarið ár.

Umf. Ármann, Leikfélag Ólafsvíkur og Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar verða tekin af félagaskrá vegna árgjaldaskulda.

Leikfélagið Borg í Grímsnesi og Leikfélagið Órion í Reykjavík óskuðu eftir að ganga í Bandalagið og var það samþykkt.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd

Samþykkt.

6. Skýrsla stjórnar

Guðfinna flutti skýrsluna. Sjá bls. 8.



Árný, Magnþóra, Oddfreyja og Anna Margrét klárar á fundinn

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir kynnti reikningana.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga

Elli frá Leikfélagi Selfoss nefndi varðandi skýrslu stjórnar að leikferð sem Leikfélag Selfoss fór í til Danmerkur hefði ekki ratað í skýrsluna. (Henni hefur verið bætt inn núna.)

Þórfriður frá Leikfélagi Norðfjarðar spurði hvort það hefðu verið 17 eða 18 leiksýningar sem sóttu um í Þjóleikhúsið og hún spurði einnig um árgjöldin og hvernig það virkar þegar félög eiga inni, eftir að hafa ekki sett upp sýningu. Guðfinna og Vilborg svöruðu Þórfriði.

Hverjir eru á launaskrá BÍL? Og hverjir fá dagpeninga? Fjóla frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs spurði um þetta og Vilborg svaraði og vitnaði í lög og aðalfundarsamþykktir.

Reikningar BÍL samþykktir samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær
Hrefna flutti skýrslu skólanefndar. Sjá bls. 11.
Höfður flutti skýrslu vefnefndar. Sjá bls. 13.

Elli, Leikfélagi Selfoss, ræddi vefinn, lýsti ánægju sinni með allar nýjungarnar þar.

Sigríður Hafsteinsdóttir, Leikfélag Selfoss, lýsti ánægju sinni með BÍL skólann.

Hörður Lénsherra kannaði óformlega hverjir af viðstöddum fundarmönnum væru ekki áskrifendur af Vikupósti Leiklistarvefsins. Og mæltist til þess að þeir sem ekki fá póstinn skrái sig á póstlistann nú þegar. Hann bað fundargesti að skoða upplýsingar á vefnum um hvernig hægt er að setja inn upptökur af leiksýningum á vefinn, í staðinn fyrir að nota DVD diska.

Kaffihlé

Eftir hlé voru þeir sem mættu eftir að fundur hófst beðnir að kynna sig.

Sigríður Lára, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, úr kjörnefnd kom í pontu hvatti fólk til að skila inn framboðum í stjórn og varastjórn til kjörnefndar.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa

Guðfinna kynnir fyrirkomulag starfshópanna. Fundargestum er skipt í 4 hópa.

Hópstjórar:

Hópur 1 — Ása Hildur Guðjónsdóttir, Hala-leikhópnum



Hópur 1

Hópur 2 — Sigríður Lára Sigurjónsdóttir,
Leikfélagi Fljótsdalshéraðs

Hópur 3 — Stefán H. Jóhannesson, Leikfélagi
Hafnarfjarðar

Hópur 4 — Örn Alexandersson, Leikfélagi
Kópavogs

Stjórn leggur eftirfarandi starfsáætlun fram til
umræðu í hópunum:

Tillaga stjórnar að starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2016-2017:

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla,
Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi-
inni.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum
sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleik-
félaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni ársins

1. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og
markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.

2. Að halda afmælishátíð í tilefni af 20 ára afmæli
Leiklistarskóla Bandalagsins vorið 2017.

Matarhlé.

Fulltrúar hópa kynna niðurstöður hópavinnu:

*Ása Hildur Guðjónsdóttir og Halla Rún Tryggva-
dóttir kynna niðurstöður hóps 1:*

Í hópnum voru: Ása Hildur Guðjónsdóttir
Halaleikhópnum, Fanney Valsdóttir Leikfélagi
Hörgdæla, Jörundur Ragnarsson Leikfélagi
Fljótsdalshéraðs, Anna María Hjálmarsdóttir
Freyvangsleikhúsinu, Halla Rún Tryggvadóttir
Leikfélagi Húsavíkur, Stefanía Björk Björnsdóttir
Halaleikhópnum, Sigríður Hafsteinsdóttir Leik-
félagi Selfoss, Jóhanna Fanney Hjálmarsdóttir
Leikfélagi Norðfjarðar og Anna Margrét Pálsdóttir
Leikfélagi Kópavogs.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla,
Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi-
inni.

Handrit, spurning um að endurvekja Lestrar-
hestana þar sem það vantar mikið af upplýsingum
inn á Leiklistarvefinn um leikritin. Við getum
verið dugleg að senda inn upplýsingar um verk
sem við erum að vinna með og þannig bætist
smátt og smátt við upplýsingarnar.



Hópur 2

Leiklistarskólinn er dásemd. Spurning um að fá námskeið í hári og förðun og ljósum og tækni. Hugsanlega geta nágrannafélög tekið sig saman og haft slík námskeið, fengið skólástýrur til að aðstoða sig í að skipuleggja og finna kennara. Eða að hafa „baktjaldanámskeið“ þar sem kennt yrði allt fyrir utan að leika og leikstýra. Þá væri hægt að sækja um styrki í menningarsjóði á svæðunum til að halda svoleiðis námskeið.

Stærsta lán BÍL er Vilborg, hrós ... hrós ... hrós til hennar.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhuga-leikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

JÁ!

Lista upp sjóði í hverjum fjórðungi svo auðveldara verði fyrir félögin að sækja um styrki eða fá að vita hvar hægt er að sækja um styrki.

Senda ráðamönnum tölvupósta eins og hefur verið gert. Ekki að gera það of oft en annað slagið. Og nýta það ef menn þekkja einhverja ráðamenn og reyna að ota sínum tota þar.

Mæta á kosningaskrifstofur og minna á BÍL, í haust eða vor, þegar verður kosið. Senda leikskrár á bæjarskrifstofur.

Sérverkefni

Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.

Já takk. Markaðssetningin er mikilvæg. Fjölmiðlafulltrúi; hvernig gerir maður sýningar sýnilegar án mikils kostnaðar?

Að halda afmælishátíð, BÍL skólinn er að verða 20 ára.

Já, já, já, ekki spurning. Gera eitthvað í anda lokadagsins í skólanum. Hafa afmælishátíðina í ágúst, í tengslum við skóla-rejúníon helgina. Skipa nefnd fyrir afmælishátíð skólans. Að gera eitthvað í öllum félögum víðsvegar um landið.

Athuga með að fá fjölmiðla til að gera heimildamynd eða þátt um skólann, fá t.d. Gísla Einars með í skólann í vor til að taka upp og gera svo smá þátt um skólann eða innslag í Landann. Eða fá N4 til að taka þátt í þessu.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir kynnir niðurstöður hóps 2:

Hópstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Leikfélagi Fljótshéraðs



Hópur 3

Meðlimir hóps: Magnþóra Kristjánsdóttir Leikfélagi Ölfuss, Rúnar Gunnarsson Leikfélagi Seyðisfjarðar, Margrét Guttormsdóttir Halaleikhópnum, Ágúst T. Magnússon Leikfélagi Seyðisfjarðar, Bára Einarsdóttir Umf. Reykdæla, Lilja Jóna Halldórsdóttir Leikfélagi Selfoss og Gerður Halldóra Sigurðardóttir Leikfélagi Selfoss.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefs og annarra fastra liða í starfseminni.

Auglýsa og kynna starfsemi þjónustumiðstöðvar, vefverslunar og handritasafns á landsvísu. Kynna vefverslunina sérstaklega í skólum, leikskólum og sambærilegu. Fara í kynningarátak. Fá t.d. fyrirtæki sem heitir Eltu mig til þess að sjá um kynningu á netinu. Gera heimildamynd um áhugaleikfélögin í landinu, starfsemi Bandalagsins og Leiklistarskólans. Jafnvel til efni hjá sjónvarpsstöðvunum og leikfélögunum sem hægt væri að nýta. Nota vefinn til þess að sýna klippur frá uppsetningum félaganna, æfingum og þess háttar.

Almenn ánægja með skólann. Hefur skilað sér vel inn í leikfélögin og orðið til þess að margir mennta sig frekar í leiklist. Mikilvægt fjöregg fyrir starfsemi áhugaleikfélanna. Reynslan hefur sýnt víða að þegar fólk hefur farið í skólann hefur það

smitað út frá sér innan félaganna og aukið áhuga og nýliðun. Rætt um pláss sem losna á síðustu stundu og mikilvægi þess að þau fyllist. Halda tækninámskeið og förðunarnámskeið. Jafnvel að hafa förðunarnámskeið í skólanum í júní, t.d. tvo síðustu dagana og tengja við lokadaginn.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Kanna hvort hægt sé að leita eftir styrkjum til að niðurgreiða skólann. Notfæra okkur komandi kosningar til að þrýsta á ráðamenn varðandi hækkuð framlög frá ríkinu. Ágúst og Rúnar stinga upp á því að Bandalagið bjóði fram Leiklistann á landsvísu í kosningunum í haust þó ekki væri nema til þess að vekja á okkur athygli.

Sérverkefni ársins

1. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.

Já. Mikilvægt að stjórnir leikfélaga séu vel að sér í þessum málum. Margt nýtt komið fram sem vert er að kynna sér. Gott væri til dæmis að ræða á námskeiðinu hvernig samskiptum við sveitarfélög er háttað varðandi styrki, húsnæðismál og þess háttar. Einnig þarf að kynna vel öll praktísk atriði



Hópur 4

varðandi rekstur leikfélanna, hvert er hlutverk hvers og eins.

2. Að halda afmælishátíð í tilefni af 20 ára afmæli Leiklistarskóla Bandalagsins vorið 2017.

Að setja upp vefleikrit þar sem leikrit eru sett upp út um allt land og sýnd á netinu. Kjörið tækifæri til þess að kynna Bandalagið og skólann. Fá kannski bara styrk hjá Google gegn því að nota þeirra græjur til að framkvæma verkefnið.

Halda partí.

Stefán H. Jóhannesson kynnir niðurstöður hóps 3:

Hópstjóri: Stefán H. Jóhannesson Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Aðrir í hóp: Aðalsteinn Hreinsson Leikfélagi Hörgdæla, Árný Leifsdóttir Leikfélagi Ölfuss, Brynhildur Sveinsdóttir Leikfélagi Mosfellssveitar, Snorri Emilsson Leikfélagi Seyðisfjarðar, Guðrún Ásgeirsdóttir Leikfélagi Norðfjarðar, Eva Kjerúlf Leikfélagi Fljótaldshéraðs og Tristan Theodórs-son Leikfélagi Norðfjarðar.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefs og annarra fastra liða í starfseminni.

Almenn ánægja með þjónustumiðstöðina. Ver-slunin mikið notuð, mætti auka kynningu á henni út fyrir leikfélögin t.d. á facebook. Búðin heitir víst Leikhúsbúðin, spurning um að kynna nafnið betur og gera Facebook síðu fyrir hana. Leiklistavefurinn er orðinn mjög flottur og mikið aðgengilegri en hann var.

Við elskum skólann!

Hvetja félögin til að senda fólk í skólann og styrkja, það skilar sér inn í starf leikfélaganna og getur jafnvel haldið kostnaði félaga niðri, t.d. í leikstjórn. Spurning um námskeið utan skólatíma s.s. förðunar- og búninganámskeið. Er hlekkur á landsnetið á leiklist.is?

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opin-berum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Við styðjum stjórn og framkvæmdastjóra til að leggja áherslu á að ná samningi við ríkið til lengri tíma. Leita til álrísanna um styrki til reksturs BÍL. Athuga með stóru fyrirtækin sem starfa á lands-vísu.

Sérverkefni

1. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikféлага og markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.



Fundarstjórar

Já, spurning hvort þurfi aukadag undir það eða hvort það náist innan hefðbundinnar þinghelgar.

2. Að halda afmælishátíð í tilefni af 20 ára afmæli Leiklistarskóla Bandalagsins vor 2017.

Afmælishátíð – virkja gamla nemendur til að gera eitthvað skemmtilegt. Ríjúníonhelgin stækkuð? Karnival. Leikgleðiganga, óviss staðsetning. Vor.

Örn Alexandersson kynnrir niðurstöður hóps 4:

Hópstjóri: Örn Alexandersson, Leikfélagi Kópavogs

Aðrir í hóp: Fjóla Egedia Sverrisdóttir Leikfélagi Fljótaldalshéraðs, Berglind Ósk Ingólfssdóttir Leikfélagi Húsavíkur, Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir Leikfélagi Hörgdæla, Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir Leikfélagi Norðfjarðar, Brynjar Örn Rúnarsson Leikfélagi Norðfjarðar, F. Elli Hafliðason Leikfélagi Selfoss og Oddfreyja Oddfreysdóttir Leikfélagi Ölfuss.

1. Gott starf skrifstofu. Hrósa vef. Átak í að auglýsa vefverslun s.s. fyrir öskudag, bæjarhátíðir, 17. júní. T.d. í gegnum facebook (ódýr lausn). Samhliða auglýsa handritasafn BÍL.
2. Sækja um styrki vegna afmælishátíðar BÍL skóla t.d. vegna gerðar kynningarefnis fyrir skólann.

Sérverkefni:

1. Umfjöllunarefni námskeiðs t.d. fundarskóp, hlutverk stjórnar og starfa í leikhúsi, fjárhagsáætlanir, kynna markaðssetningu á vef og útfylling styrkumsókna.

2. A) Kynna skólann í framhaldsskólum. Fara í framhaldsskóla og kynna skólann af þeim sem hafa verið í honum. Gera kynningarbækling. T.d. gera trailer um veru í skólanum.

B) Hátíðin sjálf. Skipa nefnd. Lagt til að hafa hátíðina í maí eða ágúst.

Annað:

Hafa förðunarnámskeið samhliða BÍL þingi. Endurvekja Lestrarhesta. Hafa skil frá þeim á vef (komið), Bandalagsskrifstofan minni þá á sem eru að fá handrit til yfirlestrar að fylla út útdrátt úr leikritum sem þeir lesa og skila inn til Bandalagsins eða beint á vef. (Eyðublað til á skrifstofu BÍL).

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. einum aðila í hvert sæti sem kjósa skal í

Gerður H. Sigurðardóttir Leikfélagi Selfoss, lætur vita að allt sé óbreytt, þrír sem eiga að ganga úr



Sigga Lára, Fjóla og Jörundur frá Leikfélagi Fljótsdalshéraðs

aðalstjórn en gefa allir kost á sér áfram og tveir eiga að ganga úr varastjórn, þar gefur Ágúst T. Magnússon, Leikfélagi Seyðisfjarðar áfram kost á sér en Ylfa Mist Helgadóttir, Leikfélagi Bolungarvíkur, ekki. Framboð hafa komið frá Sigríði Hafsteinsdóttur og Snorra Emilssyni Leikfélagi Seyðisfjarðar.

12. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundi.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn

Fram er lögð tillaga frá stjórn:

*Tillaga lögð fyrir aðalfund BÍL 2016
Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að 1 m. kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til rekstrar þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.*

*Fh. stjórnar,
Ólöf Þórðardóttir.*

Bernharð tekur undir orð Ólafar, segir þetta gert af illri nauðsyn, stjórn gerir ráð fyrir að þetta dugi til að hada starfinu áfram til áramóta og leggur til að tillagan verði samþykkt. Fleiri tjá sig ekki um málið.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Vilborg áréttar að starfsáætlun, eins og hún fór til hópa, er tillaga stjórnar. Þannig að ef hópar eru með breytingatillögur eða viðbætur við starfsáætlun þá þarf að leggja þær fram skriflega.

Hrefna kveður sér hljóðs og þakkar öll falleg ummæli um skólann en vill taka fram varðandi aðgengi fatlaðra í skólanum að leitað hafi verið logandi ljósi að stað fyrir skólann þar sem þarfir sem flestra eru hafðar að leiðarljósi og þrátt fyrir að aðgengi sé ekki fullkomið á Húnavöllum þá sé þetta eiginlega eini staðurinn sem stendur til boða bæðir hvað varðar verð og aðgengi. Varðandi kynningarmál segir hún að skólinn sé á þeim stað að námskeiðin fyllist yfirleitt alltaf og því spurning hversu mikið kynningarátak þarf fyrir skólann sem slíkan. En samt sem áður væri gaman að fá kynningu á því góða starfi sem unnið er í skólanum í tengslum við almenna kynningu á Bandalaginu.

Sigríði Hafsteinsdóttur langar til að kanna hvort afmælishátíð skólans gæti ekki verið í tengslum við árlegt reunion skólans. Dilla bendir á að það sé Leikfélagið Sýnir sem hefur staðið fyrir reunion en ekki skólinn. Hrefna talar um að skólinn



Halla Rún og Bára bera saman þekur sínar

hafi fyrst starfað sumarið 1997 og því er árið 2017 afmælisárið þó að skólinn sé settur í 20. skipti sumarið 2016.

Elli vill áréttta, varðandi tímasetningu, að mars er frekar óhentugur tími þar sem mörg félög eru að sýna þá og eins varðandi gistimöguleika, á veturna er ekki hægt að gista í tjaldi.

Hrefna svarar því til að hugmyndin hafi verið að hafa þetta á milli þess að skólinn sé settur í 20. og 21. skipti og því var mars til umræðu en þetta er ekki fastneglt og maí kemur vel til greina.

Embla spyr um staðsetningu á afmælishátíð, hvort því hafi eitthvað verið velt upp. Og segir jafnframt að það sé nauðsynlegt að taka ákvörðun fljótlega hvað á að gera og ákveða dagsetningu upp á að senda inn styrkumsóknir sem oft þarf að senda um áramót og þá þarf að vera búíð að negla þessa hluti niður. Leggur jafnframt til að eitthvað svipað verði gert varðandi kynningu á skólanum eins og hestamenn hafa verið að gera með vikulegum þáttum í sjónvarpinu.

Vilborg bendir á að í tillögu stjórnar að starfsáætlun sé gert ráð fyrir að haldið verði námskeið í tengslum við aðalfund 2017, þannig að það sé kannski ekki raunhæft að ætla að halda afmælishátíð skólans líka í tengslum við aðalfund.

Og hún veltir því líka upp hvort afmælishátíð skólans höfði ekki aðallega til nemenda skólans og annarra þeirra sem hafi látið hann sig einhverju skipta í gegnum árin.

Guðfinna segir að það sé vart framkvæmanlegt að halda afmælið í tengslum við aðalfund.

Örn Alexandersson leggur til að afmælishátíð verði haldin í Svarfaðardal þar sem skólinn var starfræktur fyrstu árin.

Margrét Guttormsdóttir, Halaleikhópnum, talar um netleikrit til að fagna afmælinu, nota mætti netið til að leika saman um allt land.

Hrefna velti fyrir sér hvort það yrði gaman að setja saman netleikrit fyrir 70 ára afmæli Bandalagsins árið 2020 þar sem unnin yrði sýning með bótum úr öllum leikritum sem væru í gangi hjá aðildarfélögunum.

Sigríður Hafsteinsdóttir áleit að kannski væri sniðugra að hafa samband við N4 eða Landann um að gera veglegan þátt um starfsemi Bandalagsins í tilefni 70 ára afmælisins og þá væri kynning á skólanum þar inni.

Eftirfarandi starfsáætlun lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða:



Brynhildur, Ólöf og Stefanía Björk gláðar og kátar

Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2015-2016

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni ársins

1. Að haldið verði námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu samhliða aðalfundi 2017.

2. Að halda afmælishátíð í tilefni af 20 ára afmæli Leiklistarskóla Bandalagsins vorið 2017.

15. Stjórnarkjör

Dýrleif kynnrir hverjir eru í framboði: Úr aðalstjórn eiga að ganga Bernharð Arnarson, Ólöf Þórðardóttir og Práinn Sigvaldason. Ólöf var kosin í fyrra til eins árs. Gefa þau öll kost á sér áfram, engin önnur framboð hafa borist. Úr varastjórn eiga að ganga Ágúst T. Magnússon og Ylfa Mist Helgadóttir. Ágúst var kosinn í fyrra til eins árs. Ylfa gefur ekki kost á sér áfram en Ágúst gefur kost á sér.

Í framboði til setu í varastjórn eru þá Ágúst, Snorri Emilsson og Sigríður Hafsteinsdóttir. Frambjóðendur kynntu sig.

Bernharð Arnarson, Ólöf Þórðardóttir og Práinn Sigvaldason voru sjálfkjörin í aðalstjórn þar sem engin mótframboð bárust. Samþykkt með lófataki.

Kosningar til varastjórnar fóru svohljóðandi:
Sigríður 13 atkvæði
Ágúst 14 atkvæði
Snorri 3 atkvæði

Sigríður og Ágúst eru því réttkjörin til setu í varastjórn Bandalagsins næstu tvö árin.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs

Dýrleif Jónsdóttir, Gerður H. Sigurðardóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir bjóða sig fram áfram sem aðalmenn í kjörstjórn. Örn Alexandersson býður sig fram sem varamaður.

Samþykkt samhljóða.

Núverandi skoðunarmenn reikninga eru þær Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis,

Hrefna Friðriksdóttir og til vara Júlía Hannam, Hugleik.

Þær gefa allar kost á sér aftur.

Samþykkt samhljóða.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Gísli Björn Heimisson kynnti tillögu stjórnar að árgjald til Bandalagsins fyrir leikárið 2016-2017:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2016-2017 verði kr. 67.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 100.500 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 134.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gjald eða kr. 33.500.

Stjórn leggur til að árgjaldið hækki reglulega um lágur upphæðir í stað þess að hækka árgjaldið sjaldnar og þá um hærri upphæðir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

18. Önnur mál

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir sagði frá fjölþjóðlegri rannsókn á áhugaleikhúsi sem er að fara í gang. Stofnfundur um hana verður í sumar á ráðstefnu IFTR (International Federation for Theatre Research) í Stokkhólmi. Einnig hefur fengist vilyrði frá Háskóla Íslands um að árleg ráðstefna IFTR verði haldin í Reykjavík árið 2020, sama ár og BÍL verður 70 ára. Möguleiki væri að tengja málstofu á henni Bandalaginu.

Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, Leikfélagi Norðfjarðar, sagði frá hópi fólks sem verður með vikulangt námskeið í ágúst í sumar í tengslum við leiklist og fleiri listgreinar. Líklega að mestu leyti á Norðfirði en gæti verið á fleiri stöðum á Austurlandi.

Hörður Sigurðarson sýndi Leiklistarvefinn á skjávarpa og ræddi nokkra hluti varðandi vefinn og nýja umsóknarkerfið sem þar er að finna.

Guðfinna Gunnarsdóttir bauð nýja stjórn velkomna til starfa og þakkaði Ylfu Mist Helgadóttur sem gekk úr varastjórn, fyrir hennar störf. Sigríður Hafsteinsdóttir þakkaði fyrir kosninguna í varastjórn.

Elli Hafliðason sagði frá því að Leikfélag Selfoss hefði notað það „að boosta“ á Facebook sem kynningartæki fyrir leiksýningu LS og hefði það gengið mjög vel og mætti hann með slíkri aðferð.

Guðfinna Gunnarsdóttir þakkaði Herði léns-herra mikið og vel fyrir nýja umsóknarkerfið á Leiklistarvefnum og hans störf við Leiklistarvefinn yfirleitt og bað fundargesti að rísa úr sætum og klappa fyrir honum í þakklætisskyni.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund

Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss og Magnþóra Kristjánsdóttir, Leikfélagi Ölfuss buðust, fyrir hönd félaga sinna, til að halda næsta aðalfund.

Guðfinna Gunnarsdóttir þakkaði fundarstjórum og fundarriturum fyrir þeirra vinnu. Eins þakkaði hún félögum í Leikfélagi Seyðisfjarðar móttökurnar og fyrir að halda vel utan um fundargesti. Hún sleit fundi upp úr klukkan 15:30.

Fundinn rituðu Fanney Valsdóttir og Halla Rún Tryggvadóttir.



Elli og Magnþóra

Svipmyndir frá aðalfundi á Seyðisfirði 7. maí 2016





Stuttverkahátíð á Seyðisfirði 6. maí 2016



www.halaleikho

Halaleikhópurinn

Skinnið - þáttur úr Stræti
 Höfundur Jim Cartwright
 Þýðandi Árni Ibsen
 Leikstjóri Guðjón Sigvaldason
 Aðstoðarleikstjóri Ása Hildur Guðjónsdóttir
 Hljóðmaður Stefanía Björk Björnsdóttir
 Skinnið – leikari Snorri Emilsson



Molly - þáttur úr Stræti
 Höfundur Jim Cartwright
 Þýðandi Árni Ibsen
 Leikstjóri Guðjón Sigvaldason
 Aðstoðarleikstjóri Ása Hildur Guðjónsdóttir
 Hljóðmaður Stefanía Björk Björnsdóttir
 Molly – leikari Margret Guttormsdóttir



Leikfélag Hörgdæla

Sek
 Höfundur Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir
 Leikstjóri Margrét Sverrisdóttir
 Vilborg – leikari Fanney Valsdóttir



Leikfélag Seyðisfjarðar

Tafl

Höfundur Ágúst T. Magnússon

Leikstjóri Rúnar Gunnarsson

Leikarar Örn Kjartansson og Arna Magnúsdóttir



Gísli Björn Heimisson stjórnaði spuna í lokin



Ársreikningur 2015



Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2015

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík
Kt.: 440169-0239

Bandalag íslenskra leikfélaga**ÁRSREIKNINGUR**

2015**Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2015 með áritun sinni

Reykjavík, 19. mars 2016

Stjórn: *Gudfima Guðmundsdóttir*
Bernhardur Arnarson
Guð. Br. Að.
Fríður Sigurðar

Framkvæmdastjóri :

Vilborg A. Valjartsdóttir

Áritun Bókhalds og kennslu ehf

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-8

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 23. febrúar 2016

Bókhald og kennsla ehf

Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2015 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík,

15. mars 2016

Anna Jörunn Stefánsdóttir

Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2015

Rekstrartekjur	skýr	2015	2014
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarféлага		3.557.500	3.270.000
Ríkissjóðsstyrkur		4.916.000	5.084.000
Aðrir styrkir		1.500.004	1.000.000
Leiklistarskóli BÍL	1	3.903.000	3.779.000
www.leiklist.is	2	68.518	50.982
Aðrar tekjur	3	481.472	518.898
Samtals		<u>14.426.494</u>	<u>13.702.880</u>
Sala:			
Sala á farða		2.955.223	3.490.723
Sala á handritum		386.130	433.958
Sala á bókum		8.224	16.589
Samtals		<u>3.349.577</u>	<u>3.941.270</u>
Rekstrartekjur samtals		<u>17.776.071</u>	<u>17.644.150</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.728.919	2.421.383
Handrit		529.805	552.214
Birgðabreyting		175.020	-284.486
Afskrifaðar ónýtar vörur		31.771	121.473
Samtals		<u>2.465.515</u>	<u>2.810.584</u>
Laun og launat. gjöld	4	8.824.436	8.871.121
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	1.284.309	1.274.305
Húsaleiga		1.117.053	1.101.037
NEATA-leiklistarhátíðin		0	124.760
Leiklistarskóli BÍL	1	3.955.725	3.652.324
www.leiklist.is	2	395.946	25.063
Vaxtagjöld		138.790	122.931
Afskriftir fastafjármuna	6	29.090	135.028
Samtals		<u>15.745.349</u>	<u>15.306.569</u>
Rekstrargjöld samtals		<u>18.210.864</u>	<u>18.117.153</u>
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		<u><u>-434.793</u></u>	<u><u>-473.003</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	skýr	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar og húsbúnaður		60.413	89.501
Samtals		<u>60.413</u>	<u>89.501</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	2.926.011	3.132.802
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		152.466	105.505
Inneign í vsk		38.809	202.816
Handbært fé	8	282.613	271.388
Samtals		<u>3.399.899</u>	<u>3.712.511</u>
Eignir samtals		<u><u>3.460.312</u></u>	<u><u>3.802.013</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eigið fé og skuldir	skýr	31.12.2015	31.12.2014
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		861.372	1.334.375
Rekstrarhagnaður (tap)		-434.793	-473.003
Eigið fé alls		<u>426.579</u>	<u>861.372</u>
Skuldir			
Bankareikningslán		1.945.898	1.866.349
Ýmsir lánaðrotnar		543.925	740.725
Ógreiddur virðisaukaskattur		0	84.970
Ógreidd laun og launatengd gjöld		543.910	248.596
Samtals		<u>3.033.733</u>	<u>2.940.640</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>3.460.312</u></u>	<u><u>3.802.012</u></u>

Sundurliðanir

	2015	2014
1. Leiklistarskóli BÍL		
Tekjur		
Húnavallaskóli - Þátttökugjöld nemenda	3.903.000	3.779.000
Samtals	3.903.000	3.779.000
Gjöld		
Húnavallaskóli	3.955.725	3.652.324
Samtals	3.955.725	3.652.324
2. www.leiklist.is		
Tekjur		
Auglýsingar	15.518	14.982
Skráningargjöld	53.000	36.000
Samtals	68.518	50.982
Gjöld		
Dropbox vefafritun	13.650	12.740
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	41.472	12.323
Viðhald og endurbætur	340.824	0
Samtals	395.946	25.063
3. Aðrar tekjur		
Vaxtatekjur - fjárskattur	10.370	33.070
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	414.969	485.828
Ýmsar tekjur	56.133	0
Samtals	481.472	518.898
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsfólks	6.002.639	6.069.109
Lífeyrissjóðsgjöld	600.264	606.919
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	108.516	95.881
Tryggingagjald	494.557	506.712
Dagpeningar	1.618.460	1.592.500
Samtals	8.824.436	8.871.121
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Ræsting	85.000	82.500
Viðhald húsnæðis	3.079	0
Vátryggingar	93.234	104.269
Burðargjöld	9.685	15.030
Símakostnaður	198.651	207.540
Ritföng	12.365	10.717
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	109.371	112.687
Rekstur tölvukerfis	10.970	0
Kaffi og hreinlætisvörur	10.718	6.733
Framhald á næstu síðu	533.073	539.476

Sundurliðanir, framhald

	2015	2014	
5. Ýmiss rekstrarkostnaður			
Flutt af fyrri síðu	533.073	539.476	
Stjórnarfundir	102.746	66.305	
Aðalfundur BÍL	1.147.164	922.290	
Innheimtur kostn. vegna aðalfund	-1.022.600	-724.500	
Kostnaður vegna nefnda	14.461	8.923	
Félagsgjald IATA	94.763	0	
Félagsgjald Leiklistarsambands Ísl	0	20.000	
Securitas, vöktun	179.250	188.436	
Hugbúnaðarleiga, netbókhalid.is	91.531	92.059	
Ársuppgjör og bókhaldsþjónusta	106.020	112.008	
Áskrift og bókakaup	8.064	7.490	
Gjafir	7.599	7.901	
Útgáfa ársrits	0	20.000	
Annar kostnaður	21.000	12.440	
Fjármagnstekjuskattur	1.238	1.477	
Samtals	1.284.309	1.274.305	
6. Varanlegir rekstrarfjármunir			
	Innréttingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Bókfært virði 01.01	89.501	0	89.501
Afskrifað á árinu	29.090	0	29.090
Bókfært virði 31.12	60.411	0	60.411
7. Birgðir			
Birgðir greinast þannig :			
Saga BÍL, bókabirgðir	288.007		276.585
Farði	2.638.004		2.856.217
	2.926.011		3.132.802
8. Handbært fé			
Húsaleigutrygging 0301-13-304003	273.115		268.163
Sjóður - peningakassi	9.498		3.225
	282.613		271.388

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Aþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldtagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
- 16.a Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum Bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé

Því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í Ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012

